

**SKOÐUN** Teitur Guðmundsson læknir skrifar um hégóma, hrörnun og hamingju. 17



**MENNING** Fyrrverandi ráðherra, Guðni Ágústsson, safnar sögum af sjálfum sér í sagnabálk. 34



**SPORT** Ágúst Þór Jóhannsson landsliðsþjálfari hefur þegar sett stefnuna á Evrópumeistaramótið 2014. 30







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
**11. júní 2013**
135. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Nafna-app slær í gegn

Yfir tvö þúsund manns hafa sótt sér nýtt app fyrir íslensk mannanöfn. Nýbakaðir foreldrar áttu hugmyndina. 2

**Hvalaskoðun** Samtök ferðaþjónustunnar vilja stækkun hvalaskoðunarsvæðis í Faxaflóa. 4

**Nýjung í Kauphöllinni** Sex nýjar skuldabréfavísitölur verða kynntar í Kauphöllinni í dag. 8

**Færri félagslegar íbúðir** Það væru mistök að byggja jafn margar samliggjandi félagslegar íbúðir í dag og gert var í Breiðholti á sínum tíma segir Óskar D. Ólafsson, hverfisstjóri Breiðholts. 12




16

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 13° | NA | 5 |
| Akureyri | 18° | SSA | 4 |
| Egilsstaðir | 17° | SA | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 12° | A | 6 |
| Reykjavík | 16° | A | 10 |

**Bjart norðan og austan til** en rigning með köflum sunnan- og suðvestanlands. Strekkingur með S-strönd en annars hægari. Hiti 10 til 20 stig. 4

**3 SÉRBLÖÐ**

Bílar | Hestar | Fólk




# Hundruð milljóna þarf til að bæta tap

Orkuveitan þarf að kaupa orku af Landsvirkjun vegna skertra afkasta í Hellisheiðarvirkjun. Stjórnarformaður segir að staðið verði við gerða samninga við Norðurál og hagsmunir almennings varðir. Iðnaðarráðherra vill áherslu á vatnsaflsvirkjanir.

**ORKUMÁL** Hugsanlegt tekjutap Orkuveitu Reykjavíkur vegna sex megavatta minni afkastagetu Hellisheiðarvirkjunar er tæplega fjórtán milljónir króna á mánuði ef ekki er gripið til aðgerða. Það eru tæplega 163 milljónir á ársgrundvelli en sú upphæð tvöfaldast á hverju ári án aðgerða.

Þetta kemur til vegna nauðsynlegra kaupa Orkuveitunnar á orku frá Landsvirkjun til að vega upp framleiðslutapið og uppfylla samninga um orkuafhendingu. Orkuveitan vill leggja gufulögn frá Hverahlíð til að bæta upp tapið, eins og Fréttablaðið greindi frá í gær.

Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður Orkuveitunnar, segir rekstur og orkuöflun fyrir

> **Það á eftir að koma ljós hvort sú staða sem uppi er núna hafi varanleg áhrif á tekjumyndun virkjunarinnar**
>
> *Haraldur Flosi Tryggvason stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur*

jarðgufuvirkjanir vera flókið langtímaverkefni. „Það á eftir að koma í ljós hvort sú staða sem uppi er núna hafi varanleg áhrif á tekjumyndun virkjunarinnar.“

Spurður um skuldbindingar Orkuveitunnar vegna virkjunarinnar segir Haraldur að enn sem komið er sé ekkert uppi á borðinu sem kippi stoðunum undan rekstri virkjana á Hellisheiði. Hann segir að gagnvart Norðuráli verði staðið við gerða samninga.

Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra sagði í fréttum Stöðvar 2 að það væri vitað að gefa ætti nýtingu jarðvarma góðan tíma, og því væri besta nýtingin að blanda saman vatnsafls- og jarðvarmavirkjunum. Þess vegna teldi hún ríkisstjórnina á réttri leið í endurskoðun rammaáætlunar með það í huga að færa „ákjósanlega vatnsaflsvirkjunarkosti í nýtingarflokk“.

Fulltrúar Vinstri grænna í umhverfis- og samgöngunefnd og atvinnuveganefnd hafa óskað eftir sameiginlegum fundi nefndanna vegna frétta af vanda virkjunarinnar.

- shá / sjá síðu 6



**Á SJÓ** Það viðraði vel til sjóferða hjá krökkunum sem sóttu siglinganámskeið hjá siglingaklúbbnum Nökkva á Akureyri í gær. Á námskeiðinu eru kennd undirstöðuatriði fyrir siglingu seglbáta, kajaka, kanóa og árabáta. Rúmlega 200 krakkar sækja námskeiðið á hverju sumri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**KÁRI STEFÁNSSON** Segir synjun um leyfi óskiljanlega.

Íslensk erfðagreining:

## Áætlaði arfgerð óvitandi fólks

**RANNSÓKNIR** Íslensk erfðagreining áætlaði arfgerðir 280 þúsund einstaklinga án þess að afla nauðsynlegs samþykkis segir Persónuvernd og leggur fyrir ÍE að koma því í lag.

Kári Stefánsson, forstjóri ÍE, segir ekki um það að ræða að arfgerðir umræddra 280 þúsund einstaklinga hafi verið greindar. Til þess þurfi lífsýni. „Vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar hafa hins vegar getið sér til um arfgerðir mikils fjölda einstaklinga án þess að fyrir liggi upplýst samþykki enda eru ágiskanir um fólk ekki persónuupplýsingar,“ segir Kári sem kveður úrskurð Persónuverndar „með öllu óskiljanlegan“.

- gar / sjá síðu 10

Vekur athygli í Hollywood:

## Hilton hrifin af Grétu Karen

**MENNING** Lag Grétu Karenar Grétarsdóttur, Nothing, vakti á dögunum athygli stjörnubloggarans Perez Hilton, sem birti upptöku af laginu á hinni vinsælu síðu sinni, Perezhilton.com. Þar líkir hann Grétu Karen við söngkonuna heimsfrægu Taylor Swift og hrósar laginu sjálfu í hástert.

„Ég held að hann sé bara að líkja mér við Taylor Swift út af öllum þessum ástarlögum sem hún hefur samið,“ segir Gréta Karen. Lagið samdi hún ásamt Daniel Capellaro og nú hafa um 114 þúsund manns skoðað myndbandið á Youtube.

Gréta Karen hefur verið búsett í Los Angeles í rúmlega fjögur ár þar sem hún hefur stundað tónlistarnám við Musicians Institute.

- mmm / sjá síðu 34






Ríkisstjórnarflokkarnir leggja fram aðgerðaáætlun vegna stöðu heimilanna:

# Skuldaleiðréttingar og lyklalög

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra vill að Alþingi feli ríkisstjórninni að framkvæma aðgerðaáætlun í tíu liðum „sem varða nauðsynlegar aðgerðir vegna stöðu heimilanna“, eins og Sigmundur sagði í fyrstu stefnuræðu sinni sem forsætisráðherra.

„Í aðgerðaáætluninni verður fjallað um undirbúning almennrar skuldaleiðréttingar, höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána, möguleikann á stofnun sérstaks leiðréttingarsjóðs ef önnur fjármögnun gengur of hægt og setningu svokallaðra lyklalaga,“ sagði Sigmundur á Alþingi í gærkvöldi.



**SIGMUNDUR D. GUNNLAUGSSON**

Með lyklalögum vísar forsætisráðherra til lagasetningar sem gera mun íbúðareigendum kleift að skila einfaldlega lyklunum að yfirveðsettum heimilum sínum.

Meðal annarra skrefa er að kanna möguleika á að sekta fjármálafyrirtæki vegna tafa á endurútreikningi lána. Leggja á fram tillögur og frumvörp samkvæmt aðgerðaáætluninni í haust.

- gar / sjá síðu 4


**Græddu á gulli**

**Í Kringlunni alla daga frá kl. 11-18**
**Nánar á bls. 27**

**www.kaupumgull.is - Upplýsingar og tímapantanir:** Sverrir s. 661-7000



## SPURNING DAGSINS



Gísli, á ekki að hjóla í Breiðholt?

**„Jú, enda er Breiðholtið í góðum gír, nú sem endranær.“**

Gísli Marteinn Baldursson segir Breiðholtið munu breytast mikið á næstu árum og spáir því að ungir „trendsetterar“ flytji í Breiðholt vegna hás fasteignaverðs vestar í borginni.

Fjórir Íslendingar róa yfir Atlantshafið frá Noregi til Íslands á næstu vikum:

# Ætla að komast í heimsmetabók Guinness

**FÓLK** Róðrarkapparnir Einar Örn Sigurdórsson, Eyþór Eðvarðsson, Kjartan Jakob Hauksson og Svanur Wilcox lögðu af stað á sérútbúnum róðrarbáti yfir Atlantshafið frá Noregi til Íslands í gærmorgun. Þetta hefur aldrei verið gert áður og ef þeim tekst ætlunarverkið verður afrek þeirra skráð í heimsmetabók Guinness.

„Þeir voru frekar þreyttir klukkan sex þegar þeir lögðu af stað en mjög sprækir að öðru leyti og bara tilbúnir í slaginn. Þeir höfðu náttúrulega þurft að bíða í tæpar þrjár vikur eftir hagstæðum veðurskilyrðum, það hefur verið norðvestanátt síðan þeir lögðu af stað frá Kristianstad 17. maí þannig að þeir hafa bara getað tekið svona dagleiðir meðfram ströndinni,“ segir Ingrid Kuhlman, fjölmiðlafulltrúi leiðangursins.

Á næstu vikum ætla þeir sér að róa um 2.000 kílómetra leið yfir Atlantshafið, með viðkomu í Orkneyjum og Færeyjum. Ásamt því að setja heimsmet vilja fjórmenningarnir vekja athygli á tengslum Íslands við Noreg, Orkneyjar og Færeyjar.

„Sem betur fer þá rættist spáin og það lítur vel út næstu daga þannig að þeir gera ráð fyrir því að vera komnir til Orkneyja vonandi í lok vikunnar.“ - þeb



**FERÐIN UNDIRBÚIN** Fjórmenningarnir stefna á að verða komnir til Orkneyjar í lok vikunnar.



**Í KÍNA** Geimfarið Shenzhou tíu mun halda til geimstöðvarinnar Tiangong. NORDICPHOTOS/AFP

Ein kona verður í þriggja manna áhöfn geimfars:

# Kínverjar senda geimfar út í dag

**KÍNA Kínverjar senda geimfarið Shenzhou tíu út í geiminn í dag. Þrír geimfarar, Nie Haisheng, Zhang Xiaoguang og Wang Yaping, verða í áhöfn geimfarsins. Wang er kona og verður önnur kínverska konan til að fara út í geim.**

**Geimfararnir munu fara um borð í geimstöðina Tiangong og gera ýmsar tilraunir þar næstu fimmtán daga, sem gerir ferðina lengstu geimferð Kínverja hingað til. Tíu ár eru um þessar mundir síðan Kínverjar sendu menn út í geiminn í fyrsta skipti.** - þeb

Meirihluti norska þingsins:

# Vill takmarka betl úti á götu

**NOREGUR** Meirihluti norskra þingmanna vill takmarka betl á opinberum stöðum en ekki banna betl, að því er segir á vef Aftenposten.

Hægri flokkurinn og Framfaraflokkurinn vilja að sektum verði beitt við betli eða allt að tveggja mánaða fangelsi.

Þótt stjórnarflokkarnir vilji ekki banna betl viðurkenna þeir að aðgerða sé þörf. Tilkynningaskylda er meðal þess sem lagt hefur verið til. Vísað er til þess að af þeim löndum sem Noregur ber sig saman við séu það bara Danmörk og Bretland sem hafa sett bann við betli. Hin beiti ýmsum takmörkunum. - ibs

Rán í Grafarvogi:

# Tveir áfram í gæsluvarðhaldi

**LÖGREGLUMÁL** Tveir karlar, 19 og 20 ára, voru í gær úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald til 8. júlí að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Mennirnir, sem hafa báðir kært úrskurðinn til Hæstaréttar, voru handteknir í síðustu viku í tengslum við rán og frelsissviptingu í Grafarvogi í byrjun mánaðarins. Tveir aðrir karlar, 18 og 23 ára, sátu um tíma einnig í gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknarinnar, en þeim var sleppt úr haldi lögreglu í síðustu viku. Allnokkrir til viðbótar hafa verið kallaðir í skýrslutöku hjá lögreglunni í þágu rannsóknarinnar, sem miðar vel. - hó

# App með íslenskum nöfnum slær í gegn

Nýtt app fyrir íslensk mannanöfn kom í App Store í lok maí. Höfundar appsins segja að hugmyndin með appinu sé að aðstoða nýbakaða foreldra við að finna nöfn á afkomendur sína. Yfir 2.000 manns hafa sótt sér appið.

**TÆKNI** Ókeypis app fyrir íslensk mannanöfn er komið í App Store en appið vermdi efsta sætið í versluninni þegar það kom út í lok síðasta mánaðar.

Höfundar appsins eru Edda Lára Kaaber framhaldsskólakennari og Björn Þór Jónsson forritari, en þau Björn og Edda eru par og eignuðust nýlega barn saman. „Okkur fannst allar þessar mannanafnabækur svo stirðar og langaði að búa til eitthvað skemmtilegt úr þessu ferli sem verður til hjá nýbökuðum foreldrum þegar finna á nafn á barnið,“ segir Edda og bætir við að Björn Þór hafi unnið smáforritið sem lokaverkefni í tölvunarfræði við Háskóla Íslands.

Í appinu má finna öll íslensk mannanöfn sem samþykkt hafa verið af mannanafnanefnd og þar eru rúmlega 3.000 nöfn, 1.900 stúlkna- og 1.700 drengjanöfn. Nöfnunum er raðað eftir stafrófsröð, vinsældum og flokkum. Í nafnaflokkunum er meðal annars hægt að finna biblíunöfn, landnámsnöfn, nöfn úr Disney-kvikmyndum og frumleg nöfn sem eru nöfn sem enginn heitir. Einnig er hægt að finna merkingu og uppruna nafna ásamt fjölda þeirra sem heita nafninu nú þegar.

Yfir 2.000 manns hafa sótt sér appið og er það ókeypis eins og er. Parið er ekki búið að ákveða hvort það fari eitthvað lengra með verkefnið. „Við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð og það gæti vel verið að það verði boðið upp á einhverja aukaeiginleika síðar sem yrði þá hugsanlega rukkað fyrir,“ segir Edda, sem er þó ekki vongóð um að þau eigi eftir að græða mikið á verkefninu.

Björn og Edda eru að flytja til Danmerkur þar sem þau stefna bæði á að fara í meistaranám í leikjafræði. Þau hyggjast vinna saman við að nýta tækni og tölvuleiki til að skapa þekkingu í framtíðinni. „Við fáum að vita hvort við komumst inn í námið 15. júní,“ segir Edda sem telur að leikjafræði séu fræði framtíðarinnar.

„Okkur langar svo að búa til eitthvað skemmtilegt fyrir nemendur, blanda saman leikjum og kennslu til þess að ná fram meiri áhuga hjá nemendum. Nú eru spjaldtölvur komnar inn í skólastofur en hvað á að gera við þetta?“ spyr Edda sem vinnur nú að því að svara þeirri spurningu. lovisa@frettabladid.is



**BJÖRN ÞÓR JÓNSSON OG EDDA LÁRA KAABER** Með sonunum Kára og Arnóri..

## Appið í hnotskurn

Appið inniheldur 3.000 nöfn í stafrófsröð og er með lista yfir vinsælustu nöfn á Íslandi.

Hægt er að sjá hversu margir heita nafninu og fá að vita uppruna þess og merkingu.

Í appinu getur maður fundið flokka nafna. Þeir flokkar sem nú þegar er boðið upp á eru Biblía, Landnám, Tré, Frumlegast, Einstök, Disney, Ísfólkið, Blóm og jurtir, Dýr og fuglar.

Siðmennt
– skráð lífsskoðunarfélag
Þann 3. maí fékk Siðmennt formlega skráningu sem veraldlegt lífsskoðunarfélag
Skráðu þig í félagið á www.sidmennt.is
SIÐMENNT
www.sidmennt.is
kynntu þér málið!

Nelson Mandela, sem orðinn er 94 ára, berst fyrir lífi sínu á spítala í Pretoríu:

# Biðja fyrir heilsu Mandela

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Nelson Mandela, fyrrverandi forseti Suður-Afríku, dvelur illa haldinn á sjúkrahúsi í Pretoríu, höfuðborg landsins. Samkvæmt stjórnvöldum þar í landi er ástand hans stöðugt.

Mandela, sem er 94 ára, var færður á sjúkrahús snemma á laugardag vegna síendurtekinnar sýkingar í lungum. Seinna þann sama dag kom fram í yfirlýsingu frá stjórnvöldum að ástandið væri alvarlegt. Eftir það heyrðist ekkert varðandi líðan Mandela fyrr en nú í morgun. „Ástand hans er óbreytt,“ segir í stuttri yfirlýsingu Jakobs Zuma forseta. Zuma ítrekar beiðni sína til landsmanna um að biðja fyrir Mandela og fjölskyldu hans.

Ættingjar Mandela heimsóttu hann á sjúkrahúsið á sunnudag. Dóttir hans, Zlenani Dlamini, sendiherra Suður-Afríku í Argentínu, flaug til föðurlands síns til þess að vera með föður sínum. Mandela hefur verið lagður inn á sjúkrahús nokkrum sinnum á undanförnum mánuðum.

Á sama tíma og þjóðin liggur á bæn spyrja fjölmiðlar í landinu sig hvort ekki sé kominn tími á að leyfa Mandela að fara. Náinn vinur hans, Andrew Mlangeni, sagði í viðtali við fjölmiðla að nú gæti þjóðin þurft að kveðja sinn dáða fyrrverandi þjóðarleiðtoga. „Þú hefur verið lagður inn á sjúkrahús of oft. Það er augljóst að þú ert ekki heill og það er mögulegt að þú verðir aldrei heill á ný,“ sagði Mlangeni. „Þegar fjölskyldan leyfir honum að fara, mun þjóðin fylgja. Við komum til með að segja þakka þér Guð, þú hefur gefið okkur þennan mann og við sleppum nú af honum takinu.“ - ne



**NELSON MANDELA** Fyrrverandi forseti Suður-Afríku og Nóbelsverðlaunahafi berst fyrir lífi sínu á sjúkrahúsi í Pretoríu. NORDICPHOTOS/AFP



**Audi A4** 1,8T
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 56.000 km, sjálfsk.
**Ásett verð:**
**4.990.000,-**

Fallegur og vel búinn. Meðal búnaðar bifreiðarinnar eru 18" álfelgur, sóllúga, lykillaust aðgengi og ræsing, fjarlægðarskynjarar í fram- og afturstuðara, hraðastillir, Bang & Olufsen 505W hljómkerfi, bluetooth símabúnaðu, rafstýrð sportsæti með alcantara- og leðuráklæði, xenon/led framljós o.fl.

# MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



**Audi A1** Sportback 1.4TFSI
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 8.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **3.990.000,-**



**Audi Q7** 3,0TDi
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 49.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **10.950.000,-**



**VW Golf** Highil 1,4 AT
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 33.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **2.990.000,-**



**VW Bjalla** Design 1.4 160
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 11.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **3.990.000,-**



**VW Passat** Comfort Ecofuel
Árgerð 2011, bensín/metan
Ekinn 62.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **3.790.000,-**



**M. Benz** C200 Kompressor
(W204). Árgerð 2009, bensín
Ekinn 29.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **5.500.000,-**



**Audi TT** Quattro 225 hö
Árgerð 2001, bensín
Ekinn 62.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **1.790.000,-**



**Porsche** Cayenne Turbo
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 81.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **8.500.000,-**



Tilboð **3.750.000,-**

**Nissan Patrol** LE
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 88.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.190.000,-



Tilboð **990.000,-**

**MM Outlander** Comfort
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 165.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.450.000,-



Tilboð **1.350.000,-**

**M. Benz** ML55AMG
Árgerð 2000, bensín
Ekinn 177.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.790.000,-



Tilboð **2.790.000,-**

**VW Touareg** V8
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 120.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.450.000,-



Tilboð **1.990.000,-**

**MM Pajero** 3,5 GLS
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 108.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.750.000,-



Tilboð **3.890.000,-**

**Nissan** Pathfinder 2500
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 106.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.490.000,-



Tilboð **2.790.000,-**

**Toyota** Land Cruiser 120 VX
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 198.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.100.000,-



Tilboð **1.690.000,-**

**Hyundai** Tucson 2700 4x4
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 128.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.890.000,-

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

## SVONA ERUM VIÐ



**107.741** var samanlagður fjöldi Íslendinga í námi á öllum skólastigum haustið 2011.

Flestir voru nemendur á grunnskólastigi eða 42.365. Þá stunduðu 26.153 Íslendingar nám á framhaldsskólastigi, 19.159 á leikskólastigi og 18.647 á háskólastigi. Alls 452 lögðu stund á doktorsnám og 965 á viðbótarstigi.

Fulltrúar Samtaka ferðaþjónustunnar vilja stækkun hvalaskoðunarsvæðis:

# Segjast furðu lostnir á orðum ráðherra

**FERÐAÞJÓNUSTA** Samtök ferðaþjónustunnar hvetja sjávarútvegsráðherra eindregið til að afturkalla ekki ákvörðun Steingríms J. Sigfússonar, forvera hans, um stækkun hvalaskoðunarsvæðis í Faxaflóa. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Samtökum ferðaþjónustunnar. Í tilkynningunni kemur jafnframt fram að ferðaþjónustufólk sé furðu lostið yfir orðum sjávarútvegsráðherra um hvalaskoðunarsvæðin en í frétt Stöðvar 2 í fyrradag sagði Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra að það hefði verið pólitísk ákvörðun hjá Steingrími J. Sigfússyni að stækka bannsvæði hvalveiða á Faxaflóa. Hún hefði ekki verið byggð á vísindalegum rökum. Þar sagðist Sigurður ætla að endurskoða ákvörðunina og íhuga að draga hana til baka.

Samtök ferðaþjónustunnar segja hvalaskoðun eina af meginstoðum ferðaþjónustunnar á Íslandi og þá grein sem vaxið hefur hvað hraðast á síðustu árum. Veltan í hvalaskoðun sé margfalt meiri en í hrefnuveiðum og gegni þessi grein mikilvægu hlutverki varðandi ímynd Íslands og við landkynningu. - hó



**HVALUR** Samtök ferðaþjónustunnar hvetja sjávarútvegsráðherra til að afturkalla ekki ákvörðun forvera síns um stækkun hvalaskoðunarsvæðis í Faxaflóa.

Samkynhneigðir í Rússlandi:

## Fá ekki heimild til að ættleiða

**RÚSSLAND** Alexei Levchenko, talsmaður staðgengils forsætisráðherra í Rússlandi, Olgu Golodets, segir að fyrirhuguð sé lagabreytingartillaga sem meinar erlendum samkynhneigðum pörum að ættleiða rússnesk börn.



**VLADIMIR PUTIN**

Forseti Rússlands, Vladimír Pútín, sagði á fundi með leiðtogum Evrópusambandsins að hann myndi skrifa undir slíkt frumvarp yrði það samþykkt af þinginu. Í apríl gagnrýndi Pútín nýja löggjöf í Frakklandi sem heimilaði hjónaband fólks af sama kyni og vill því tryggja að það geti ekki ættleitt munaðarlaus börn í Rússlandi. - ne

Endurskoðun í Kauphöllinni:

## Össur og Reginn ekki með í nýrri úrvalsvísitölu

**VIÐSKIPTI** Um næstu mánaðamót verða breytingar á OMXI6, úrvalsvísitölu Kauphallarinnar (Nasdaq OMX Iceland). Úr vísitölunni falla Össur og Reginn en í staðinn koma inn Tryggingamiðstöðin og Vátryggingafélag Íslands.

Áfram eru í vísitölunni Eimskipafélag Íslands, Hagar, Icelandair Group og Marel.

Vísitalan er endurskoðuð tvisvar á ári og tekur þessi gildi mánudaginn 1. júlí næstkomandi. - óká

# Lyklalög og leiðrétting fyrir skuldsett heimili

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson vill að Alþingi feli ríkisstjórninni að framkvæma aðgerðaáætlun til að leiðrétta skuldir heimila. Þetta sagði forsætisráðherra í sinni fyrstu stefnuræðu. Hann boðaði tillögur um málið í haust. Lyklalög eru á dagskrá.

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra vill að Alþingi feli ríkisstjórninni að framkvæma aðgerðaáætlun til að leiðrétta skuldir heimila. Þetta sagði Sigmundur í fyrstu stefnuræðu sinni sem forsætisráðherra.

„Í því skyni mun ég leggja fram þingsályktunartillögu sem inniheldur aðgerðaáætlun í tíu liðum sem varða nauðsynlegar aðgerðir vegna stöðu heimilanna,“ sagði Sigmundur á Alþingi í gærkvöldi. „Í aðgerðaáætluninni verður fjallað um undirbúning almennrar skuldaleiðréttingar, höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána, möguleikann á stofnun sérstaks leiðréttingarsjóðs ef önnur fjármögnun gengur of hægt og setningu svokallaðra lyklalaga,“ sagði forsætisráðherra og vísaði þar til laga sem gera munu íbúðareigendum kleift að skila einfaldlega lyklunum að yfirveðsettum heimilum sínum.

Samkvæmt áætlun ríkisstjórnarinnar á „sérfræðihópur um afnám verðtryggingar af neytendalánum“ að taka til starfa. Sömuleiðis verkefnisstjórn um endurskipulagningu húsnæðislánamarkaðarins. Lagt er til að lögfesta flýtimeðferð dómsmála sem tengjast skuldavanda heimilanna. Frumvarp um þetta er þegar komið fram.

„Kannaðir verða möguleikar á að sekta fjármálafyrirtæki vegna umtalsverðra tafa á endurútreikningi lána,“ sagði Sigmundur, sem kvað einnig miðað að því að afnema stimpilgjöld vegna húsnæðiskaupa einstaklinga til eigin nota, og að fella niður eða aðstoða við fjármögnun kostnaðar vegna gjaldþrotaskipta.



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON** Forsætisráðherra sagði „raunverulega stöðu ríkisfjármála“ vera „ófagra mynd“ og ólíka spám fyrri stjórnvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leggja eigi fram frumvarp sem gefi Hagstofu Íslands heimild til að afla upplýsinga frá fjármálafyrirtækjum um fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja. Tillögur sérfræðingahópa og frumvörp samkvæmt aðgerðaáætluninni verði lögð fram í haust.

„Allar þessar aðgerðir eru nauðsynlegar og skynsamlegar og það er einlæg von mín að þingmenn jafnt stjórnar og stjórnarandstöðu muni styðja tillöguna af heilum hug og sýni þjóðinni þannig í verki að þegar kemur að heill heimilanna í landinu sé fullur samhugur á Alþingi Íslendinga,“ sagði Sigmundur.

Forsætisráðherra sagði horfurnar í rekstri ríkissjóðs miklum mun verri en haldið hafi verið fram. Á næstu dögum kynnti ríkisstjórnin raunverulega stöðu ríkisfjármála og horfur. „Það er ekki fögur mynd og mjög ólík þeim spám sem stjórnvöld hafa birt á undanförnum árum. En sem betur fer er hægt að snúa þessari þróun til betri vegar með því að innleiða skynsemisstefnu í rekstri ríkisins og nýta þau tækifæri sem við stöndum frammi fyrir,“ sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

> **Í aðgerðaáætluninni verður fjallað um undirbúning almennrar skuldaleiðréttingar, höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána, möguleikann á stofnun sérstaks leiðréttingarsjóðs ef önnur fjármögnun gengur of hægt og setningu svokallaðra lyklalaga.**
>
> *Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra*

## SAGT Á ALÞINGI Í GÆR

### → Höftin eins og viðvörunarljós

**Bjarni Benediktsson** fjármálaráðherra sagði á Alþingi í gærkvöld að gjaldeyrishöftin væru eins og blikkandi ljósaskilti yfir landinu sem á stæði: Varúð – við trúum ekki á virði gjaldmiðilsins! „Og það er ósanngjarnt að land sem býr yfir jafn miklum og spennandi tækifærum og Ísland skuli vera í þeirri stöðu,“ sagði Bjarni.



### → Átti von á skýrari skilaboðum

**Katrín Jakobsdóttir**, formaður Vinstri grænna, sagði að hún hefði átt von á skýrari skilaboðum frá nýrri ríkisstjórn um aðgerðaáætlun í skuldamálum. Þá sagðist hún vona að efnt verði til þverpólitískrar samvinnu í skuldamálunum. Hún sagðist enn fremur treysta því að allir þingmenn myndu taka þátt í vinnu við stjórnarskrármálið.



### → Sterk fortíðarþrá

„Við eigum að þora að þróa nýja stjórnarhætti sem styðja við lýðræðislega ábyrgð og gera okkur kleift að takast á um ólíkar skoðanir á friðsamlegan hátt,“ sagði **Árni Páll Árnason**, formaður Samfylkingarinnar. Þá sagði Árni Páll að Sigmundur Davíð hefði sagt margt fallegt. „En mest áberandi var það sem ekki var sagt. 21. öldin kom þar ekkert við sögu. Fortíðarþráin er svo sterk.“






GERÐU VERÐSAMANBURÐ

heitir pottar

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta í yfir **30 ár** fyrir íslenskar aðstæður. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**MILT Í DAG** og má gera ráð fyrir að hitinn nái um eða yfir 20 stig í innsveitum norðan og vestan til. Heldur dregur úr hlýindunum þegar á vikuna líður enda snýst smám saman í norðlægar vindáttir.




**Á morgun**
Fremur hægur vindur.




**Fimmtudagur**
Strekkingur með SA-ströndinni annars fremur hægur vindur.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 27° | Berlín | 22° | Friedrichshafen | 21° | Las Palmas | 23° | New York | 26° | París | 22° |
| Aþena | 29° | Billund | 21° | Gautaborg | 19° | London | 19° | Orlando | 30° | San Francisco | 17° |
| Basel | 26° | Frankfurt | 22° | Kaupmannahöfn | 19° | Mallorca | 26° | Ósló | 21° | Stokkhólmur | 18° |

**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Erum með mikið úrval af gæða flísum og parketi. Fagleg og persónuleg þjónusta.

GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR

Mörkinni 1 - 108 Reykjavík - Sími 562 42 42 www.gallerygolf.is. Opið alla virka daga 10 -18.

## VANDI STEÐJAR AÐ HELLISHEIÐARVIRKJUN

„Það er auðvitað ljóst að í nýtingarflokki nýrrar rammaáætlunar eru margar jarðvarmavirkjanir, og þetta gefur auðvitað tilefni til þess að skoða það hvort að þar séu einhver ný gögn eða nýjar upplýsingar að koma fram um sjálfbærni þessarar nýtingar.“
**Katrín Jakobsdóttir**, *formaður Vinstri grænna. Visir.is*

„Það eina sem við verðum að gera er að endurskoða virkjanaáformin öll eins og þau leggja sig.“
**Sóley Tómasdóttir**, *borgarfulltrúi og stjórnarmaður OR. Stöð 2*

„Besta ákjósanlega nýtingin á orkuauðlindum landsins er að blanda saman jarðvarmavirkjunum og vatnsaflsvirkjunum. Þess vegna tel ég meðal annars rétt að endurskoða rammaáætlun með því markmiði að athuga hvort ekki megi færa ákjósanlega vatnsaflsvirkjunarkosti í nýtingarflokk til að draga úr þrýstingi á jarðvarmavirkjanirnar.“
**Ragnheiður Elín Árnadóttir**, *iðnaðarráðherra. Stöð 2*


KATRÍN JAKOBSDÓTTIR


RAGNHEIÐUR E. ÁRNADÓTTIR


**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Enn á eftir að koma í ljós hvort frekar þurfi að draga úr framleiðslu vegna vanda við niðurdælingu jarðhitavatns. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






# Hagur almennings mun verða varinn

**Vegna minni afkastagetu þarf Orkuveita Reykjavíkur að kaupa orku frá Landsvirkjun. Fyrsta árið kostar það 163 milljónir. Stjórnarformaður segir að staðið verði við gerða samninga við Norðurál og hagsmunir almennings varðir.**

**ORKUMÁL** Hugsanlegt tekjutap Orkuveitu Reykjavíkur vegna sex megavatta minni afkastagetu Hellisheiðarvirkjunar er tæplega fjórtán milljónir króna á mánuði ef ekki er gripið til aðgerða. Það eru tæplega 163 milljónir á ársgrundvelli en sú upphæð tvöfaldast á hverju ári án aðgerða.

Þetta kemur til vegna nauðsynlegra kaupa Orkuveitunnar á orku frá Landsvirkjun til að vega upp framleiðslutapið.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær þá telja vísindamenn Orkuveitunnar að afköst Hellisheiðarvirkjunar muni falla um sem jafngildir sex megavöttum á ári að meðaltali. Því til viðbótar gæti frekari samdráttur komið til vegna vandkvæða við niðurdælingu á vatni.

Samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins eru verðmæti sex megavatta á ári, miðað við raforkuverð Landsvirkjunar, tæplega 14 milljónir á mánuði. Því þarf Orkuveitan að kaupa af Landsvirkjun viðbótarrafmagn fyrir 163 milljónir í eitt ár. Sú upphæð tvöfaldast á hverju ári, án aðgerða.


HARALDUR FLOSI TRYGGVASON

Hugmynd Orkuveitunnar er hins vegar að leggja gufulögn frá Hverahlíð til að halda uppi afköstum, en sú framkvæmd er ýmsu háð. Hún gæti þó verið komin í gagnið haustið 2014 ef stjórn ákveður að fara þá leið, og tafir verða ekki vegna nýs umhverfismats svo dæmi sé tekið.

Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður Orkuveitunnar, segir rekstur og orkuöflun fyrir jarðgufuvirkjanir vera flókið langtímaverkefni. Nú liggi fyrir neikvæðar vísbendingar um vinnslugetu þess svæðis sem ætlað var að stæði undir Hellisheiðarvirkjun. Það kalli á að leitað verði lausna sem miða að frekari orkuöflun. Til bráðabirgða virðist það góð lausn að leggja gufulögn frá Hverahlíð að Hellisheiðarvirkjun og fá þannig samtímis vinnslusögu til að meta hvort mögulegt er að virkja þar frekar.

„Rekstur jarðgufuvirkjunar er ofurseldur áhættu af þessum toga, auðlindin er jú neðanjarðar og háð duttlungum náttúrunnar. Það á eftir að koma í ljós hvort sú staða sem uppi er núna hafi varanleg áhrif á tekjumyndun virkjunarinnar. Alla kosti verður að skoða af yfirvegun í þessu sambandi, þetta er úrvinnslumál.“

Um kaup á raforku frá Landsvirkjun segir Haraldur Flosi að hagstæðir samningar séu í gildi á milli fyrirtækjanna. Þeir samningar eru í gildi næstu árin. Spurður um skuldbindingar Orkuveitunnar vegna Hellisheiðarvirkjunar segir Haraldur Flosi að „enn sem komið er sé ekkert uppi á borðinu sem kippi stoðunum undan rekstri þessara virkjana“ og nefnir í því samhengi orkuríkt svæði við Gráuhnúka sem nú er nýtt til niðurdælingar á vatni úr virkjuninni. „En gagnvart Norðuráli vil ég segja að við ætlum okkur að standa við gerða samninga. Gagnvart almenningi vil ég ítreka að unnið verður að umhverfislegum og fjárhagslegum hagsmunum eins og mögulega er hægt.“

svavar@frettabladid.is

Telur að endurmeta þurfi rammaáætlun:

## Stjórn OR sýndi mikið fyrirhyggjuleysi

**ORKUMÁL** Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, telur ljóst að Hellisheiðarvirkjun var byggð upp allt of hratt og gegn ráðleggingum þeirra vísindamanna sem vinna fyrir Orkuveitu Reykjavíkur um að farið yrði hægar í sakirnar.

„Aðrir vísindamenn hafa einnig varað við því að jarðvarmavirkjunum megi líkja við námagröft því þær endast ekki nema í örfáa áratugi. Ég bendi á yfirlýsingar um að auðlindin muni endast næstu hálfa öld að minnsta kosti. Málið er að um þetta er erfitt að fullyrða nokkuð og stjórnmálamenn sem sátu í stjórn Orkuveitunnar sýndu mikið fyrirhyggjuleysi, jafnvel ábyrgðarleysi, þegar þeir lögðu að veði fyrirtæki í almannaþjónustu til að selja Norðuráli ódýra raforku; OR er almannaþjónustufyrirtæki sem á að tryggja höfuðborgarbúum vatn og rafmagn,“ segir Árni.

Í ljósi þessa telur Árni að stöðva verði öll áform um frekari uppbyggingu allra jarðvarmaorkuvera. „Meginniðurstaðan hlýtur að verða sú að jarðvarmaorka hentar ekki fyrir álframleiðslu sem þarf tryggða orku um áratuga skeið. Endurskoða ber þá þætti Rammaáætlunar sem snúa að jarðvarmavirkjunum.“

- shá



> **Meginniðurstaðan hlýtur að verða sú að jarðvarmaorka hentar ekki fyrir álframleiðslu sem þarf tryggða orku um áratuga skeið**
>
> *Árni Finnsson formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands*

Landvernd harðorð:

## Hætta verður framleiðslunni

Landvernd lýsir þungum áhyggjum af stöðu jarðhitasvæðisins í Henglinum eftir fréttir af því að núverandi vinnslusvæði Hellisheiðarvirkjunar standi ekki undir væntingum. Landvernd hefur ítrekað varað við ágengri nýtingu jarðvarmaauðlindarinnar.

Landvernd telur að hætta eigi rafmagnsframleiðslu á jarðhitasvæðum til álvera og annarrar orkufrekrar stóriðju þar sem orkuþörf slíkra iðjuvera er gríðarmikil, eins og segir í harðorðri fréttatilkynningu vegna stöðunnar á Hellisheiði.

Þá telur Landvernd mikilvægt að í vinnu við 3. áfanga rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða verði sérstaklega litið til sjálfbærrar nýtingar jarðvarmans og áhrifa mengunar, m.a. brennisteinsmengunar, á heilsu fólks og vandamála við förgun affallsvatns frá virkjunum. Allar háhitavirkjanir á Íslandi eru ótímabærar meðan fullnægjandi lausnir á þessum þáttum eru ekki fyrir hendi eða þykja of dýrar, segir Landvernd.

- shá







H:N Markaðssamskipti / SÍA

**ATLANTSOLIA**

Atlantsolía / Lónsbraut 2 / 220 Hafnarfjörður / Sími 591 3100 / www.atlantsolia.is




Hagvöxtur í Bandaríkjunum og Japan virðist vera að komast á betra skrið:

# Vöxtur er víðast hægur í OECD

**EFNAHAGSMÁL** Í spilunum er hægur efnahagsbati á flestum helstu hagsvæðum að mati Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD. Stofnunin birti í gær hagvísa sína þar sem fram kemur að hagvöxtur sé þó ekki að styrkjast sem nokkru nemi utan Bandaríkjanna og Japan.

Annars staðar í heiminum bendi hagvísarnir til hægari vaxtar. Þó bendi hagvísar OECD til þess að á evrusvæðinu í heild sé stígandi í hagvextinum. Vöxtur sé orðinn viðvarandi í Þýskalandi og að tölur apríl og maí bendi til þess að þróunin sé til hins betra á Ítalíu. Staðan í Frakklandi sé hins vegar óbreytt.

Fram kemur í nýjustu tölum OECD að breyting til hins betra milli ára hafi numið 0,86 prósentum í Japan og 0,67 prósentum í Bandaríkjunum. Sömu hagvísar sýna 0,27 prósenta vöxt í Þýskalandi frá ári til árs og 0,60 prósent í Ítalíu.

Í öllum löndum OECD var vöxtur í síðasta mánuði 0,46 prósent og 0,38 prósent í löndum evrunnar. Í sjö helstu iðnríkjum heims var vöxturinn 0,57 prósent og sagður að styrkjast.

**0,46%**
hagvöxtur mældist innan OECD í síðasta mánuði. Innan evrulandanna var hann 0,38%.

Í nýlegri þjóðhagsspá Íslandsbanka er spáð 1,2 prósenta hagvexti hér á landi á þessu ári. **- óká**

Kauphöll Íslands kynnir í dag sex nýjar skuldabréfavísitölur:

# Tækifæri fyrir smærri fjárfesta

**VIÐSKIPTI** Sex nýjar skuldabréfavísitölur sem Kauphöll Íslands (Nasdaq OMX Iceland) kynnir í dag eru til þess fallnar að auðvelda smærri fjárfestum aðkomu að skuldabréfamarkaði, að sögn Magnúsar Harðarsonar, aðstoðarforstjóra Kauphallarinnar.

„Þetta eru heildarvísitölur sem taka markaðinn með markflokkana, þessi veltumestu ríkis- og íbúðabréf, og mæla verðbreytingar á þeim,“ segir Magnús. Mikið sé upp úr því lagt að vísitölurnar séu „sjóðavænar“, þannig að auðvelt sé fyrir verðbréfasjóði að fylgja þeim. „Við setjum til dæmis á þær vægisþak, þannig að ekkert bréf má vera með meira en 30 prósenta vægi í vísitölunum. Þá eru þær endurskoðaðar mánaðarlega og þannig upp settar að þeir sem fylgja vísitölunni eiga ekki að þurfa að eiga nein viðskipti milli endurskoðana.“


**KAUPHALLARKERFIÐ KYNNT** Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ástæðuna fyrir því að vísitölurnar eru stofnaðar nú segir Magnús vera að í burðarliðnum séu kauphallarsjóðir sem munu fylgja vísitölunum. „Þá eru viðskipti með þessa sjóði eins og með hver önnur verðbréf í Kauphöllinni og við eigum von á því að þeir líti dagsins ljós snemma hausts. Þannig að segja má að þessar vísitölur ryðji brautina fyrir þá og auðveldi leiðina fyrir ýmsa inn á skuldabréfamarkaðinn, ekki síst smærri fjárfesta.“

**- óká**

### → Nýjar vísitölur Kauphallarinnar

NOMXI viðmiðunarvísitölur Kauphallarinnar sem settar eru á laggirnar í dag eru þrjár talsins, í tveimur flokkum hver, með og án vægisþaks:

- Aðalvísitala skuldabréfa (NOMXIBB)
- Óverðtryggð skuldabréfavísitala Kauphallarinnar (NOMX-INOM)
- Verðtryggð skuldabréfavísitala Kauphallarinnar (NOMXIREAL)

Vísitölunum er öllum gefið grunngildið 1000 þann 28. desember 2012.






# AÐ GÆTA ÖRYGGIS Í 15 ÁR

Trausti Gylfason gengur á Akrafjall flesta sunnudaga og skráir hitastigið á toppnum. Stundum sér hann örninn, stundum kemur fjölskyldan með og á haustin gengur hann niður Berjadalinn þar sem krækiberin eru stór og safarík.

Í dag eru 15 ár síðan fyrsta kerið var áltekið á Grundartanga. Það var fimmtudagur og Trausti hafði í nógu að snúast. Hann var orðinn öryggis-stjóri Norðuráls og það er hann enn. Þó reynir hann að eiga frí annan hvern föstudag og alltaf um helgar. Þá vill Trausti vera á Akrafjalli.

**Til hamingju með starfsafmælið Trausti!**

Hagsýni | Liðsheild | Heilindi

nordural.is

NORÐURÁL

MEIRA ÚRVAL

Nú höfum við flutt alla starfsemi frá Breiðhöfða að Klettháls 11

Allt að 80% lánamöguleikar




BMW X5 3.0D
Nýskr. 09/07, ekinn 71 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 151891

Glæsilegt eintak kr. 6.490 þús.



TOYOTA LAND CRUISER 120LX
Nýskr. 06/08, ekinn 67 þús. km. dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 5.390 þús.
Rnr.270246.



SUBARU FORESTER LUX
Nýskr. 10/07, ekinn 105 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.390 þús.
Rnr.290000,



NISSAN MURANO 3.5
Nýskr. 11/07, ekinn 93 þús km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.490 þús.
Rnr.201181.



HYUNDAI GETZ
Nýskr. 02/09, ekinn 42 þús km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.750 þús.
Rnr.170336.



LAND ROVER DISCOVERY 3 SE
Nýskr. 12/07, ekinn 103 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.890 þús.
Rnr.151871.



HYUNDAI SANTa FE II
Nýskr. 07/07, ekinn 133 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.990 þús.
Rnr.151681.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is


# Kári Stefánsson telur úrskurð óskiljanlegan

**Persónuvernd segir Íslenska erfðagreiningu hafa áætlað arfgerð 280 þúsund einstaklinga án þeirra samþykkis og gefur fyrirtækinu frest til að lagfæra þetta fyrir 1. nóvember. Óskiljanlegur viðsnúningur segir Kári Stefánsson, forstjóri ÍE.**

**VÍSINDI** Íslensk erfðagreining áætlaði arfgerðir 280 þúsund einstaklinga út frá 95 þúsund skyldmennum þeirra sem tóku þátt í rannsóknum fyrirtækisins. Ekki var leitað samþykkis eins og ber að gera segir Persónuvernd og gefur ÍE frest út október til að koma málinu í lag.

ÍE, Landspítalinn og fleiri óskuðu eftir leyfi til vinnslu persónuupplýsinga til að undirbúa notkun raðgreiningarupplýsinga í einstaklingsmiðaðri heilbrigðisþjónustu Landspítalans.

„Ljóst er að meirihluti þeirra einstaklinga sem fyrirhugað er að vinna með upplýsingar um í þágu umrædds verkefnis hefur ekki veitt samþykki af neinu tagi sem til álita getur komið sem lögmætisgrundvöllur, né heldur er fyrirhugað að afla samþykkis frá þeim einstaklingum,“ segir í umfjöllun Persónuverndar, sem synjaði um leyfið.

Kári Stefánsson, forstjóri ÍE, undirstrikar að ekki sé um það að ræða að arfgerðir umræddra 280 þúsund einstaklinga hafi verið greindar. Arfgerð verði aðeins greind með því að vinna úr lífsýni úr viðkomandi. Slíkt hafi vísindamenn ÍE aldrei gert án þess að fyrir liggi upplýst samþykki.

„Vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar hafa hins vegar getið sér til um arfgerðir mikils fjölda einstaklinga án þess að fyrir liggi upplýst samþykki enda eru ágiskanir um fólk ekki persónuupplýsingar. Ágiskanirnar byggja eingöngu á notkun ættfræði sem er heimil að íslenskum lögum,“ segir Kári.

Þá segir forstjóri ÍE mikilvægt í þessu samhengi að ágiskanir fyrirtækisins hafi verið unnar með samþykki Persónuverndar. „Úrskurður hennar frá 28. maí er því viðsnúningur af hennar hálfu og með öllu óskiljanlegur,“ segir hann.



**FÓLK** Kári Stefánsson segir það ekki lögbrot að setja fram tilgátur um fólk byggðar á opinberum ættfræðiupplýsingum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Upplýsingar sem átti að miðla frá Landspítala til ÍE lúta að heilsuhögum allra þeirra sem leitað hafa til spítalans síðustu fimm ár.

Persónuvernd segir að innan veggja ÍE virðist unnið með áætlaðar arfgerðir tengdar tilteknum einstaklingum án þess að þeir hafi samþykkt slíkt.

„Er mælt fyrir um að ÍE skuli tryggja að öll slík vinnsla, þar á meðal varðveisla, grundvallist á samþykki. Skal ÍE leggja fyrir Persónuvernd eigi síðar en 1. nóvember næstkomandi gögn um með hvaða hætti fyrirtækið hafi farið að þeim fyrirmælum,“ segir Persónuvernd.

gar@frettabladid.is



> **Ágiskanirnar byggja eingöngu á notkun ættfræði sem er heimil að íslenskum lögum.**
>
> *Kári Stéfánsson*
> *forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar*




VEISLUDISKAR
úr pálmalaufum, 17x17 cm, 25 stk./pk.
Verð 2.390 kr.



KERTAVASI
með áfyllingu, 24 tímar í brennslu
Verð 890 kr.

VEISLAN

Í Rekstrarlandi finnurðu mikið úrval af einnota veisluvörum fyrir útskriftir, afmæli, grillpartý, brúðkaup o.fl.



KERTI
12 cm x 7 cm, 60 tímar í brennslu
Verð 487 kr.

PIPAR\TBWA • SÍA • 131772



BORÐDÚKUR
Löber 40X2400 cm
Verð 2.259 kr.

REKSTRARLAND

Skeifunni 11 | Sími 515 1100
www.rekstrarland.is


Karlar í pilsi í vinnunni:

## Banni við stuttbuxum aflétt

**SVÍPJÓÐ** Lestarstjórar sem aka Roslagsbanan í Stokkhólmi í Svíþjóð mega vera í stuttbuxum við vinnu sína.

Yfirmenn þeirra skiptu um skoðun eftir að fjöldi erlendra fjölmiðla greindi frá því að lestarstjórarnir hefðu mætt í pilsi til vinnu í um það bil tvær vikur.

Lestarstjórarnir vildu með því mótmæla banninu við stuttbuxum. Þeir sögðu að þeim væri alltof heitt í síðbuxum á sólríkum dögum.

Þegar lestarstjórarnir mættu í pilsi höfðu sænskir fjölmiðlar það eftir upplýsingafulltrúa fyrirtækis þeirra að ekki væri hægt að banna þeim það. - ibs

8,2 milljarða opinber halli:

## Verri afkoma en var í fyrra

**EFNAHAGSMÁL** Halli á tekjuafkomu hins opinbera nam 8,2 milljörðum króna á fyrsta fjórðungi þessa árs, samkvæmt nýbirtum tölum Hagstofu Íslands. Niðurstaðan er lakari en á sama tíma í fyrra þegar hallinn var 6,7 milljarðar.

Í umfjöllun Hagstofunnar kemur fram að hallinn fyrstu þrjá mánuði ársins hafi numið 1,9 prósentum af landsframleiðslu tímabilsins, eða 4,5 prósentum af tekjum hins opinbera. - óká

# 20-50% afsláttur af öllum heilsurúmum



**CLASSIC - rafstillanlegt**
Einbreið heilsurúm á verði frá **190.049,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **346.995,-**



**DRAUMEY**
Einbreið heilsurúm á verði frá **70.224,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **129.360,-**



**ROYAL - rafstillanlegt**
Einbreið heilsurúm á verði frá **302.391,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **566.991,-**

**Frí heimsending á hjónarúmum eða tökum gamla rúmið upp í nýtt!**



## FAGLEG RÁÐGJÖF OG **FRÍ LEGU-GREINING**

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

## LAGERHREINSUN
### Á ARINELDSTÆÐUM







**EINUNGIS 3 VERÐ!**

**19.900,-**

**29.900,-**

**39.900,-**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

## SIGUR FB Í GETTU BETUR ÁRIÐ 1987 KOM SKÓLANUM Á HÆRRI STALL OG UMSÓKNUM UM SKÓLAVIST FJÖLGAÐI

Það kom flestum á óvart þegar Fjölbrautaskólinn í Breiðholti (FB) bar sigur úr býtum í spurningakeppninni Gettu betur árið 1987. Strákarnir sigruðu Menntaskólann við Sund í úrslitakeppninni og viðburðurinn var umtalaður um allt land og í kjölfarið fjölgaði umsóknum nemenda í skólann.

**Fínu skólarnir fúlir**

Lið FB var skipað Breiðhyltingunum Ármanni Þorvaldssyni, Bjarka Diego og Kjartani Ólafssyni. Peir eru sammála um að sigurinn hafi verið verulega sætur.

„Þegar við unnum Kvennó í útvarpinu varð ákveðið spennufall. Svo tókum við MR, MA og MS í sjónvarpinu, en fórum auðvitað létt með það," segir Kjartan þegar hann rifjar sigurinn upp. „Menn voru ansi fúlir í MR og hinum svokölluðu fínu skólum. Fjölbrautaskóli Suðurlands vann fyrstu keppnina og svo kom Fjölbraut í Breiðholti. Þetta gat eiginlega ekki verið verra."

Bjarki tekur undir það.

„Það bjóst enginn við þessu í byrjun. Þegar við vorum valdir í liðið komst maður helst að þeirri niðurstöðu að það væri bara ekkert sérstakt fólk í skólanum. Ég held að allir hafi haldið að við myndum tapa öllum keppnunum. En svo gekk þetta bara svona vel," segir hann.

Ármann man tímabilið eins og það hafi gerst í gær.

„Mér fannst virkilega eins og fólk þekkti mig úti á götu eftir þetta. Ég hef kannski ofmetið það aðeins því mér fannst eins og ég gæti hvergi farið um óhultur," segir hann í léttum tón. Bjarki hristir hausinn og glottir. „Ég man reyndar ekki eftir því. En það var alveg eftir því tekið að það var spjallað um þetta í heita pottinum. Það þótti merkilegt að FB hefði unnið."

**„Þú ert miklu sætari í sjónvarpinu"**

Spurðir hvort stelpurnar í skólanum hafi ekki tekið við sér eftir sigurinn, svarar Ármann: „Onei, þær tóku ekki eftir manni frekar en fyrri daginn. Ég man eftir því að þegar við vorum að fagna eftir undanúrslitin þá labbaði stelpa upp að mér og sagði: „Þú ert miklu sætari í sjónvarpinu." Hún ætlaði kannski að hrósa mér, en það hrós kom ansi illa út."

**Skólinn kannski bara allt í lagi**

Skólastjórnendur FB voru afar ánægðir með árangurinn, að sögn gömlu félaganna. „Guðmundur skólastjóri gekk upp á svið þegar við unnum og gaf okkur peninga úr eigin vasa. Ég gaf minn pening auðvitað samviskusamlega í Fella- og Hólakirkju eins og alltaf en Bjarki eyddi þessu í brennivín," segir Ármann og hlær.

Bjarki brosir og rifjar upp hversu svekktir jafnaldrar þeirra í öðrum skólum urðu þegar þeir fögnuðu sigrinum. „Það voru allir ógeðslega svekktir yfir því að tapa fyrir FB. Sérstaklega fínu skólarnir," segir hann. „En þegar við unnum fór fólk að hugsa að þessi skóli væri kannski bara allt í lagi."



**SIGURLIÐ FB** Ármann, Kjartan og Bjarki

2013

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



1987

MYND/PJETUR

# Fórnarkostnaður fortíðarinnar

Það væru mistök að byggja jafn margar samliggjandi félagslegar íbúðir í dag og gert var í Breiðholti, segir Óskar Dýrmundur Ólafsson, eini hverfisstjóri landsins. Greining Fjölmiðlavaktarinnar leiddi í ljós að umfjöllun um Breiðholt er ekki neikvæðari en um önnur hverfi.

Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is



Breiðholtið hefur einkennst af fjölbreytileika frá því á sjöunda áratugnum þegar fólk flutti fyrst í Bakkana víða af landinu og úr öðrum hverfum Reykjavíkur. Upp úr aldamótum jókst fjöldi nýbúa margfalt og þá skapaðist sami suðupottur í samfélaginu og þrjátíu árum áður. Staðan í dag er þó önnur, að mati eina starfandi hverfisstjóra landsins, Óskars Dýrmundar Ólafssonar, hverfisstjóra Breiðholts.

**Samfélagið var suðupottur**

Óskar ólst upp í Breiðholti og segir hann andrúmsloftið í hverfinu allt annað í dag en það var á þessum miklu umbrotatímum.

„Við erum áfram með mjög fjölbreyttan hóp fólks sem býr þarna saman og kallar sig núna Breiðhyltinga, bæði þeir sem eru frumbyggjar og komu frá landinu öllu á sjöunda og áttunda áratugnum og þeir sem komu seinna frá öðrum heimshornum," segir hann. „Sagan endurtekur sig í sjálfu sér. Það myndast suðupottur sem róast svo þegar blöndunin verður meiri."

Óskar segir þessa blöndun ólíks fólks tvímælalaust vera styrkleika hverfisins og ríma við borgarumhverfi víða annars staðar þar sem fjölmenning og fjölbreytni hefur náð sér á strik. Fólk kemur frá öllum heimshornum, er mikið menntað og lítið, vel efnað og ekki. Óskar segir þó að stéttaskipting sé ekki til staðar í hverfinu.

**Væru mistök í dag**

„Ég tel að stéttaskipting brotni niður í þessu umhverfi. Skipulagið er meðal annars það sem vinnur gegn aðgreiningu þó að hún sé alltaf að einhverju leyti til staðar," segir hann og bendir á þá ákvörðun yfirvalda að láta reisa þann mikla fjölda félagslegra íbúða á sama stað á sínum tíma.

„Í dag myndum við aldrei gera þetta svona, það væru mistök," segir Óskar. „En ég á erfitt með að dæma fortíðina því í þá daga voru menn ekki betur að sér í félagsvísindum en svo að þeir hrúguðu íbúðunum saman á einn stað. Ákvörðunin hafði ekki jákvæðar afleiðingar fyrir uppbyggingu samfélagsins, þótt hún hafi verið gerð af góðum hug. Hlutirnir voru ekki hugsaðir til enda. Samt þurfti auðvitað að byggja þetta húsnæði og við erum enn að vinda ofan af fórnarkostnaðinum."



**DAGLEGT SPJALL Í MJÓDDINNI** Óskar röltir stundum um Mjóddina og hittir fyrir þennan fríða hóp karla sem kemur saman á kaffihúsi bakarísins á hverjum degi til að ræða mál líðandi stundar. Enginn þeirra, að einum undanskildum, á þó heima í Breiðholti þótt það verði fyrir valinu sem daglegur samverustaður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Raunsæ umfjöllun**

Óskar segir að vissulega séu fordómar gagnvart Breiðholti en bendir á að nauðsynlegt sé að átta sig á því að umfjöllunin um hverfið sé ekki eins neikvæð og sumir virðast halda.

> Það var mikið rætt um að það væri svo illa talað um Breiðholtið, en niðurstaðan leiddi annað í ljós því umfjöllunin var yfirleitt mjög fagleg.

„Mér finnst fólk stundum gera of mikið úr tali um neikvæða umfjöllun. Við fengum Fjölmiðlavaktina til að greina umfjöllun fjölmiðla og það hallaði ekkert meira á Breiðholt en önnur hverfi varðandi frásagnir af glæpum. Það var meginniðurstaðan," segir Óskar. „Það var mikið rætt um að það væri svo illa talað um Breiðholtið en niðurstaðan leiddi annað í ljós því umfjöllunin var yfirleitt mjög fagleg. En um leið og fordómarnir eru farnir að há manni sjálfum er maður kominn í vandræði."

**Býr sjálfur í miðbænum**

Þrátt fyrir að starfa sem hverfisstjóri Breiðholts býr Óskar í miðborginni ásamt fjölskyldu sinni. Hann segir að þar sé fjölskyldan búin að festa rætur, börnin gangi þar í skóla svo flutningar yrðu ekki einfaldir. Hann var búsettur í miðborginni þegar hann sótti um starf hverfisstjóra.

„Þótt ég hafi alist upp í Breiðholti og tekið út minn þroska þar hef ég nú fest rætur annars staðar," segir hann. „Það væri auðvitað betra ef ég byggi í hverfinu en það er spurning hversu miklu á að fórna fyrir starfið sitt."

## Spurt í Kringlunni: „Hvað dettur þér fyrst í hug þegar ég segi Breiðholt?"

Fréttablaðið gerði lauslega könnun meðal um fimmtíu Kringlugesta í síðustu viku og tók þá tali um Breiðholtið. Spurningin var einföld: „Hvað dettur þér í hug þegar þú heyrir orðið Breiðholt?"

Töluverður munur var á svörum fólks eftir aldri, en orðið „gettó" var langalgengasta svarið hjá aldurbilinu 15 til 30 ára, eða hátt í 60 prósent. Önnur orð sem komu fram hjá yngri kynslóðinni voru „Harlem", „gengjastríð", „hrædd", „glæpamenn", „dónalegir unglingar" og „villingahverfi". Nokkrir áttu þó heima í Breiðholtinu og gáfu hið einfalda svar „heima".

Eldri svarendur virtust flestir hafa aðrar hugmyndir um Breiðholt og gáfu svör eins og „vel skipulagt hverfi", „fjölmenning", „flott hverfi", „íbúðahverfi", „upphaf úthverfa", „Garðheimar" og „Seljahverfi".



„Ég bý í Breiðholtinu þannig að það er bara heima. Og það er mjög gott að búa þar. Ég er frá Nepal og í mínu næsta nágrenni eru um fimmtíu manns sem koma þaðan."

**Kundan Mistra**



„Gettó."

**Guðmundur Heiðar Helgason**



„Villingahverfi. Eða villingar."

**Rúna Björt Ármannsdóttir og Kristín Rán Sigurz**



„Flott hverfi sem hefur upp á allt að bjóða."

**Guðbjörg Pálsdóttir og Svala Vignisdóttir**



„Fellahverfi og gettó."

**Margrét Arnþórsdóttir og Davíð Snær Jónsson**



„Við vorum með stóran hóp stjórnenda með ólíkan bakgrunn á sérsniðnu námskeiði fyrir okkur þar sem lögð var áhersla á stjórnun, mannleg samskipti og aukið fjármálalæsi. Gríðarleg ánægja var með námskeiðið hjá okkar stjórnendum og fóru kennararnir langt umfram væntingar. Námskeiðin voru blanda af fræðilegu efni og verklegu, upplifunin var af faglega unnu námsefni og kennslu og áhugi á okkar fyrirtæki skein í gegn hjá leiðbeinendunum. Þau voru alltaf reiðubúin til þess að yfirfæra fræðin á það sem við vorum að gera.“

**Þórhildur Ólöf Helgadóttir,**
Framkvæmdastjóri fjármálasviðs Securitas.

# SKAPAÐU ÞÉR SÉRSTÖÐU Á VINNUMARKAÐI

Opið er fyrir umsóknir í lengri námskeið Opna háskólans í HR sem hefjast á haustönn.

## VERKEFNASTJÓRNUN APME

(*Applied Project Management Expert*)

Nám á háskólastigi. Kennt í fjarnámi. Veitir ígildi 24 ECTS-eininga inn í grunnnám við tækni- og verkfræðideild HR. Lýkur með alþjóðlegu IPMA-prófi til vottunar um þekkingu nemenda á aðferðafræði verkefnastjórnunar. Lögð er áhersla á tölulegar greiningar við ákvarðanatöku og stjórnun rekstrar og verkefna.
**Hefst 7. september**

## ÁBYRGÐ OG ÁRANGUR STJÓRNARMANNA

Námskeiðið er ætlað stjórnarmönnum fyrirtækja, stofnana og eftirlitsskyldra aðila samkvæmt skilyrðum FME, sem og þeim sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarsetu. Markmið námslínunnar er að efla faglegan grunn þátttakenda m.a. með þjálfun á sviði lagalegra, fjárhagslegra og siðferðilegra þátta auk umfjöllunar um endurskoðun og áhættustýringu.
**Hefst 11. september**

## MARKÞJÁLFUN

(*Executive Coaching*)

Nám á háskólastigi þar sem áhersla er lögð á stjórnendamarkþjálfun og helstu áskoranir stjórnenda í íslensku atvinnulífi. Veitir ígildi allt að 12 ECTS-eininga í valdar námsleiðir innan viðskiptadeildar HR. Námið undirbýr nemendur fyrir alþjóðlega ACC/PCC vottun (Associate/Professional Certified Coach) og veitir þeim traustan grunn til að starfa sjálfstætt sem markþjálfar. Leiðbeinandi er Cheryl Smith, en hún býr m.a. yfir rúmlega 25 ára reynslu af leiðtogaþjálfun fyrir stórfyrirtæki og ríkisstofnanir í Bandaríkjunum.
**Hefst 12. september**

## STJÓRNUN AÐFANGAKEÐJUNNAR – NÝTT

(*Supply Chain Management Programme*)

Lögð er áhersla á að auka þekkingu þátttakenda á heildarmynd aðfangakeðjunnar. Námið er hannað að alþjóðlegri fyrirmynd og byggir á fræðilegum grunni en áhersla er lögð á að námið sé hagnýtt og efnistök því aðlöguð að íslensku atvinnulífi. Námið er kennt í lotum og hentar sérstaklega sérfræðingum og stjórnendum fyrirtækja sem starfa á sviði framleiðslu, þjónustu, dreifingar og inn- eða útflutnings.
**Hefst 18. september**

## PMD – STJÓRNENDANÁM HR

(*Programme for Management Development*)

Námið er hannað að alþjóðlegri fyrirmynd og lagað að íslenskum aðstæðum til að efla faglega þekkingu og færni stjórnenda. Sérfræðingar og samstarfsaðilar Háskólans í Reykjavík sjá um kennsluna sem er byggð að miklu leyti á hagnýtum verkefnum. Námið hentar vel þeim stjórnendum sem vilja bæta menntun sína án þess að skuldbinda sig í langtímanám.
**Hefst 19. september**

## STRAUMLÍNUSTJÓRNUN:

Þróun viðskiptaferla með stöðugum framförum
(*Lean Management Programme*)

Heildstætt nám að í aðferðum straumlínustjórnunar, stöðugra umbóta og þróunar viðskiptaferla. Námið miðar að því að varpa ljósi á þá möguleika til umbóta og framfara sem felast í viðskiptaferlum fyrirtækja. Námið hentar sérstaklega sérfræðingum og stjórnendum framleiðslu- og þjónustufyrirtækja sem hafa áhuga á að skoða nánar möguleika þessara aðferðafræða.
**Hefst 19. september**

## STAFRÆN MARKAÐSSETNING – NÝTT

(*Professional Digital Marketing*)

Námið miðar að því að auka skilning nemenda á markaðssetningu og viðskiptum á netinu og efla færni þeirra við notkun á þeim tækjum og tólum sem til staðar eru. Námið er ætlað markaðsfólki og því gert ráð fyrir að umsækjendur búi yfir skilningi á grunnþáttum markaðsfræðinnar. Um er að ræða metnaðarfullt og hagnýtt nám sem byggt er upp í samstarfi við viðskiptadeild HR og fremstu sérfræðinga landsins á sviði viðskipta og markaðssetningar á netinu.
**Hefst 26. september**

## MENNTUN FYRIR ATVINNULÍF OG SAMFÉLAG

OPNI HÁSKÓLINN Í HR BÝÐUR FJÖLBREYTT ÚRVAL VANDAÐRA NÁMSKEIÐA FYRIR STJÓRNENDUR OG SÉRFRÆÐINGA Á SVIÐUM TÆKNI, VIÐSKIPTA OG LAGA. NÁLGUN NÁMSEFNISINS ER HAGNÝT OG Í TAKT VIÐ STRAUMA OG STEFNUR ATVINNULÍFSINS.

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

**opnihaskolinn.is** | opnihaskolinn@opnihaskolinn.is | Sími 599 6200

# Stóri dagurinn



Eftir síðasta útdrát
greiddum við
**yfir 91 milljón**
til vinningshafa!

PIPAR\TBWA • SÍA • 131481

# Við erum að tala um
# 50 MILLJÓNIR

**EINN MIÐI – ÞREFALDIR MÖGULEIKAR**

A

AÐALÚTDRÁTTUR

**70.000.000**

Í Aðalútdrætti vinna um **3.000** manns allt frá 5 þúsund krónum upp í **25 milljónir**. Að meðaltali eru um **74 milljónir** greiddar út.

50

*MILLJÓNAVELTAN*

**50.000.000**

Í **Milljónaveltunni** drögum við út **10 milljóna** vinning sem hækkar um aðrar **10 milljónir** í næsta mánuði ef hann gengur ekki út.

1

MILLJÓN Á MANN

5 x **1.000.000**

Í **Milljón á mann**, fá **5 heppnir** vinningshafar **eina milljón** króna. Aðeins er dregið úr seldum miðum.

DRÖGUM
**Í DAG**
11. JÚNÍ

Fáðu þér
miða fyrir
**kl. 18.00**

tt

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 563 8300 eða hjá næsta umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
*Vænlegast til vinnings*

Ólafur Ragnar nýtir sér tómarúm í Evrópumálum:

# Nýtt forsetasóló

Ekki kom á óvart eitt augnablik að forseti Íslands nýtti tækifærið og stigi inn í tómarúmið sem óskýr stefna ríkisstjórnarinnar í Evrópumálum skapar. Forsetinn tók að sér að útskýra fyrir okkur í þingsetningarræðu að „þrátt fyrir vinsamlegar yfirlýsingar“ hefði Evrópusambandið í raun ekki áhuga á að semja við Ísland um aðild.

Ástæðurnar væru ótti við að Íslendingar felldu aðildarsamninginn, að litlar líkur væru á að hægt væri að koma til móts við Ísland í sjávarútvegsmálum, og að ýmis aðildarríki teldu mikilvægara að sigrast á innri erfiðleikum sambandsins en að mæta kröfum Íslendinga.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Þetta hefur forsetinn eftir ónafngreindum „evrópskum áhrifamönnum“. Það vantar reyndar í söguna hvort þetta séu menn sem taka ákvarðanir um aðildarviðræðurnar við Ísland, ekki sízt af því að síðan hefur verið ítrekað að stefna sambandsins um að ljúka viðræðum við Ísland sé óbreytt. Það vantar líka frásögn af því hvaða boðskap forsetinn flutti hulduviðmælendum sínum. Lagði hann áherzlu á neikvæð viðhorf gagnvart Evrópusambandinu á Íslandi eða dró hann til dæmis fram niðurstöður skoðanakannana, sem sýna að meirihluti landsmanna vill ljúka aðildarviðræðunum?

Alltént kom það heldur ekki á óvart að embættismenn ESB hefðu samband við utanríkisráðuneytið til að fá að vita hver færi í rauninni með utanríkismál þjóðarinnar. Það var eðlileg spurning, í framhaldi af því að forsetinn steig svona myndarlega inn á verksvið utanríkisráðherrans.

Hins vegar er ástæða til að vera hissa á viðbrögðum ríkisstjórnarinnar við þessu nýjasta sólói forsetans. Utanríkisráðherrann ítrekaði að hann færi með utanríkismálin, en fannst í góðu lagi að forsetinn tjáði sig um þau með þessum afgerandi hætti. Forsætisráðherrann setti svo fram nýja túlkun á stjórnskipan landsins í útvarpsviðtali. Hann sagði að það væri nú ekki á verksviði forsetans að tjá sig um pólitík. Þetta sem forsetinn var að tala um hefði hins vegar hvorki verið „hefðbundið utanríkispólitískt eða innanríkispólitískt mál, heldur fullveldismál. Og það heyrir í raun undir forsetann, eins og þingið“.

Það kemur alls ekki á óvart að sérfræðingar í stjórnskipun landsins klóri sér í hausnum yfir þessari yfirlýsingu og því síður að venjulegt fólk skilji engan veginn hvað hún þýðir.

Sigmundi Davíð virðist talsvert í mun að efna ekki til átaka við gaurinn sem lét hann hafa stjórnarmyndunarumboðið og talar fallega um Framsókn í útlöndum. Líklega vill hann ekki lenda í sama stríði við forsetann og síðasta ríkisstjórn stóð lengi í.

Þó kemur á óvart að Sigmundur skuli ekki muna betur en raun ber vitni hversu kært var með forsetanum og vinstri stjórninni í upphafi. Ólafur Ragnar var til að byrja með í einkar guðföðurlegum stellingum gagnvart þeirri stjórn, ekki síður en þeirri sem nú situr. Svo fór það eins og það fór.

Sömuleiðis kemur á óvart ef forystumenn núverandi stjórnarflokka eru búnir að gleyma sumrinu 2004, þegar forsetinn fór gegn ríkisstjórn sömu flokka og meirihluta Alþingis og setti stjórnskipun landsins á hvolf.

Því að ef ráðherrar í ríkisstjórn Íslands ættu að vita eitthvað fyrir víst, er það að þeir vita aldrei hvar þeir hafa Ólaf Ragnar Grímsson.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

**Hvað er CISV?**

CISV – Building Global Friendship - eru alþjóðleg friðarsamtök óháð stjórnmálum og trúarbrögðum.

Samtökin voru stofnuð af barnasálfræðingnum Dr. Doris Allen eftir seinni heimsstyrjöldina. Hugmynd Dorisar var sú að börn frá ólíkum löndum kæmu saman, lærðu að lifa saman á grundvelli umburðarlyndis og jafnréttis, lærðu að hugsa og draga ályktanir í anda alþjóðavitundar og vinna þannig að friði í heiminum. CISV - Building Global Friendship heldur yfir 150 sumarbúðir á hverju ári.

**Vegna forfalla er laust í fyrir 14 – 15 ára strák og/eða stelpu Youth meeting í Póllandi**

Hvað er Youth meeting? Youth meeting er ýmist 8 eða 15 daga sumarbúðir þar sem ungmenni koma saman og vinna útfrá einu fyrirfram ákveðnu þema. Þema sumarbúðanna í Póllandi er "Have a dream". Þarna koma saman 30 ungmenni frá Frakkalandi, Ísrael, Makedóníu, Póllandi og Íslandi. Dagsetning sumarbúðanna í Póllandi er: 5. júlí – 19. júlí

Nánari upplýsingar gefur Ásta í síma 861 1122 eða á cisv@cisv.is
www.cisv.is

### Skrefin og kostirnir

Fréttablaðið sagði frá því í gær að vinnslusvæði Hellisheiðarvirkjunar væri bæði minna og ekki eins orkuríkt og áður var talið. Sú staða leiðir hugann að þeim virkjanakostum sem fyrir liggja, hvort áætlanir um orkuöflun muni standast og hvernig orkunni skuli ráðstafað. Á til dæmis að bora á ósnortnum svæðum, upp á von og óvon, til að ráðstafa í eitt risaverkefni eða er hyggilegra að taka minni skref í orkuöflun og safna fleiri eggjum í körfuna? Þessi uppljóstrun Fréttablaðsins kemur á sama tíma og ráðherra umhverfismála, Sigurður Ingi Jóhannsson, íhugar hvort umhverfisráðuneyti sé jafnvel óþarft. Menn gætu þess í stað miðað að því að vera „fullkomlega meðvitaðir um umhverfisþáttinn“ þegar ákvarðanir um framkvæmdir eru skoðaðar.



### Jafnrétti á Alþingi

Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, segir Alþingi brjóta lög með því að tryggja ekki að konur séu 40% fulltrúa í þingnefndum hið minnsta. Hlutfallið nú er 39%. Það er kannski ekki stórt misræmi, þótt vissulega eigi Alþingi að standa við eigin lög.

### Ástæðan, eða ekki

Brynjar Níelsson alþingismaður víkur að þessum orðum Kristínar í „síðasta skætingspistli“ sínum þar sem hann ber saman epli og appelsínur. Kosið sé í þingnefndir á lýðræðislegan hátt og „kjósendur brjóta t.d. ekki jafnréttislög með því að kjósa fleiri af öðru kyninu í kosningum“. Þá segir Brynjar að muninn á kynjahlutföllum í nefndum megi skýra með reglum um að enginn þingmaður megi sitja í fleiri en tveimur fastanefndum. Þá séu fáar konur í þingflokkum stjórnarinnar. Þess vegna séu ekki fleiri konur í fastanefndunum. Brynjar tekur hins vegar ekki fram að af þeim níu þingkonum stjórnarflokkanna sem tök hafa á því að vera í tveimur fastanefndum eru aðeins þrjár sem voru kjörnar til þess.



thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Laun stjórnarformanns FME

JAFNRÉTTI



**Aðalsteinn Leifsson**
lektor og stjórnarformaður FME

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, skrifar pistil undir fyrirsögninni „Alþingi og kyn“ á vef sinn. Þar vekur hún athygli á því að konur velja fremur störf við velferðarmál og að störf á því sviði eru verr launuð en ýmis störf þar sem karlmenn eru í meirihluta. Þessu þurfi að breyta.

Eygló dregur fram mun á greiðslum fyrir stjórnarformennsku í Fjármálaeftirlitinu og Tryggingastofnun ríkisins og skrifar: „Stjórnarformaður FME fær 600.000 kr. á mánuði en stjórnarformaður Tryggingastofnunar ríkisins fær greiddar 60.000 kr. á mánuði. Eru verkefni FME virkilega tíu sinnum erfiðari eða virðingarmeiri en verkefni Tryggingastofnunar? Nei, ég held nú síður.“

**Það um launalækkun**

Þegar ég tók við stjórnarformennsku í FME í júní 2011 var greiðsla fyrir vinnuna 600.000 kr. Ein af ástæðunum fyrir þeirri háu greiðslu var sú mikla vinna sem staðan krafðist vegna endurreisnar fjármálakerfisins og FME. Haustið 2012 bað ég sjálfur ráðherra um að lækka launin um þriðjung vegna þess að uppbygging fjármálakerfisins og FME gengi vel og því mætti búast við að

> **➜ Haustið 2012 bað ég sjálfur ráðherra um að lækka launin um þriðjung vegna þess að uppbygging fjármálakerfisins og FME gengi vel og því mætti búast við að álagið myndi minnka.**

álagið myndi minnka. Með þessu vildi ég undirstrika að sýnd væri ráðdeild í störfum FME og gefa fordæmi um að gæta nægjusemi í launum á fjármálamarkaði. Ráðherra varð við þessu og því eru laun stjórnarformanns 400.000 kr. – ekki 600.000 kr.

**Velferð ekki mjúkur málaflokkur**

Ég vil taka undir orð Eyglóar um að „…það er löngu kominn tími til að við áttum okkur á að velferðarmálin eru ekki neinn mjúkur málaflokkur“. Stundum kann að eiga við að lækka laun, eins og ég hef gert í tilfelli stjórnarformanns FME, og víða þarf að hækka laun í störfum við velferðarmál.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Sigríður Björg Tómasdóttir, *sigridur@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Hégómi, hrörnun og hamingjan

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



Þegar við förum að eldast finnum við meira fyrir ýmsum hlutum sem áður höfðu litla sem enga þýðingu fyrir okkur. Á ákveðnum aldri er maður óstöðvandi, fullur af orku og stöðugt að læra eitthvað nýtt, en í kjölfarið byrjum við að hrörna smám saman og förum að bera þess merki. Yfirleitt er líkaminn á undan sálartetrinu, við þekkjum þær frásagnir að fólki finnst það enn vera í kringum tvítugt þrátt fyrir að vera orðið umtalsvert og jafnvel margfalt eldra, sérstaklega ef það er enn hraust og virkt.

Við viljum ekki verða gömul því okkur finnst það enn að einhverju leyti vera ósigur, við erum í baráttu sem við getum ekki unnið og sumir verða svo uppteknir af því að stöðva framgang öldrunar að það beinlínis leggst á sálina á þeim. Þannig er ferlinu líklega hraðað umtalsvert því þekkt er að streita og vanlíðan hefur neikvæð áhrif á okkur í margvíslegum skilningi og á þessum vettvangi hraðar slík líðan vafalaust öldrun.

Ytra áreiti, þrýstingur og staðalímyndir minna okkur á það dags daglega hvernig við „eigum“ að líta út og það er stanslaus áróður sem þessi sem hefur skapað þá útlitsdýrkun sem við þekkjum í dag sem raunverulegt vandamál. Andlega sjúkdóma eins og kvíða, þunglyndi, átraskanir og marga fleiri má eflaust túlka sem afleiðingar og þeir leggjast bæði á stráka og stelpur. Það hefur býsna margt verið reynt til að sporna gegn þessari þróun og fá börn og unglinga sem eru hvað mest í mótun til að átta sig á fleiri gildum en útliti einu saman. Okkur gengur ekkert sérstaklega vel sýnist mér og hef ég raunverulegar áhyggjur. Við fullorðna fólkið erum auðvitað ákveðnar fyrirmyndir, en það sem hefur sýnt sig er að svokallaðar stjörnur og fræga fólkið hafa mun meiri áhrif en okkur gæti órað fyrir í bæði jákvæðum og neikvæðum skilningi.

### Skemmtanaiðnaðurinn

Rétt til að árétta vægi skemmtanaiðnaðarins í mótun atferlis og umræðu má benda á þá umfjöllun á heimsvísu sem brottnám brjósta Angelinu Jolie vakti, en fjöldamargar konur hafa gengist undir slíka aðgerð á undan henni og læknavísindin hafa stundað þessa meðferð um nokkurt skeið án þess að nokkur hafi raunverulega sýnt því áhuga á slíkum skala sem brjóstin hennar vöktu. Sama gildir um meint munnmök Michaels Douglas í samhengi við krabbamein sem hann fékk í munnhol. Þar er þróun sem við höfum fylgst með lengi víða um heiminn og er vel þekkt, en það virðist þurfa einhvern frægan til að almenningur og fjölmiðlar nenni að fjalla um slík málefni. Við getum með sama hætti heimfært hegðun, klæðaburð, talsmáta og margt fleira yfir á það sem stjörnurnar leggja á borð fyrir börnin og unglingana okkar og móta þannig hegðun þeirra.

En fullorðna fólkið margt hvert er engu betra í raun, það eltist við æskuna, af mismikilli áfergju þó, í fullkominni minnimáttarkennd fyrir hinu óumflýjanlega, nefnilega því að eldast og hrörna. Öll vildum við geta stöðvað eða hægt á þeirri þróun og eru til óendanlega margar bækur, kvikmyndir og annað efni þar sem spilað er með þá hugsun að geta stýrt öldruninni. Til skamms tíma voru það mestmegnis konur sem létu lagfæra útlit sitt, en í dag er talsverður fjöldi karla sem leitar til lýtalækna í þeim sama tilgangi. Mjög mikið er selt af efnum til að draga úr öldrun húðarinnar eins og krem eða töflur, talsvert sprautað einnig, skorið og togað til með einum eða öðrum hætti. Minna er gert af því að huga að hinum innri manni eða konu í sama tilliti, því miður, enda árangurinn ekki alveg eins sýnilegur auðvitað.

### Lífsgleði og hamingja

Það eru því miður engar töfralausnir til í þessu efni, en þó er algerlega ljóst að ef einstaklingurinn er í andlegu ójafnvægi þá mun hann eldast hraðar en sá sem er lífsglaður og hamingjusamur. Ef viðkomandi reykir mun hann skemma húðina sína meira og hraðar en nokkurt krem eða botox mun geta lagað. Þá er ekki horft til innri líffæra eins og lungna, hjarta og æðakerfis sem öll eldast hraðar og skemmast fyrr hjá þeim sem reykja. Ekki má gleyma ristruflunum og getuleysi bæði karla og kvenna sem fylgir oftsinnis í kjölfarið. Ég þarf varla að minnast á offituna, hreyfingarleysið og óhollt mataræði í þessu samhengi því það er svo augljóst. Hið merkilega er að fólk tengir öldrun ótrúlega mikið við útlit, minni og kyngetu en það er bara svo miklu miklu meira sem kemur til.

Temdu þér því holla lífshætti, settu sjálfan þig í forgang, láttu þér líða vel og í öllum bænum hættu að reykja ef þú gerir það! Þessar einföldu reglur munu spara þér mikla peninga í framtíðinni sem þú gætir notað í eitthvað annað og skemmtilegra og þær munu sennilega lengja lífið og bæta það umtalsvert. Láttu hégómann ekki ná tökum á þér, njóttu þess að eldast því það mun fara þér betur og eyddu orku þinni í það að vera hamingjusamur, þú getur nefnilega ráðið því!

Það eru því miður engar töfralausnir til í þessu efni, en þó er algerlega ljóst að ef einstaklingurinn er í andlegu ójafnvægi þá mun hann eldast hraðar en sá sem er lífsglaður og hamingjusamur.

## AF NETINU

### Landsnet er stjórnvald

Í krafti þess að Landsnet starfar á grunni laga og er fyrirtæki í eigu ríkisins hefur mér þótt ljóst að fyrirtækið væri stjórnvald. Nú þegar úrskurðurinn liggur fyrir er í fyrsta skipti hægt að kæra fyrirtækið fyrir það ofurvald sem fyrirtækið hefur beitt í krafti sérþekkingar og einokunar.

Þannig þarf fyrirtækið nú að sýna fram á að það hafi sinnt upplýsingaskyldu og gætt meðalhófs og jafnræðis í framkvæmd kerfisáætlunar sinnar.

Það er mikilvægt í góðu samfélagi að fyrirtæki sem kostað er af almannafé og rekið í almannaþágu beiti ekki yfirburðum sínum til að knýja fram niðurstöðu. Í því samhengi er úrskurður umhverfis- og auðlindaráðuneytisins afar, afar mikilvægur.

http://blog.pressan.is

*Inga Sigrún Atladóttir*

### Framsóknarsporin hræða

Það var gott að sjá forsvarsmenn Orkuveitu Reykjavíkur stíga fram á síðum blaðanna í morgun. Þar liggur fyrir efnisleg viðurkenning á því að jarðhitavirkjanir OR á Hellisheiði eru ekki sjálfbærar heldur ganga hratt á auðlindina, þær munu renna út á næstu 15 árum verði ekki að gert og öll loforð OR um afhendingu orku frá viðbótarvirkjunum eru þvættingur byggður á sandi.

Einnig kemur fram að fokdýrar boranir OR við Skarðsmýrarfjall og víðar hafa verið fálm í myrkri sem engri orku hafa skilað. Niðurdælingar með tilheyrandi jarðskjálftum eru senn að renna sitt skeið á enda og þá veit enginn hvernig á að losna við þá eitursúpu sem kemur upp úr jarðhitageyminum.

http://www.dv.is

*Páll Ásgeir Ásgeirsson*

Heilbrigðissvið Fastus

Fastus býður uppá mikið úrval af vörum á heilbrigðissviði



Rannsóknarvörur



Ansell hanskar




Tunturi Pilates æfingasett



Sporlastic spelkur



Rafskutlur



Sjúkrarúm

FASTUS

Veit á vandaða lausn

FASTUS_H_19.06.13

**Komið í verslun okkar að Síðumúla 16 - 2.hæð. Opið mán - fös 8.30 - 17.00**
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

# Opið hús Hrafnhildar verðlaunað

## Útvarpsleikhúsið hlaut Norrænu útvarpsleikhúsverðlaunin í Helsinki fyrir helgi.

Útvarpsleikhúsið hlaut fyrstu verðlaun á Norrænu útvarpsleikhúsverðlaununum sem veitt voru í Helsinki fyrir helgi. Verðlaunin voru fyrir leikritið Opið hús en það er eftir Hrafnhildi Hagalín og í leikstjórn Kristínar Eysteinsdóttur. Verkið var jólaleikrit Útvarpsleikhússins en dómnefndir á Norðurlöndunum völdu milli sex norrænna verka þar sem Opið hús þótti bera af. Þetta er í annað skipti á þremur árum sem Útvarpsleikhúsið hlýtur þessi verðlaun. Verkið fjallar um fimm persónur sem hittast í húsi sem er til sölu þegar haldið er opið hús. Með hlutverk í leikritinu fara Kristbjörg Kjeld, Erlingur Gíslason, Bergur Þór Ingólfsson, Unnur Ösp Stefánsdóttir, Björn Thors og Ellert A. Ingimundarson. Hallur Ingólfsson samdi tónlistina við verkið en Einar Sigurðsson sá um hljóðvinnslu.



**NORRÆN VERÐLAUN** Verkið Opið hús eftir Hrafnhildi Hagalín hlaut fyrstu verðlaun þegar Norrænu útvarpsleikhúsverðlaunin voru veitt í Helsinki fyrir helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

---

†



**VALUR HARALDSSON**
**frá Stóra-Núpi,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk í Reykjavík fimmtudaginn 6. júní. Útför hans fer fram frá Stóra-Núpskirkju laugardaginn 15. júní kl. 11.00.

**Aðstandendur.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KLARA HJARTARDÓTTIR**
**frá Vestmannaeyjum,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk föstudaginn 7. júní. Útförin fer fram frá Aðventkirkjunni við Ingólfsstræti, föstudaginn 14. júní kl. 13.00.

**Ellý Elíasdóttir** — **Guðmundur Stefánsson**
**Óskar Elíasson** — **Ingibjörg Guðjónsdóttir**
**Guðný Sólveig Elíasdóttir** — **Sigtryggur Antonsson**
**Hjörtur Kristján Elíasson**
**Ómar Elíasson** — **Hallfríður Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu og hlýhug við andlát og útför eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÞORBJARGAR JÓHANNESDÓTTUR**
**Holtagerði 61, Kópavogi.**

**Kristinn Skæringsson**
**Aðalbjörg Kristinsdóttir** — **Valgeir Hallvarðsson**
**Gissur Kristinsson** — **Ruth Bergsdóttir**
**Finnur Kristinsson** — **Herdís Þorsteinsdóttir**
**Ísleifur Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær sambýlismaður, faðir og fósturfaðir,

**RÓBERT JAMES ABBEY**
**Freyjugötu 18, Sauðárkróki,**

lést á heimili sínu. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 14. júní kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Heilaheill.

**Oddný Björnsdóttir**
**Róbert Gabríel Róbertsson Abbey**
**Aaron Úlfar Róbertsson Abbey**
**Emma Sara Róbertsdóttir Abbey**
**Þórdís María, Eva Rós, Rebecca Michelle,**
**og aðrir aðstandendur.**

---



Mamma okkar og tengdamamma,

**ÞÓRUNN SÓLVEIG ÓLAFSDÓTTIR**

er dáin. Útför hennar mun fara fram í kyrrþey.

**Stefana Björk Gylfadóttir** — **Guðmundur Björgvinsson**
**Ólafur Gylfi Gylfason** — **Bergþóra Kristín Grace**
**Þórunn Rakel Gylfadóttir** — **Sveinn Margeirsson**
**Þröstur Ingvar Gylfason** — **Ragnhildur Birna Hauksdóttir**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐNÝ ÞORSTEINSDÓTTIR**
**Hjúkrunarheimilinu Ísafold,**
**áður Efstaleiti 14,**

lést sunnudaginn 2. júní. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 12. júní kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Rauða krossinn, Hringinn eða Landssamtökin Þroskahjálp.

**Halldóra Sigurðardóttir** — **Viðar Símonarson**
**Anna Sjöfn Sigurðardóttir** — **Guðmundur Páll Ásgeirsson**
**Ólafur Njáll Sigurðsson** — **Birna Bergsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**INGA J. GÍSLADÓTTIR**
**Vogatungu 5, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum Fossvogi mánudaginn 3. júní. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 13. júní kl. 13.00.

**Guðrún Halldórsdóttir** — **Baldur Jónsson**
**Guðborg Halldórsdóttir**
**Andri Már Ólafsson** — **Birna Friðfinnsdóttir**
**Baldur Baldursson** — **Anna Rún Einarsdóttir**
**Kristín Sveiney Baldursdóttir** — **Hlynur Guðlaugsson**
**og barnabarnabörn.**

---

†



Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ANTON GUÐLAUGSSON**
**Dalvík,**

lést á Dvalarheimilinu Dalbæ, Dalvík, laugardaginn 8. júní. Útförin verður auglýst síðar.

**Sigurlaug Sveinsdóttir**
**Guðbjörg Antonsdóttir**
**Elín Antonsdóttir** — **Skafti Hannesson**
**Anna Dóra Antonsdóttir** — **Sveinn Sveinsson**
**Arna Antonsdóttir**
**Þórólfur Antonsson** — **Hrönn Vilhelmsdóttir**
**Árdís Antonsdóttir**
**barnabörn, langafabörn og langalangafabarn.**

---

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**MAGNÚS GÍSLASON**
**fv. formaður Verslunarmannafélags Suðurnesja,**

lést fimmtudaginn 6. júní á Landspítalanum við Hringbraut. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 13. júní kl. 15.00. Jarðsett verður í Útskálakirkjugarði.

**Hreinn Magnússon**
**Ásta Magnúsdóttir** — **Benedikt Ragnarsson**
**Jóhanna Magnúsdóttir**
**Þóra Björg Magnúsdóttir** — **Sigurður Þórarinsson**
**Solveig Ólöf Magnúsdóttir** — **Haukur Ómarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Elskulegi eiginmaður minn, faðir, afi, langafi og langalangafi,

**JÓN GUÐMUNDSSON**
**Stigahlíð 34, Reykjavík,**

lést mánudaginn 3. júní. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 13. júní kl. 13.00.

**Vigdís Tryggvadóttir**
**Sigríður Nanna Jónsdóttir Roberts**
**Guðmundur Jónsson** — **Lára Sigfúsdóttir**
**Tryggvi Jónsson** — **Ásta Ágústsdóttir**
**Kristín Þorbjörg Jónsdóttir** — **Hrafnkell Gunnarsson**
**Kristín Anný Jónsdóttir** — **Valgeir Ingi Ólafsson**
**Soffía Bryndís Jónsdóttir**
**Una Svava Skjaldardóttir Rogers** — **Chuck Rogers**
**Tryggvi Lúðvík Skjaldarson** — **Halla María Árnadóttir**
**Kristján Róbert Walsh** — **Rebekka Rós Guðmundsdóttir**

---

†



Ástkær faðir okkar, sonur, stjúpsonur og bróðir,

**RÓBERT JAMES ABBEY**
**Kirkjubraut 30, Njarðvík,**

lést sunnudaginn 2. júní. Útförin verður frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 14. júní kl. 13.00.

**Daníel James Róbertsson**
**Mikael Hans Róbertsson**
**Kristófer Davíð Róbertsson**
**Róbert Gabríel Róbertsson**
**Aaron Úlfar Róbertsson**
**Emma Sara Róbertsdóttir**
**Júlíana Pétursdóttir** — **Guðleifur Guðmundsson**
**David James Abbey**
**og aðrir aðstandendur.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**MATARÆÐI.IS**
**Þeir sem vilja breyta mataræðinu og vera meðvitaðir um hvað þeir láta ofan í sig ættu að fylgjast með mataraedi.is. Það er vefsíða um mataræði, heilsu, heilbrigðan lífsstíl og forvarnir gegn sjúkdómum. Hjartalæknirinn Axel F. Sigurðsson deilir þar ýmsum fróðleik með lesendum.**



# LENTUR Í BREIÐAVÍK

**NÆR HÁLFNAÐUR** *Guðni Páll Viktorsson kajakræðari rær hringinn í kringum landið og styrkir um leið Samhjálp. Hann er nær hálfnaður með verkið.*

Ég er nýkominn í Breiðavík og fæ hér konunglegar móttökur. Það er verið að elda fyrir mig kartöflu- og beikonsúpu og súkkulaðimús," segir Guðni Páll Viktorsson þegar blaðamaður nær í skottið á honum í gær. Guðni Páll hefur róið á kajak hálfan hringinn í kringum landið á rúmum mánuði en hann lagði af stað frá Hornafirði þann 30. apríl.

„Ég reri eldsnemma í morgun fyrir Látrabjarg og inn í Breiðavík. Ég rétt náði hingað áður en veðrið breyttist. Ég er hættur í dag enda er byrjað að blása og óhagstætt veður fram undan."

Guðni segir ýmislegt hafa borið á daga hans á löngu ferðalagi. „Það sem hefur staðið upp úr er samt leiðindaveður," segir hann glettinn. Hann segist aldrei hafa verið í lífsháska en lenti þó í óhappi út af Meðallandi í upphafi ferðar. „Suðurströndin var erfiðasti kaflinn, brimið er mikið auk þess sem ég var þar á ferð í byrjun maí og því oft kalt. Til dæmis var næturfrost fyrstu nóttina í Jökulsárlóni," segir Guðni, sem segir ferðalagið hafa gengið mun betur eftir að hann komst fyrir Reykjanestána.

Náttstaðirnir á ferðalaginu hafa verið misjafnir. „Á suðurströndinni var ég tvær nætur í tjaldi en eftir það stílaði ég inn á að komast í gistingu því það var svo kalt. Ég hef gist í slysavarnaskýlum og í bændagistingu. Var á hóteli í Flatey og verð hér í nótt á hótelinu í Breiðavík."

Guðni segir fólk taka mjög vel á móti honum hvar sem hann fer. „Fólk er stundum hissa á að sjá þennan draug ganga upp úr sjónum en það hefur mjög gaman af þessu og er mjög áhugasamt. Ég hef fengið ótrúlegar móttökur, alveg sama hvar ég kem. Þetta er það sem útlendingarnir eru alltaf að segja okkur um íslenska gestrisni," segir hann glaðlega.

Hvað áttu langt eftir? „Heilan helling, það fer svolítið eftir veðrinu hér á Vestfjörðum. Ef norðanáttin er ríkjandi verður þetta erfitt, vonandi fæ ég bara sunnanátt," segir Guðni. Hann ætlar að stoppa um stund í Bolungarvík og verður með kynningardag á Ísafirði þar sem hann sýnir bátinn, búnaðinn og segir frá ferðalagi sínu.

Guðni safnar fyrir Samhjálp meðan á ferðalaginu stendur og hvetur fólk eindregið til að styrkja þetta þarfa málefni. Nánari upplýsingar er að finna á www.aroundiceland2013.com og á Facebook undir Around Iceland 2013.

■ solveig@365.is

**Á VESTFJÖRÐUM** Guðni Páll reri fyrir Látrabjarg í gærmorgun á leið sinni frá Keflavík á Vestfjörðum og í Breiðavík.
MYND/GUÐNI PÁLL VIKTORSSON



**GÓÐUR GESTUR** Guðni hittir bæði fólk og dýr á ferðalagi sínu.

Ekki þjást
Mígreni.is
fyrirbyggjandi fæðubótarefni
MIGRELIEF
BEST OF SUPPLEMENTS AWARD WINNER

GLÆSILEGUR
Fæst í B,C skálum á kr. 5.800,- buxur á kr. 1.995,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur

praxis
...þegar þú vilt þægindi
Boston
leður
Svart, Hvítt st. 35-48
Rautt st. 36-42
Blátt st. 36-47
Verð: 12.900 kr.
Lissabon
Dömusandalar m/ frönskum rennilás
Efni: leður
litur: Hvítt, Rautt, Svart
st. 36-42
Verð: 9.990 kr.
California
(afrafmagnaðir)
Efni: Leður
Litur: Svart, Hvítt
St. 35-46
Verð: 16.900 kr.
Paris
leður
Svart, Hvítt, Blátt
m/microfib og rúskinnssóla
st. 36-42
Verð: 12.900 kr.
Verona
Svart, Hvítt
st. 36-41
Verð: 9.500 kr.
Dömusandalar m/frönskum rennilás
Efni: gervileður
Litur: Grátt/Blátt, Svart/Grátt
St. 36-42
Verð: 7.900 kr.
Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 • www.friendtex.is
Opið mán. – fös. kl. 11–18. Lokað laugardaga

iittala
Gjöf handa þér og þínum
Tékk Kristall
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427

Meirapróf



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
Næsta námskeið hefst 12. júní

Lagerhreinsun



COMAC L22 GÓLFÞVOTTAVÉL
Tilboðsverð:
Kr. 652.600 með vsk.
Kr. 520.000 án vsk.
Tilbúin til notkunar
Gildir út júní 2013
ÍTÖLSK GÆÐAVARA
COMAC L22 gólfþvottavél
Einföld í notkun - Hljóðlát - Sterk - Lipur og meðfærileg
Viðhaldsfríir rafgeymar
Innbyggt hleðslutæki
55 cm vinnslubreidd
78 cm skafa
Vortex ehf www.comac.is s. 445-4885

# STÓRAR TÖSKUR HEILSUSPILLANDI

**TÍSKAN** *Því stærri sem handtöskur kvenna eru þeim mun meiri hætta er á að fá álagsslit og bólgur á herðar og axlir að ekki sé minnst á olnboga. Stórar handtöskur hafa verið mikið í tísku að undanförnu.*

Í Bretlandi og Bandaríkjunum hefur verið talsverð umræða um þessar stóru handtöskur. Victoria Beckham hefur mátt sæta gagnrýni þar sem hún er alltaf með stóra handtösku á handleggnum og margar konur vilja líkjast henni. Að auki hannar hún stórar handtöskur. Breskur sjúkraþjálfari segir að sumar töskur sem konur ganga með séu allt að tíu kíló. Eftir því sem töskurnar eru stærri þeim mun meiru er troðið í þær. Konur leita í stórum stíl til lækna og sjúkraþjálfara vegna eymsla í olnboga, hálsi og öxlum.

Gauti Grétarsson, sjúkraþjálfari hjá Sjúkraþjálfun Reykjavíkur, segist vel kannast við þetta vandamál. „Ég spyr stundum konur hvort þær séu með alla búslóðina í töskunni. Þær eru alltaf með þessar þungu töskur með sér. Bæði þunga handtaskan og tölvan skapa ákveðið vandamál í olnboga og öxlum. Stór og þung handtaska er mjög líkleg til að valda bólgum og eymslum. Konur leggja töskuna á gólfið og beygja sig eftir henni mörgum sinnum á dag. Að lyfta og bera svona þunga tösku er ávísun á vöðvabólgu," segir Gauti og bendir á að sjúkraþjálfarar séu að vinna að því alla daga að fá konur til að minnka álagið á axlir og olnboga hvort sem það er við vinnu eða burð á þungum handtöskum.

Gauti bendir einnig á að það sama eigi við um skólabörn sem eru með of þungar skólatöskur. „Bakpokarnir komu til sögunnar til að létta þetta álag á axlirnar. Það er miklu heilsusamlegra að vera með bakpoka en tösku á annarri öxlinni."

Fjallað er um Victoriu Beckham, stóru töskurnar og meiðslin í öllum helstu blöðum og hafa læknar kallað þetta „poshitis"-sjúkdóminn. Konur vilja vera flottar og fylgja tískunni. Beckham er leiðandi í tískuheiminum og hún hefur áhrif á hvernig konur um víða veröld klæðast. Stóru töskurnar eru hins vegar heilsuspillandi og ætti að varast að hafa þær sífellt á handleggnum.

Gott er að hafa í huga til að forðast vöðvabólgu að taskan sé ekki of þung. Einnig að færa töskuna oft á milli handleggja. Þá er nauðsynlegt að gera æfingar í líkamsræktinni sem styrkja axlir og handleggi. Kona sem er 60 kíló á ekki að bera þyngri tösku en þrjú kíló en viðmiðið er 5% af líkamsþyngd.

■ elin@365.is





**MEÐ TÖSKU** Victoria Beckham er ávallt með stóra handtösku á handlegg. Á myndinni hér til vinstri er hönnun hennar.



**SJÚKRAÞJÁLFARINN** Gauti Grétarsson kannast vel við álagsmeiðsli vegna þess að konur bera of þunga tösku.



ÚTSALAN HAFIN!
MARINA RINALDI
MaxMara
BASLER
Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

# ALLUR ER VARINN GÓÐUR

*Töluverðri geislun stafar frá spjaldtölvum. Vert er að reyna að draga úr henni eins og kostur er.*

Spjaldtölvur eru útbreiddar hér á landi og flestir eru afar hrifnir af þessum handhægu tækjum. Frá þeim stafar þó töluverð geislun sem mikilvægt er að vera meðvitaður um.

Tölvurnar eru ýmist búnar 3G, WiFi eða BlueTooth samskipta- og netkerfi. Séu þær notaðar með 3G er geislunin ekki ósvipuð og frá farsíma. Með WiFi, eða þráðlausu interneti, er hún heldur minni.



Mælt er með því að slökkva á þessum búnaði í tölvunni þegar hún er ekki í notkun til að draga úr geislun. Eins er mælt með því að hafa tölvuna ekki í kjöltu eða upp við maga án þess að vera með eitthvað undirlag sem myndar bil á milli tölvu og líkama. Púðar og fartölvubretti með mjúku frauðplastundirlagi koma að góðum notum en slíkur búnaður fæst meðal annars í IKEA.

Heimild: www.heilsuhringurinn.is




# SAGAN DRÝPUR AF HVERJU STRÁI

## Heimsókn í bílasafn Porsche í Stuttgart er sannkölluð veisla fyrir augað bæði vegna bílanna og arkitektúrs hússins.

Þýskir bílaframleiðendur eru stoltir af bílum sínum og sögu og hafa umfram aðra gert arfleifð þeirra skil með bílasöfnum. Eitt þeirra er safn Porsche í Zuffenhausen í Stuttgart. Saga Porsche er sannarlega glæst, hvort sem litið er til frumkvöðlahlutverks og sérstöðu Porsche, keppnisaksturs eða framleiðslu draumabíla fyrir almenning. Porsche gerir fátt með hangandi hendi og þegar kom að því að reisa safn utan um alla fegurðina var það gert á fallegasta hátt. Húsið sem safnið er í er eitt sérstæðasta og fegursta hús sem greinarritari hefur séð. Það svífur hreinlega á sínum sterku stoðum sem ná 26 metra niður í jörðina og þar sem svo mikils styrks er krafist vegna sérstæðs byggingarlagsins er jafn mikið stál í þessari 22.000 fermetra byggingu og í Eiffel-turninum.

**Úr mörg hundruð bílum að velja**

Húsið er eins og geimskip og glerklætt að mestu með speglagleri og nýtur sín jafnvel betur á kvöldin en daginn með sína sérstæðu lýsingu. Safnið stendur alveg í hjarta höfuðstöðvanna í Zuffenhausen og hinum megin við götuna, sem liggur fyrir framan anddyri safnsins, er einn flottasti bílasalur sem um getur og þar sýnir og selur Porsche allar sínar nýju gerðir bíla. Heimsókn þangað er ekki síður upplifun en safnið sjálft. Þar kallast á núið og fortíðin. Safnið opnaði árið 2009 og kostaði smíðin 100 milljón evrur, eða 16 milljarða króna. Í sýningarsalnum eru að jafnaði 80 bílar og Porsche skiptir mjög hratt um bíla í safninu og bjóða upp á mismunandi þemu við hver umskipti. Porsche hefur úr mörgum hundruðum bíla að velja til að sýna í safninu, en varðveisla þeirra eigin bíla gegnum áratugina er til eftirbreytni. Allir eru þeir gangfærir og geymdir í enn stærra húsi í höfuðstöðvunum. Porsche gætir samt ávallt að því að greina vel frá arfleifð sinni og þeirra fyrstu bílar skapa veglegan sess. Þar sjást einnig traktorar, herbílar, flugvélamótorar og fleira skrítið sem fæstir vissu að Porsche hefði framleitt á sinni löngu sögu. Í safninu er líka Volkswagen-bjallan, því Ferdinand Porsche hannaði þann sögulega bíl á millistríðsárunum.

**Keppnisbílar og glæsibílar fyrir fólk með góðan smekk**

Mesta áherslu í safninu fá annars vegar bílar sem seldir hafa verið almenningi með góðan smekk frá öllum tímum framleiðslu Porsche og er þar Porsche 911 í aðalhlutverki, enda er haldið upp á 50 ára afmæli þess bíls í ár. Hins vegar eru mikið áberandi allir frægustu keppnisbílar Porsche. Er þar af mörgu að taka og óteljandi þau verðlaun sem þar liggja eftir. Meira að segja sjást



Greinarritari við einn af sigursælum keppnisbílum Porsche sem málaður var í sjokkerandi bleikum lit.

þar Porsche-bílar sem unnið hafa mýmargar rallkeppnirnar, þ.e. hækkaðir Porsche 911 bílar, sem einnig voru sigursælir í París-Dakar þolaksturskeppninni. Flottur veitingastaður er í safninu og þar er allt jafn glæsilegt og við má búast af Porsche. Þar má einnig finna minjagripa- og fataverslun sem gleður margan Porsche-eigandann eða -aðdáandann. Hönnunardeild Porsche gerir margt annað en að hanna bíla og það sést vel á handbragði allra þeirra hluta og fatnaðar sem þar má krækja sér í. Verðið er alls ekki uppsprengt á þessum vörum. Þeir sem leið eiga um Stuttgart myndu auðga ferðalag sitt með heimsókn í þetta merkilega safn, hvort sem þeir hafa áhuga á bílum, arkitektúr eða fegurð almennt.




## VOLKSWAGEN HIGH UP!

1,0 ÞRIGGJA STROKKA BENSÍN
75 HESTÖFL
FRAMHJÓLADRIF
Eyðsla: 4,2 l/100 km í blönduðum akstri

Mengun: 98 g/km CO2
Hröðun: 13,2 sek.
Hámarkshraði: 172 km/klst.
Verð: Frá 2.050.000 kr.
Umboð: Hekla

**Kemur á óvart**
- Hve stór bíllinn er að innan
- Hve öflug vélin er
- Hve litlu bíllinn eyðir

- Lítið skottrými
- Léleg sjálfskipting




Meira er lagt í High up! útfærslu bílsins. Hann kemur á fallegum felgum með skyggðar afturrúður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# ALLT SEM ÞARF Í BORGARAKSTURINN

Tilfinningin við aksturinn er þannig að maður gleymir fljótt að ekið sé einum af minnstu bílum sem bjóðast.

**VOLKSWAGEN UP!**

Finnur Thorlacius reynsluekur

Smábílar eru sniðugir og hentugir í borgarumferðinni og þeir hafa að auki þann kost að eyða litlu. Í Danmörku seljast þeir eins og heitar lummur og allir söluhæstu bílar þar eru smábílar. Einn af minni bílum sem til sölu er hér á landi er Volkswagen up! Hann er að vonum einnig minnsti bíll sem Volkswagen framleiðir. Up! á systurbíl í Skoda Citigo og er hann í grunninn sami bíll. Eins og verð Volkswagen up! bendir til er hann frekar hrár bíll en markmið Volkswagen með honum er að bjóða mjög ódýran valkost sem beint er að ungu kynslóðinni, sem gerir ekki miklar kröfur um lúxus í bílum sínum en metur þess meira lipurð og smæð hans, auk lítillar eyðslu. Þó hefur Volkswagen reynt að fylla í eitt gatið enn í bílaflórunni með því að bjóða up! sem örlítið meira er lagt í og hefur hann fengið nafnið High up! Vonandi verða eigendur hans hátt uppi í þeim skilningi að ánægjan með bílinn flytji þá þangað en ekki eitthvað annað. Reynsluakstur á High up! var einmitt í þá veruna, en hér er á ferð hinn skemmtilegasti kettlingur sem svarar öllum kröfum þess sem mest fer ferða sinna innan borgarmarkanna. Þess skal þó minnst að reynsla greinarritara af up! á þýskum hraðbrautum var ekki til að draga úr áliti hans utan borga, en honum mátti aka með gleði, öryggi og viðunandi hljóðleysi á 150 kílómetra hraða löngum stundum.

**Ferlega góður akstursbíll**

Það kemur ekkert sérlega á óvart að up! skuli vera góður akstursbíll en allir bílar Volkswagen eru það um þessar mundir. Þeir verða ekki liprari smábílarnir. Ekki skemmir fyrir að þessi High up!-útfærsla bílsins er með stærri vélinni, þ.e. 75 hestafla vél í stað 60 hestafla í venjulegum up! Þar sem bíllinn er léttur eru þessi 75 hestöfl til þess eins að henda bílnum áfram og fyrir vikið verður aksturinn ári skemmtilegur. Undirvagn bílsins er vel upp settur, stýringin nákvæm og hæfilega létt og tilfinningin fyrir vegi góð eins og við á í smáum bíl. Hann er ekki lægri en svo að aldrei rakst hann niður þótt sífellt hraðara væri farið yfir hraðahindranir. Telst það til mikilla kosta fyrir svona bíl. Annað sem gladdi ökumann mjög var lág eyðsla bílsins og svo fór að ökumaður var ávallt í keppni við að ná eyðslunni niður. Það er ekki slæmt að fara í köldum bíl í ökuferð innan borgarmarkanna og er heim er komið kemur í ljós að hann hefur eytt 4,4 lítrum á hundraðið. Hann var reyndar alltaf milli 4 og 5 lítra og er ekki hægt að gera meiri kröfur en það. Uppgefin meðaleyðsla er 4,2 lítrar og er líklega auðvelt að ná þeirri tölu með afar skynsömum akstri, en viðurkennast skal að ökumaður hafði ekki þolinmæði til slíks og fannst skemmtilegra að njóta einnig akstурskosta bílsins á kostnað eyðslunnar. Fimm gíra beinskipting var í reynsluakstursbílnum. Í mælaborði er ráðlagt hvenær skipta skal upp eða niður og var hún þess eðlis að skipta skyldi ört, enda stutt á milli gíra. Oft hafði ökumaður á tilfinningunni að hann væri að pína bílinn á of lágum snúningi, en þannig eyðir hann minnstu. Up! má fá með sjálfskiptingu en erfitt er að mæla með því fyrir svo smáan bíl og þá rýkur eyðslan upp. Fyrir utan það þykir sjálfskiptingin léleg, sein og sérlega pirrandi.

**Merkilega gott pláss**

Volkswagen High up! er fimmdyra bíll og því hentugur fyrir barnafólk sem leiðist að troða börnunum inn um framdyrnar áður en ökumaður sest sjálfur inn. Bíllinn er smár og því er ekki gert ráð fyrir fimmta farþeganum og aðeins eru tvö bílbelti aftur í. Vel fer hins vegar um þá tvo og merki-





HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára


BÍLAR
www.visir.is/bilar

Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000

Auglýsingar
Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbirgir@365.is
Sími 5125432

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

# HESTAR

ÞRIÐJUDAGUR **11. JÚNÍ 2013**

**Kynningarblað**
**Heimsmeistaramót íslenska hestsins, reiðnámskeið, útbúnaður og sleppitúrar.**




Íslenska landsliðið á síðasta heimsmeistaramóti árið 2011 í Austurríki.

# Býr sig undir heimsmeistaramót

**Hafliði Halldórsson landsliðseinvaldur mun standa í ströngu á næstunni en fyrir dyrum stendur heimsmeistaramót íslenska hestsins í Berlín 4. til 11. ágúst. Hafliði sér um að velja í landsliðið en 21 knapi heldur utan og keppir fyrir Íslands hönd.**

Hafliði Halldórsson hefur farið á öll heimsmeistaramót íslenska hestsins frá því hann keppti á mótinu í fyrsta sinn árið 1987. Hann hefur komið að mótinu sem keppandi, var í fjöldamörg ár aðstoðarmaður Sigurðar Sæmundssonar landsliðseinvalds og síðustu tvö skiptin hefur hann deilt þeirri stöðu með Einari Öder Magnússyni. Í ár ber hann titilinn einsamall og því fylgir nokkuð álag, enda mikið starf að velja saman besta liðið.

„Starf landsliðseinvaldsins er margsnúið. Í vetur hefur það snúist um að búa til æfingaplan sem nýtist knöpum á úrtökumótum sem hefjast á þriðjudag (í dag) í Reykjavík. Ég hef staðið fyrir fræðsluerindum og sett upp æfingaprógrömm. Meðal annars var fenginn virtur reiðkennari frá Portúgal, Julio Borba, auk Rúnu Einarsdóttur og Olil Amble til að halda námskeið fyrir ungmenni og fullorðna knapa,“ segir Hafliði en tekur fram að hann velji ekki sjálfur allt landsliðið heldur sé stór hluti knapa sem komist inn á mótið með því að vera efstir á úrtökumótum. „Síðan er það mitt að fullvelja í landsliðið og eru það fjórir eða sex knapar. Ég var til dæmis að koma að utan núna þar sem ég hef verið að fylgjast með Íslendingum sem búa þar,“ segir Hafliði en fullskipað landslið verður kynnt til leiks þann 9. júlí. Í því verður 21 knapi. „Þetta eru sjö fullorðnir og fimm ungmenni, auk þess sem þrír heimsmeistarar hafa rétt á að verja sinn titil. Það eru Bergþór Eggertsson, Jóhann Skúlason og Eyjólfur Þorsteinsson en ég þarf aftur á móti að samþykkja þeirra hestkost,“ upplýsir Hafliði. Við þetta bætast svo sex kynbótahross. „Eigendum efstu hesta í hverjum aldursflokki hryssa og stóðhesta er boðin þátttaka. Ef eigendur hafna boðinu er þeim næstu í röðinni boðið að koma,“ segir Hafliði og hefur ekki áhyggjur af gæðum hrossanna. „Það er að koma berlega í ljós núna þegar kynbótasýningar eru rúmlega hálfnaðar að við erum með gríðarlega sterkan flota sem kemur til með að fara.“



> **Persónulega held ég að þetta verði eitt stærsta mót sem haldið hefur verið fyrir íslenska hestinn**

Hafliði segir keppnisferðina enga skemmtiferð þó að vitanlega sé góð stemning meðal keppenda. „Við leggjum upp úr aga og viljum að knapar séu vel undirbúnir og vel hvíldir,“ segir Hafliði sem fær til liðs við sig frægar handboltakempur, þá Guðmund Guðmundsson, fyrrverandi landsliðsþjálfara, og Alfreð Gíslason, til að halda fyrirlestra fyrir liðið. „Við verðum mættir mjög tímanlega á mótssvæðið. Knapar koma viku fyrir mót en hestarnir fara með flugi til Belgíu níu dögum fyrir mótið,“ segir Hafliði. Hann telur mikilvægt að hestarnir nái að jafna sig en þó sé ekki gott að þeir mæti of snemma því þá sé hætta á að þeir fái sótt, eins og algengt er þegar hestar koma úr einangruninni á Íslandi.

Hafliða líst afar vel á að mótið sé haldið í stórborginni Berlín í ár. „Persónulega held ég að þetta verði eitt stærsta mót sem haldið hefur verið fyrir íslenska hestinn,“ segir hann en gert er ráð fyrir 25-30 þúsund gestum á mótið og telur Hafliði að Íslendingar verði þrjú til fjögur þúsund talsins. „Ég hef ekki komið á svæðið sjálfur en af tölvumyndum að dæma er líkt og maður sé kominn til Rómar. Ef maður trúir og treystir á hvernig Þjóðverjar vinna þá verður þetta vel skipulagt og flott mót.“




Hafliði Halldórsson og Einar Öder Magnússon, landsliðseinvaldar á HM 2011, kampakátir með íslenska fánann og verðlaunagrip að loknu vel heppnuðu heimsmeistaramóti í Austurríki.



Jóhann Skúlason á Hnokka frá Fellskoti varð heimsmeistari í tölti á heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Austurríki árið 2011. Hann er því sjálfkjörinn á mótið í ár til að verja titil sinn.



Hjá mörgum kviknar áhuginn á hestamennsku á námskeiðunum hjá Íshestum.



Íshestar bjóða upp á yfir tuttugu mismunandi lengri hestaferðir um allt land.



Hugur og hönd þurfa að vinna saman á reiðnámskeiðum Íshesta.



Steinunn Guðbjörnsdóttir segir hestamennskuna frábært sport fyrir alla fjölskylduna. MYND/ÍSHESTAR

# Innsýn í heim hestamennskunnar

Íshestar hafa ávallt verið í fararbroddi í hestatengdri ferðaþjónustu. Hjá Íshestum eru haldin reiðnámskeið fyrir börn og unglinga yfir sumartímann og á veturna er verkefninu Hestur í fóstri haldið úti þar sem krakkar fá innsýn í heim hestamennskunnar.

Við höfum rekið reiðskólann í mörg ár í samvinnu við hestamannafélagið Sörla," segir Steinunn Guðbjörnsdóttir, markaðsstjóri Íshesta en fyrirtækið var stofnað árið 1982. Hún segir mikinn metnað lagðan í reiðnámskeiðin og eru allir kennarar Íshesta fullorðnir og menntaðir reiðkennarar. Kennt er í tveimur aldursflokkum, 6-8 ára og 9-16 ára.

„Yngri hópurinn er á vikunámskeiðum en þau eldri á tveggja vikna námskeiðum. Krakkarnir læra um reiðmennsku almennt og um hestana sjálfa. Farið er í útreiðartúr nánast á hverjum degi og eins læra þau ýmsar þrautir þar sem reynir á hug og hönd, svo sem að koma kústskafti ofan í rör og fá hestinn upp á pall og ýmislegt fleira. Þá fara krakkarnir einnig í bóklega tíma þar sem farið er yfir þá hluti sem hestamennsku fylgja, um líkama hestsins og fleira.

Hvert námskeið endar með grillveislu fyrir krakkana þar sem farið er í ratleik um svæðið og sýning haldin fyrir foreldra. Á sýningunni fara krakkarnir gegnum þrautabraut sem er þrískipt og fer fram inni í reiðhöllinni, í gerði og úti á velli. Þetta er svo sannarlega ekki bara skrautsýning þar sem riðið er í hringi heldur sýna börnin allt sem þau hafa lært á námskeiðunum," segir Steinunn og bætir við að námskeiðin hafi kveikt áhuga fjölmargra á hestamennsku.

„Yfir vetrartímann erum við með námskeiðið Hestur í fóstri og mörg börn af sumarnámskeiðunum taka þátt í því. Þá koma krakkarnir einu sinni í viku og hugsa um hestinn frá a til ö, moka undan honum, kemba, ríða út og gefa. Þannig fá þau innsýn í heim hestamennskunnar og margir hrífa foreldrana með sér svo fjölskyldan hefur oft öll endað í hestamennskunni. Það er mjög skemmtilegt því hestamennska er frábær fjölskylduíþrótt. Í henni geta kynslóðir sameinast og sex ára krakkar riðið út með langafa og -ömmu."

Íshestar standa einnig fyrir hestaferðum um allt land.

„Við bjóðum upp á 23 mismunandi lengri ferðir og má þar nefna ferðir frá Egilsstöðum og um Fjallabak. Það væri gaman að fá fleiri Íslendinga í lengri ferðirnar hjá okkur. Dagana 28.-30. júní verðum við með sérferð fyrir íslenskar konur, Drottning og stund. Það eru enn þá örfá sæti laus í þá ferð."

Nánari upplýsingar er að finna á **www.ishestar.is**.

# Allt í sleppitúrinn

Verslanir Líflands bjóða upp á gott úrval af vörum fyrir sleppitúra sem eru að hefjast þessa dagana hjá hestamönnum. Hjálmurinn skiptir alltaf miklu máli.

Nú þegar hestamenn landsins eru að fara í árlega sleppitúra sína er vel við hæfi að huga að nauðsynlegum búnaði til ferðarinnar. Sleppitúrar hafa breyst mikið undanfarin ár enda búnaður orðinn betri og aðstaða orðin mjög góð víða fyrir hestamenn á ferð um landið.

Halldór Viktorsson, verslunarstjóri hjá Líflandi á Lynghálsi, segir ýmsar vörur vera nauðsynlegar í sleppitúra. „Fyrst og fremst ber að nefna hjálminn. Allir eiga að nota hjálminn og þótt notkun hans hafi aukist mjög mikið undanfarin ár er ávallt rétt að minna á hann. Hestaeigendur þurfa einnig að endurnýja hjálma sína reglulega en þeir endast að öllu jöfnu í nokkur ár." Af öðrum nauðsynlegum búnaði nefnir Halldór reiðtygi og góða tauma sem þurfa að vera í lagi. „Einnig má nefna svokallaða teymingargjörð sem nauðsynlegt er að hafa í bakhöndinni ef hestamaður skyldi þurfa að teyma hestinn. Svo má ekki gleyma hinni víðfrægu hnakktösku sem sett er fyrir framan hnakkinn og er algjörlega nauðsynleg til að geyma til dæmis regnfatnað, aukavettlinga, aukataum og aðra hluti sem gott er að hafa til taks." Halldór nefnir einnig mjög praktíska töng sem hann kallar „járningartöng í einni". Um er að ræða einfalda og handhæga töng sem hægt er að stinga í vasann og hægt er að nota til að klára járningar ef skeifan dettur af hestinum í ferðinni. „Þannig þarf ekkert járningarsett heldur dugir þessi eina töng til að bjarga þér."



„Allir eiga að nota hjálminn," segir Halldór Viktorsson, verslunarstjóri hjá Líflandi á Lynghálsi. MYND/GVA

Verslanir Líflands bjóða einnig upp á mikið úrval af góðum og vönduðum regn- og hlífðarfatnaði sem gott er að hafa til taks í löngum sleppitúrum. Auk þess má finna þar allt það fóður sem taka þarf með í sleppitúrana. „Við bjóðum einnig upp á allt efni í rafmagnsgirðingar. Þannig bjóðum við upp á rafstöðvar og girðingarefni ef hestamenn þurfa að henda upp girðingu með rafmagni."

Nánari upplýsingar má finna á **www.lifland.is**.



## *Íslensk náttúra töfrandi*

Hestamenn landsins eru í sleppitúrum þessa dagana víða um land. Einn þeirra er tónlistarmaðurinn Magnús Kjartansson, sem hefur farið í tvo slíka túra og meðal annars riðið upp úr Ölfusinu og bak við Ingólfsfjall og yfir Álftavatn. „Það er ekkert sem jafnast á við að ríða um landið og njóta þess á hestbaki. Og því meira sem ég geri af því, því minna skil ég hvers vegna Íslendingar yfirgefa landið yfir sumartímann. Það er svolítið merkilegt að ríða yfir Álftavatn, að vera á hestbaki úti í vatni og hugsa til þess að maður sé á gamalli þjóðleið. En þetta var eina leiðin yfir áður en brúin kom yfir Sogið við Þrastarlund."

Að sögn Magnúsar eru hestarnir hans komnir í sveitina en þeim var ekið þangað í ár. „Ég fer því ekki í hefðbundinn sleppitúr með eigin hesta heldur ríð með öðrum. Svona túrar hafa auðvitað breyst frá því í gamla daga. Áður riðu menn kannski úr hesthúsum á höfuðborgarsvæðinu alla leið austur í sveitir og voru 7-10 daga á leiðinni."

Sjálfur á hann átta hesta og segir hann reiðferðir í íslenskri náttúru engu líkar. „Ég ferðast mikið um landið með erlendum ferðamönnum og sú reynsla hefur opnað augu mín. Það er upplifun að njóta landsins og náttúrunnar gegnum augu og eyru erlendra ferðamanna. Það sem er hversdagslegt fyrir okkur Íslendinga er oft mikil upplifun fyrir útlendinga."




## GLEÐI OG BLÖKK

Fyrsta hrossið sem Kristín ræktaði var Gleði, stórgerð alhliða hryssa en nýjasta viðbótin við ræktunina er merarfolaldið Blökk. Hryssan kastaði henni langt fyrir tímann og fyrst um sinn virtist Blökk ekki líkleg til stórræða. Kristín tók sér frí og annaðist hana fyrstu vikurnar. Blökk er í dag tilþrifamikið og hágengt trippi sem lofar góðu. Kristín mun temja hana sjálf.

Kristín hóf störf úti í kerskála sem sumarstarfsmaður en færði sig um hávetur yfir í eldhúsið þar sem hún reiðir fram heimilislegan og fjölbreyttan en umfram allt bragðgóðan mat. Kristín vinnur dagvinnu og notar tímann eftir vinnu og helgar í að ríða út, moka og íhuga næstu skref í ræktuninni.

**Góða skemmtun Kristín og gangi ykkur vel!**

| Hagsýni | Liðsheild | Heilindi

| nordural.is

NORÐURÁL



## VISSIR ÞÚ ...

- ... að í heiminum öllum lifa um 75 milljónir hesta?
- ... að arabískir gæðingar hafa einu rifbeini og einum hryggjarlið færra en aðrir hestar?
- ... að það tekur heilt ár fyrir hófa að vaxa niður?
- ... að í Arizona er kúrekum bannað að ganga með spora um hótelanddyri?
- ... að hestar sofa lengur á sumrin en veturna?
- ... að hestar eru jurtaætur?
- ... að hestakyn byrjaði að þróast í Ameríku fyrir 60 milljón árum en varð þar síðan útdautt og kynnt aftur til sögunnar af spænskum landnámsmönnum?
- ... að hestar leggjast fyrir í aðeins 43,5 mínútur á dag?
- ... að engir tveir hestar eru nákvæmlega eins?
- ... að folöld fæðast með mjólkurtennur og fá fullorðinstennur eftir þriggja vetra aldurinn?
- ... að hestum mislíkar verulega fnykur af svínum?



## LÉTTIR 85 ÁRA

**Hestamannafélagið Léttir** á Akureyri fagnar 85 ára afmæli á þessu ári en félagið var stofnað árið 1928. Stofnfélagar voru fimmtán. Afmælismót verður haldið á fimmtudaginn kl. 18 þar sem keppt verður í tölti, 25. júní verður síðan keppt í skeiði. Skoða má frekari viðburði á heimasíðu félagsins lettir.is.

Samkvæmt heimasíðunni var tilgangur félagsins að stuðla að réttri og góðri meðferð á hestum, efla áhuga og þekkingu á ágæti þeirra og íþróttum, greiða fyrir því að félagsmenn gætu átt hesta og bæta reiðvegi frá Akureyri. Þessum markmiðum hugðust stofnfélagar ná með því að koma skipan á hagagöngu og hirðingu hesta í eigu félagsmanna, eignast skeiðvöll, efna til kappreiða og vinna að gerð reiðvega í nágrenni Akureyrar.

Léttir er þriðja elsta hestmannafélag landsins, Hestamannafélagið Fákur í Reykjavík er elst, stofnað 1922, en næstelst er Hestamannafélagið Glaður í Dalasýslu, stofnað 1928.

# ÍSLENSKIR HESTAR TIL FILIPPSEYJA OG NAMIBÍU

**Þrír hestar** voru sendir af stað til Filippseyja á sunnudag en það eru fyrstu íslensku hestarnir sem fluttir eru þangað. Fyrirtækið Horseexport hefur umsjón með flutningunum. Förinni er heitið til svínabóndans Chitos Aniban, sem hafði falast eftir því að kaupa íslenska hesta eftir að hafa séð af þeim myndir á vefsíðunni www.hestafréttir.is fyrr á þessu ári. Um er að ræða stóðhest, hryssu og veturgamalt tryppi.

„Aðdragandinn hefur verið langur, enda að ýmsu að hyggja við svona flutninga," segir Gunnar Arnarsson hjá Horseexport. „Aðalundirbúningurinn felst í því að fá öll tilskilin leyfi og að hafa alla pappíra til reiðu. Þá þarf að stilla saman ferðaáætlun og flug og þarf hún að standast allar dýraverndunarreglur."

Gunnar segist fá margar skemmtilegar fyrirspurnir en hann hefur meðal annars flutt hesta til Grænlands og Rússlands. „Ég hef meira að segja fengið fyrirspurn um að flytja hesta til Namibíu og er það í vinnslu."






- Góðir akstureiginleikar
- Lág eyðsla
- Gott verð


Volkswagen High up! fær frítt í stæði


Innréttingin er merkilega lagleg í svo ódýrum bíl.


Upplýsingaskjárinn ofan á mælaborðinu setur punktinn yfir i-ið


Fríður frá öllum hliðum, líka að aftan.

lega gott fótapláss og höfuðrými er aftur í, enda bíllinn upphár. Innréttingin er einföld en skilvirk. Efnisnotkun er í ódýrari kantinum en notagildi og hönnun hífir hana upp. Ytri litur bílsins er á nokkrum berum flötum innréttingarinnar. Reynsluakstursbíllinn var dökkblár og spilaði það vel með svörtum lit hennar. Mælaborðið er einstaklega einfalt, með stórum hraðamæli fyrir miðju og bensínmælinum litlum hægra megin og snúningshraðamæli vinstra megin. Eitt var það þó í mælaborðinu sem mikla kátínu vakti og minnti miklu fremur á dýrari bíl, en það var skjár sem festur er ofan á mælaborðið. Hann gagnast sem leiðsögutæki og upplýsinga- og aðgerðaskjár. Er hann aukahlutur í up! en ferlega góð kaup. Til marks um að up! sé samt einfaldur bíll og ódýr er ekki rúðuupphalari í afturhurðum heldur smella sem leyfir opnun upp á nokkra sentimetra. Að framan eru samt rafdrifnar rúður.

**Hentugur borgarbíll**

High up! er talsvert fríðari en venjulegur up!. Mestu máli skipta þar flottar 15 tommu felgur, litaðar afturrúður og þokuljós, svo eitthvað sé nefnt. Að innan fær hann líka leðurklætt stýri, MP3-spilara í hljóðkerfið, hita í framsætum og fína miðstöð. Meira er lagt í innréttinguna og notkun króms aukin. Sæti í ofuródýrum bílum eru oft helsti ókostur þeirra en það á ekki við í þessum bíl og reyndust þau hin bestu þótt dvalið væri lengi í bílnum. Skottrými er að sjálfsögðu ekki stórt en dugar þó í ferð í matvörubúðina. Margir hafa sagt að Volkswagen up! sé besti borgarbíllinn sem fá má þessa dagana og svei mér þá hvort ekki sé rétt að taka undir það. Tilfinningin við akstur þessa bíls er þannig að maður gleymir fljótt að ekið sé einum af minnstu bílunum sem bjóðast og eiginleikarnir minna miklu fremur á stærri og dýrari bíla.


Röskun í atvinnulífinu er víða staðreynd í Evrópu.
NORDICPHOTOS/GETTY

## Porsche stöðvar framleiðslu vegna flóða

Bílaframleiðandinn Porsche hefur neyðst til að stöðva framleiðslu á Panamera- og Cayenne-bílunum í verksmiðju sinni í Leipzig í Þýskalandi vegna hinna miklu flóða sem herja nú á íbúa þarlendis sem og í öðrum löndum Evrópu. Stöðvunin stafar af skorti íhluta sem ekki berast verksmiðjunni þar sem leiðir að henni hafa lokast vegna flóðanna. Yfirbygging Cayenne-jeppans kemur frá öðrum verksmiðjum í Bratislava í Tékklandi og þaðan kemst hún ekki til Leipzig. Forsvarsmenn Porsche segja að í verksmiðjunni í Leipzig verði þessi truflun í framleiðslunni unnin upp með aukavöktum eftir að flóðunum linnir og því muni þetta ekki draga úr framleiðslu Porsche á árinu. BMW er einnig með bílaverksmiðju í Leipzig en þar hefur ekki enn komið til tafa. Ekki er ljóst hvenær framleiðsla Porsche fer á fullt að nýju.

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti
Er tímareimin komin á tíma?
bílaverkstæði VÉLALAND

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

Gerðu verðsamanburð - Pantaðu tíma

Verðdæmi um tímareimaskipti



Skoda Octavia 1,9l dísil Árgerð 2004-
Heildarverð, varahlutir og vinna: 66.048 kr.

Renault Kangoo 1,6l 16V Árgerð 2006-
Heildarverð, varahlutir og vinna: 89.737 kr.

Chevrolet Lacetti 1,8l Árgerð 2006-
Heildarverð, varahlutir og vinna: 57.632 kr.

Volkswagen Golf 1,6l Árgerð 2004-
Heildarverð, varahlutir og vinna: 76.965 kr.

Subaru EJ20 2,0l Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutir og vinna: 81.999 kr.

Vara þessa tilboðs er eftirmarkaðsvara (non-OEM/ekki original)

Við erum á 3 stöðum!

Við erum í Jafnaseli 6, við hliðina á Krónunni og Sorpu.

Við erum í Dalshrauni 5, við hliðina á Actavis.

Við erum á Bíldshöfða 8 við hliðina á Citroen og Mazda

Vélaland: Bíldshöfða 8 , sími 515 7170 I Dalshrauni 5, sími 515 7181 I Jafnaseli 6, sími 515 7193 I velaland@velaland.is

# Ræstu bílinn með símanum

General Motors mun bjóða kaupendum 2014 árgerða bíla sinna þann kost að geta ræst bíl sinn með eigin síma með þráðlausu OnStar-appi. Nú þegar geta eigendur GM-bíla opnað og lokað bílum sínum með OnStar-búnaði sem kallast RemoteLink. Þessi nýi ræsingarbúnaður verður kaupendum GM-bíla að kostnaðarlausu í fimm ár jafnvel þó að kaupendur bíla þeirra séu ekki áskrifendur að OnStar, en hún kostar frá 2.500 til 3.500 krónum á mánuði. Með þessu ætlar GM að selja fleiri bíla en bera kostnaðinn sjálft af búnaðinum. Telur GM að þessi búnaður þyki kaupendum mikils virði og muni freista margra. Hafa þeir heilmikla könnun sér að baki við þá fullyrðingu. GM er með sex milljón áskrifendur að OnStar-búnaði í bílum sínum og helmingur allra kaupenda af GM-bílum gerist áskrifendur eftir að sex mánaða fríu kynningartímabili lýkur hjá kaupendum nýrra bíla GM. General Motors veðjar mjög á hátæknibúnað í bílum sínum því frá og með árinu 2015 verður 4G-nettenging í flestum bílgerðum þeirra, hraðasta nettenging sem nú er fáanleg.



Eigendur GM bíla geta brátt ræst bíla sína með farsímanum



TOSA bus-vagnarnir marka nýja tíma. NORDICPHOTOS/GETTY

## Rafmagnsstrætóar í Genf hlaða á 15 sekúndum

Víða í borgum Evrópu ganga strætisvagnar fyrir rafmagni. Það hefur þó hingað til krafist raflínukerfa fyrir ofan vagnana sem krefjast þess að þeir fari alltaf sömu leiðina og breyting á leiðakerfi því torveld. Auk þess eru þessar raflínur ekki til prýði. Nú hefur svissneska fyrirtækið ABB fundið lausn sem sneiðir hjá þessum ókostum. Strætisvagnar í Genf fá nú öfluga rafhleðslu, svokallaða „flash charging“, í hvert sinn sem þeir stöðva við biðstöðvar og tekur hver hleðsla ekki nema 15 sekúndur, sem dugar ávallt að næstu biðstöð. Á leiðarenda fá þeir hins vegar hleðslu í fjórar mínútur sem fullhleður rafhlöður þeirra. Þessir strætisvagnar eru ekki af smærri gerðinni heldur taka allt að 135 farþega. Þessi tækni getur gerbreytt almenningssamgöngum í borgum og veitir mikið frjálsræði í uppsetningu leiðarkerfa, er eins umhverfisvæn og kostur er og mun að auki fegra ásýnd borganna. Auk þess eru þessir strætisvagnar hljóðlausir og veitir ekki af í stöðugum nið margra stórborganna. Það væri ekki ónýtt að nýta þessa tækni fyrir strætisvagnakerfi höfuðborgarsvæðisins hér og spara mikinn gjaldeyri í leiðinni sem fer til eldsneytiskaupa.



Hefur verið ekið 650.000 kílómetra og slær ekki feilpúst. NORDICPHOTOS/GETTY

## BMW M5 ekið 650.000 kílómetra í Kaliforníu

Eigandi þessa fallega BMW M5-bíls af árgerð 1989 var ekki nema tvítugur þegar hann eignaðist bílinn og þurfti hann að fá föður sinn með í söluumboðið til að sölumaðurinn tæki hann alvarlega. Nú, 24 árum síðar, hefur hann ekið bílnum 650.000 kílómetra og hann slær ekki feilpúst. Eigandinn, Randy Hartmann, hefur haldið honum vel við og helst þurft að eiga við púststerfi hans og dempara. Randy dettur ekki í hug að selja bílinn og telur að hann eigi eftir að fara mun lengra á sinni ævi, en nú þegar hefur hann farið vegalengd sem samsvarar ríflega 16 hringum umhverfis jörðina.



# LÁGKOLVETNA LÍFSNAUTNIR

**CULIACAN KYNNIR** *Nú geta viðskiptavinir Culiacan bragðað á þremur nýjum og gómsætum lágkolvetnisréttum. Kolvetni er lágmarkað í réttunum og mesta orkan kemur úr próteinum og fitu. Lágkolvetnafæði hentar flestu fólki mjög vel og réttirnir á Culiacan eru hollir og í hæfilegum skömmtum.*

Mexíkóski veitingastaðurinn Culiacan kynnir nú þrjá nýja og spennandi rétti á matseðli sínum. Réttirnir eru lágkolvetnaréttir en slíkt fæði nýtur sífellt meiri vinsælda hér á landi og víða um heim. Í lágkolvetnaréttum er lögð áhersla á að minnka kolvetni og aðaláherslan er á fitu og prótein, að sögn Sólveigar Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Culiacan.

„Um er að ræða þrjá virkilega spennandi og góða rétti sem við höfum þróað í samvinnu við hönnuðinn Maríu Kristu, sem meðal annars heldur úti vinsælu lífsstílsbloggi. Við erum virkilega spennt að sjá hvernig viðskiptavinir okkar taka þessum skemmtilegu nýjungum,“ segir Sólveig.

Réttirnir þrír eru lágkolvetna. „Hot plate“ er sterkur og ljúffengur réttur sem byggir á grilluðu eggaldini og kjúklingi eða nautakjöti. Nýtt og ferskt salat er einnig á listanum og svo dýrindis eftirréttur en Culiacan hefur aldrei áður boðið upp á eftirrétt.

María Krista, sem þróaði nýju réttina í samvinnu við Culiacan, er mikill ástríðukokkur og segist nýlega hafa fengið áhuga á lágkolvetnisfæði.

„Ég var orðin eitthvað þreytt á þessu týpíska heilsufæði til að reyna að halda mér á réttu róli. Svo kom í ljós hveitióþol innan fjölskyldunnar sem ýtti enn frekar undir áhuga minn. Lágkolvetnisfæðið var því tilraun til að breyta til og hefur hún virkað mjög vel. Öll fjölskyldan hefur tekið vel á móti nýjungunum úr eldhúsinu.“

Lágkolvetnamatreiðsla hefur notið mikilla vinsælda að undanförnu. Hún snýst í stuttu máli um að minnka kolvetni í fæðu og auka fitu þannig að mesta orkan komi úr próteinum og fitu.

„Það gerir að verkum að blóðsykur hækkar ekki eins mikið og með kolvetnum því prótein og fita hafa engin áhrif á blóðsykurinn. Því kemur ekki þrálát sætuþörf sem margir kannast við og með innihaldi réttanna viljum við meina að líkaminn brenni frekar fituforða þegar hann er ekki upptekinn við að brenna kolvetnum,“ segir María Krista.

**FJÖLBREYTTIR RÉTTIR**

Eggaldin er fremur óalgengt á borðum landsmanna en María Krista segist lengi hafa verið spennt fyrir því hráefni.

„Grillað eggaldin hentar vel með sterkum og bragðgóðum mexíkóskum mat. Viðskiptavinir geta ýmist fengið sér réttinn með kjúklingi eða nautahakki. Við höfum einnig bætt chorizopylsu í réttinn sem gerir hann ljúffengari og saðsamari. Margir karlmenn vilja eitthvað meira en kjúkling og salat og þá hentar þessi réttur mjög vel; að minnsta kosti finnst manninum mínum hann alveg frábær. Nýja salatið er kjúklingasalat með osti, gvakamóle og macadamia-hnetum og að lokum bjóðum við upp á ljúffengan eftirrétt sem er einfaldur rjómabúðingur með dökku súkkulaði og hindberjum.“

María Krista segir lágkolvetnafæði henta flestu fólki afar vel og að réttirnir á Culiacan séu hollir og í hæfilegum skammti. Þeir innihalda hollt og gott grænmeti eins og eggaldin og lárperur sem takmarki kolvetni og auki hlutfall góðrar fitu.

„Neysla á slíku fæði virkar líka vel á fólk sem á til að rjúka upp og niður í blóðsykri og á þar af leiðandi erfitt með að hemja sig, til dæmis í lok dags. Það eru nokkur ár síðan ég sneri blaðinu við og náði mjög góðum árangri með bættu mataræði og hreyfingu en þessi nýi lífsstíll er sá allra skemmtilegasti hingað til, enda matur sem bragð er af og fjölskyldan elskar.“

Culiacan er til húsa að Suðurlandsbraut 4a í Reykjavík. Sjá **culiacan.is** og Facebook. Heimasíða Maríu Kristu er **www.kristadesign.is** og lífsstílsblogg hennar er **mariakristahreidarsdottir.blogspot.com**



**NAMMI GOTT** María Krista heldur hér á fyrsta eftirrétti Culiacan, rjómabúðingi með dökku súkkulaði og hindberjum.



**LJÚFFENGT SALAT** Nýja salatið er kjúklingasalat með osti, gvakamóle og macadamia-hnetum.

**HOLLT OG GOTT** Gómsætur og seðjandi lágkolvetna „hot plate“ sem er einn þriggja nýrra rétta hjá Culiacan.

# HEIMAGERT OG HOLLT Í NESTISBOXIÐ

**HOLLARA MILLIMÁL** *Sumrinu fylgir langþráð útivera með lautarferðum og labbitúrum. Þá er gott að geta pakkað hollum millibita í nestistöskuna og sneitt hjá aukaefnum. Ljúffengar kornstangir er auðvelt að útbúa heima.*

Einfalt er að baka ljúffengar kornstangir í eldhúsinu heima til að eiga í nestispakkann. Eftirfarandi uppskrift er fengin af síðunni www.granolamom4god.com.

**HAFRASTYKKI MEÐ DÖÐLUM**

- **½ bolli bráðið smjör**
- **½ bolli hunang**
- **4 bollar haframjöl**
- **1 bolli saxaðar möndlur**
- **1 bolli saxaðar döðlur**
- **1 msk. kanill**
- **3 egg**

Hitið ofninn í 180 gráður og smyrjið eldfast mót með kókosolíu eða smjöri. Hrærið saman hunangi og bráðnu smjöri yfir vægum hita.

Blandið haframjölinu, möndlunum, döðlunum og kanil saman í skál og hellið smjörblöndunni yfir. Veltið öllu saman vel til á meðan.

Hrærið eggin saman í skál og hrærið þau svo saman við hafrablönduna. Hellið í eldfast mót og pressið blönduna vel ofan í mótið, til dæmis með því að nota botninn á litlum potti. Bakið í ofni við 180 gráður í 25 til 30 mínútur. Látið kólna og skerið niður í hæfilega stór stykki.



**GOTT Í NESTISPAKKANN** Heimalöguð kornstykki eru góður kostur í lautarferðina.



**HAFRASTYKKI MEÐ DÖÐLUM** Einfalt og fljótlegt millimál.
NORDIC PHOTOS/GETTY






## Rafvirkjun

**RAFVIRKJAR S. 618 2610**
Tökum að okkur alla almenna raflagnavinnu, nýlagnir og töflusmíðar. Eignaverk löggiltir rafverktakar.

**AH-RAF LÖGGILDIR RAFVERKTAKAR.**
Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/tímavinna ahraf@ahraf.is Hermann s: 845-7711 Arnar s: 897-9845.

## Trésmíði

Uppsteypa mannvirkja.
Dynkur ehf
S. 894 2454 Ragnar

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum hugmyndum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**PARFNAST BÍLAPLANIÐ PRIFA EÐA VIÐHALDS?**
Við bjóðum upp á eftirfarandi:

Götusópun

Gangstéttarsópun

Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum

Malbiks- og kantsteinaviðgerðir

Umhverfishreinsun

**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.



**BEAUTY IN BLACK HOLTSBÚÐ 61 GARÐABÆ**
Kjólar, toppar og peysurnar vinsælu á sínum stað. Opið þrið-föst frá 13-18 Sími 695 6679 www.beautyinblack.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Vega- og framkvæmda merkingar



ÍSMAR
Síðumúla 28 - s:5105100
www.ismar.is

**FLÓAMARKAÐURINN NÝBÝLAVEGI 8 GAMLA TOYOTAHÚSINU,**
Dvd myndir, húsgögn, pelsar, vínilplötur, silfurmunir, plötuspilarar, frímerki og ýmislegt fleira fyrir lítið sem ekkert. Heitt á könnunni og heimabakaðar kleinur á vægu verði.
**Opið allar helgar frá kl 11:00 - 17:00 Borðapantanir floi@markadir.is**

Hágæða sláttutraktórar



Estate Pro 22 sláttutraktór
STIGA
Vetrarsól ehf.
Askalind 4 - Kópavogi - Sími 564 1864

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ísskápar, þurrkara, uppþvottavélar, Ford Explorer ,96 nýskoðaður ,14, frystikista, frystiskápur, eumenia með þurrkara, eldavélar, hjólastóll, video, reiðhjól, þríhjól, hlaupahjól, mikið af ódýrum dekkjum og felgum S. 896 8568.

Til sölu vegna flutnings antik sófasett útskorið mjög vel með farið. Verð tilboð. S. 695 5495.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

Óska eftir að kaupa vínyl hljómplötur og playstation leiki. Uppl. í s. 698 8629.

## Verslun

Kynlíf er GOTT!
PENOMET.IS
ELSKENDUR.IS
FLESHLIGHT.IS
BATHMATE.IS
849-0698
ALLA DAGA 10-22

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Flug

Leigum út Cessna 152 og 172 gott verð, ekkert klúbbgjald sími 5510880 / 8959028 Flugskóli Helga Jónssonar

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**NETIN KLÁR**
Fyrir Þjórsá, Hvítá og Ölfusá. Heimavík ehf, S. 892 8655 www.heimavik.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 12-18. www.leiguherbergi.is**

Til leigu stórt og fallegt herbergi næst kringlusvæðinu en aðeins fyrir reglusamann einstakling. Herberginu fylgja húsgögn, einka tölva, sjónvarp og DVD, aðgengi að eldhúsi, baði og þvottavél. Aðeins kr 45þús. á mánuði allt innifalið. Sendist ásamt upplýsingum á kaffikanna11@hotmail.com

**ÍBÚÐ TIL LEIGU**
48 m2 stúdíóíbúð til leigu í Garðabæ. Upplýsingar í síma 8963444 eftir kl. 10.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 3-4 herb. íbúð. Skilvísar greiðslur, tryggingarformið er tryggingarvíxill. Uppl. í s. 661 8216.

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 M2 FRÍSTUNDABIL TIL SÖLU**
Eitt bil af þessari eftirsóttu stærð er til sölu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

20 ÁRA Hlölla BÁTAR

**HLÖLLABÁTAR INGÓLFSTORGI.**
Starfsfólk óskast í kvöld helgar og næturvinnu. 20 ára aldurstakmark og íslenskukunnátta skilyrði.
**Umsókn sendist á lilja@hlollabatar.is**

**SÍMABÆR**
óskar eftir að ráða sölumann til starfa í nýja verslun við Ármúla. Vinnutími er frá 9-18 virka daga. Óskað er eftir heiðarlegum og duglegum einstakling með góða almenna farsíma/tölvuþekkingu og ríka þjónustulund. Umsóknir ásamt ferilskrá sendast á simabaer@simabaer.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

**KONA, LEITAR ÞÚ ÁSTAR?**
Tilbreytingar? Afþreyingar? Ertu nuddari? Auglýstu frítt. Rauða Torgið, s. 555-4321

Ung kona í sambandi vill taka hliðarspor. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8662.

Nýjar heitar upptökur: Leikfangaleikur #8484, Fingraleikfimi #8967. Sögurnar, 905-2002, 535-9930.


Minna að fletta meira að frétta

Frábært úrval afþreyingar, ferskar fréttir, fjölbreytt efnisval, myndrænt viðmót og færri flettingar.

Þess vegna var visir.is kosinn **besti frétta- og afþreyingarvefur ársins á Íslensku vefverðlaununum 2012.**

visir.is



BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

**Úr umsögn dómnefndar:** *„Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“*

FÍTON / SÍA

Vissir þú að...
Ofbeldisfullir tölvuleikir hafa áhrif á börn.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

VILD er snilld

Byrjaðu strax að spara. Skráðu kortin ykkar núna á **www.stod2.is/vild**

ENN MEIRA FYRIR ÁSKRIFENDUR

Skemmtigarðurinn SMÁRALIND
50%
afsláttur af fjölskyldukortum Skemmtigarðsins. Þú borgar 3.000 kr. en færð 6.000 kr. inneign.

World Class ICELAND
40%
afsláttur af þriggja mánaða korti í baðstofu og heilsurækt.

FÍTON / SÍA

## atvinna


**cu2**

# Bókari óskast

**Cu2.ehf óskar eftir að ráða reyndan bókara.**
**Um er að ræða 50% starf.**

**Starfssvið:**
- Bókhald í DK.
- Almenn skrifstofustörf.

**Kostir:**
- Viðurkenndur bókari.
- Reynsla í Stólpa & DK.
- Rík hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð exelkunnátta.

**Vinnsamlegast sendið ferilskrá til:**
Harald Isaksen, framkvæmdastjóra á netfandið:harald@hos.is



# Blaðberinn bíður þín

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.**



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið





# GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar







## fasteignir

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

# Nýtt deiliskipulag fyrir Einholt – Þverholt, lýsing.

Vegna gerð nýs deiliskipulags á umræddu svæði "Einholt-Þverholt" er nú til kynningar verkefnislýsing sbr. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsing fyrir Einholt-Þverholt er hluti vinnu við gerð deiliskipulags á reit sem afmarkast af Einholti, Þverholti, Stórholti og Háteigsvegi og er tilgangur þessarar lýsingar að vera leiðbeinandi fyrir deiliskipulag svæðisins.

Lýsingin veru aðgengileg á vef umhverfis og skipulagssviðs, ***skipbygg.is*** og eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér lýsinguna og koma ábendingum eða athugasemdum á framfæri til skipulagsfulltrúa, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík eða á netfangið ***skipulag@reykjavik.is*** fyrir 1. júlí 2013.

Reykjavík 11. júní 2013

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

---

**BERG FASTEIGNASALA**



Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 • berg@berg.is
www.berg.is • GSM 897 0047

**Pétur Pétursson lögg. fasteignasali**
**Petur@berg.is**

**Opið hús**

# Fálkahöfða 5. Mosfellsbæ

**í dag . Kl. 17.30 til 18.00.**



Glæsilegt 119,4 fm. raðhús á einni hæð með innbyggðum 28,6 fm bílskúr alls 148 fm. við Fálkahöfða 5 í Mosfellsbæ. Húsið saman stendur af anddyri, stofu, borðstofu, svefnherbergi, barnaherbergi, baðherbergi, eldhúsi með eldhúskrók og bílskúr með góðri lofthæð og geymsluplássi. Flottur sólpallur með góðum skjólveggjum. Hellulagt bílaplan með snjóbræðslu. Glæsileg eign í einu vinsælasta hverfi Mofellbæjar.
**Sölumaður Berg fasteignasölu tekur á móti áhugasömum.**

---

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4**
**SÍMI 570 4500,**
**OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is**
**www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.




***HRAUNTUNGA - KÓPAVOGI***

***GLÆSILEG EIGN Í SUÐURHLÍÐUM KÓPAVOGS***

Glæsilegt keðjuhús á tveimur hæðum, svokallað „Sigvaldahús" með víðáttumiklu fjallasýn m.a. yfir Bláfjöll og Reykjanesfjallgarðinn. Húsið er 214,3 fm. að stærð að meðtöldum 27,2 fm. bílskúr, en er stærra sem nemur um 24 fm. sólskála og um 50 fm. rýmis innaf bílskúr. Eign sem hefur verið mikið endurnýjuð á undanförnum árum á vandaðan og smekklegan hátt. Sérsmíðaðar innréttingar í eldhúsi. Gólfsíðir gluggar í stofu. Húsið stendur fremst í götunni og eru fjögur bílastæði við húsið. **Verð 57,9 millj.**

---

# MIKLABORG leitar að ...

**rað- eða parhús í Seljahverfi með 2 íbúðum**



220 fm eða stærra. Það að vera eða með möguleika á aukaíbúð. Möguleg skipti á einni eða tveimur íbúðum í Salahverfi og Seljahverfi

**Verð allt að 47 milljónir**

Nánari upplýsingar gefur Svan



Nánari upplýsingar veitir
**Svan G. Guðlaugsson**
sölufulltrúi

**sími:** 697 9300
svan@miklaborg.is



**Jason Guðmundsson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

**- með þér alla leið -**

---

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Laugalind 8 - Kópavogi

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**






Glæsileg 123,6 fm. 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með stórri afgirtri verönd og sér inngangi í litlu fjölbýlishúsi á frábærum stað í Lindahverfinu. Rúmgott eldhús með miklum innréttingum og góðri borðaðstöðu. Björt stofa með útgengi á nýlega verönd til suðurs með skjólveggjum. 3 herbergi. Hol/sjónvarpshol. Þvottaherbergi innan íbúðar. **Verð 34,9 millj. Íbúð merkt 0101. Magnús og Bryndís á bjöllu. Verið velkomin.**

## Bogahlíð 6 – Reykjavík

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**






Mjög góð 4ra - 5 herbergja 126,2 fm. íbúð á jarðhæð auk 9,7 fm. sér geymslu í nýlegu og glæsilegu húsi. Íbúðinni fylgir sér stæði í bílageymslu. Rúmgóð setustofa með útengi á sér hellulagða verönd í suðvestur. Opið eldhús með hvítum sprautulökkuðum innréttingum. Borðstofa fyrir enda eldhúss. Tvö herbergi og rúmgott baðherbergi. Falleg, ræktuð verðlaunalóð. Öll aðkoma að húsinu og sameign hússins eru til algjörrar fyrirmyndar. **Verð 48,5 millj. Íbúð merkt 0106. Sæmundur á bjöllu. Verið velkomin.**

---


# Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir

**MIKLABORG** - með þér alla leið - **569 7000**

F A S T E I G N A S A L A N

# MIKLABORG

**www.miklaborg.is**

Við erum við símann

## 569 7000

Síðumúla 13 108 Reykjavík

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



**Óskar R. Harðarson** hdl. og löggiltur fasteignasali Sími: 661 2100

**Jason Guðmundsson** hdl. og löggiltur fasteignasali

**Ragna S. Óskarsdóttir** MBA og löggiltur fasteignasali Sími: 892 3342

**Halldór Ingi Andrésson** löggiltur fasteignasali Sími: 897 4210

**Þröstur Þórhallsson** löggiltur fasteignasali Sími: 897 0634

**Guðrún Pétursdóttir** skjalagerð

**Ólafur Finnbogason** sölufulltrúi Sími: 822 2307

**Atli S. Sigvarðsson** sölufulltrúi Sími: 899 1178

**Davíð Jónsson** sölufulltrúi Sími: 697 3080

**Hilmar Jónasson** sölufulltrúi Sími: 695 9500

**Heimir H. Eðvarðsson** sölufulltrúi Sími: 893 1485

**Jórunn Skúladóttir** sölufulltrúi Sími: 845 8958

**Svan G. Guðlaugsson** sölufulltrúi Sími: 697 9300

**Helga J. Úlfarsdóttir** löggiltur fasteignasali Sími: 899 2907

**Laust við kaupsamning**



200 Kópavogur

**OPIÐ HÚS**
Þriðjudag 11. júní 19:00 - 19:30

## Birkigrund 12

Um 262 fm raðhús með sérstæðum bílskúr
Góðar stofur, 2 baðherbergi og sauna, eldhús
5 góð svefnherbergi, hægt að hafa fleiri
Möguleiki á sér íbúð í kjallara



Nánari upplýsingar veitir
**Svan G. Guðlaugsson,** sölufulltrúi
svan@miklaborg.is **sími:** 697 9300

Verð **45,9 millj.**



**OPIÐ HÚS**
Miðvikudag 12. júní 17:30 - 18:00

270 Mosfellsbær

## Þrastarhöfði 28

Gullfallegt einbýli
Sérsmíðaðar innréttingar
Vönduð tæki
Rúmgóður bílskúr
Stimpluð stétt



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

Verð **79,5 millj.**



**OPIÐ HÚS**
Miðvikudag 12. júní 17:00 - 18:00

101 Reykjavík

## Grettisgata 18A

Mikið endurnýjað 84 fm einbýli á tveimur hæðum
2 - 3 svefnherbergi
Stór garður
Frábær staðsetning



Nánari upplýsingar veitir
**Ólafur Finnbogason,** Sölufulltrúi
olafur@miklaborg.is **sími:** : 822 2307

Verð **29,9 millj.**



**OPIÐ HÚS**
Fimmtudag 13. júní 17:30 - 18:00

112 Reykjavík

## Baughús 17

Fallegt og vel skipulagt 187 fm parhús
Fjögur góð svefnherbergi
Stórbrotið útsýni og skjólsamur suðurgarður
Húsi vel viðhaldið



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

Verð **46,8 millj.**



105 Reykjavík

## Drápuhlíð

Heillandi risíbúð
Opin og björt
Frábær staðsetning
Byggingarleyfi fyrir svalir

Verð **25,9 millj.**

**Penthouse íbúð**



105 Reykjavík

## Sóltún

Glæsileg Penthouse íbúð
216 fm, stæði í bílageymslu
200 fm svalir, heitur pottur
Frábært útsýni

Verð **99,0 millj.**



200 Kópavogur

## Digranesvegur

Falleg efri sérhæð miðsvæðis í Kópavogi
Rúmgóð og vel skipulögð
Ákaflega vel staðsett íbúð með stórbrotnu útsýni
Vel hirtur og gróðursæll garður

Verð **31,9 millj.**



105 Reykjavík

## Sóltún

Falleg 134,8 fm íbúð á jarðhæð
Stæði í bílageymslu
Sér inngangur
Stór sólpallur

Verð **45,0 millj.**



105 Reykjavík

## Ásholt

Frábær 2ja herbergja íbúð
Sjöunda hæð í lyftuhúsi
Stæði í bílageymslu
Glæsilegt útsýni

Verð **19,9 millj.**



107 Reykjavík

## Seilugrandi

Góð 3ja herbergja íbúð
Sérinngangur
Gott viðhald að utan
Sjávarútsýni
Stæði í bílageymslu

Verð **25,7 millj.**



200 Kópavogur

## Tunguheiði

Falleg 192 fm efri sérhæð með bílskúr
Stórar stofur, 4 svefnherbergi
Stórbrotið útsýni, 30 fm svalir
Eignin hefur verð endurnýjuð að hluta
Hús í góðu standi

Verð **41,9 millj.**

**www.miklaborg.is** - með þér alla leið - **569 7000**




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | 3 | 9 | 2 | | | |
| 8 | | | | | | | 7 | |
| 1 | 2 | | | | | 4 | 6 | |
| | | 1 | | 8 | 3 | 7 | 9 | |
| 2 | | | 9 | 4 | | | 8 | |
| | | 7 | 6 | 1 | | | | |
| | 6 | | 4 | | | | | 7 |
| | | | | 3 | 9 | 8 | | |
| 7 | 9 | 2 | | | | 1 | 4 | 3 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | | | 7 | | 2 | |
| | 9 | 1 | | 5 | | 4 | | |
| 2 | 3 | 4 | | | 9 | 5 | | |
| | | | | | 5 | | 4 | 9 |
| 4 | 2 | | | | 6 | 7 | | 1 |
| 6 | | | | | | | | |
| | 4 | 7 | 1 | | | 3 | | 2 |
| | | | | | | | | |
| | 6 | 8 | | 9 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 4 | | 1 | | | | |
| | | | | | | | 7 | 8 |
| | | 1 | | | | 3 | | |
| 6 | | 8 | 5 | | | | 9 | |
| 9 | | | 2 | 7 | | | 4 | |
| | 5 | | 9 | | | | | |
| | | 6 | | | | 7 | | 2 |
| | | | 3 | | | | 6 | |
| | | | | 2 | 9 | | 1 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 5 | 3 | 1 | 9 | 6 | 2 | 4 | 7 |
| 6 | 1 | 7 | 2 | 4 | 3 | 5 | 8 | 9 |
| 9 | 2 | 4 | 5 | 7 | 8 | 3 | 1 | 6 |
| 5 | 3 | 8 | 6 | 1 | 9 | 7 | 2 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 7 | 2 | 5 | 8 | 9 | 3 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 6 | 5 |
| 1 | 7 | 6 | 9 | 5 | 2 | 4 | 3 | 8 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 8 | 7 | 6 | 5 | 1 |
| 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 9 | 7 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 5 | 1 | 2 | 3 | 6 | 7 | 4 |
| 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 9 | 5 | 8 | 3 |
| 3 | 4 | 6 | 5 | 7 | 8 | 9 | 2 | 1 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 2 |
| 2 | 6 | 8 | 3 | 9 | 5 | 4 | 1 | 7 |
| 7 | 1 | 4 | 2 | 8 | 6 | 3 | 9 | 5 |
| 8 | 3 | 1 | 6 | 4 | 2 | 7 | 5 | 9 |
| 4 | 7 | 9 | 8 | 5 | 1 | 2 | 3 | 6 |
| 6 | 5 | 2 | 9 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 5 | 8 | 2 | 7 | 4 | 1 | 3 |
| 8 | 1 | 3 | 5 | 9 | 4 | 6 | 7 | 2 |
| 2 | 7 | 4 | 1 | 6 | 3 | 5 | 8 | 9 |
| 7 | 2 | 6 | 4 | 1 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 1 | 3 | 8 | 6 | 5 | 2 | 7 | 9 | 4 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 | 2 | 6 |
| 6 | 9 | 1 | 7 | 3 | 5 | 2 | 4 | 8 |
| 3 | 8 | 7 | 2 | 4 | 6 | 9 | 5 | 1 |
| 5 | 4 | 2 | 9 | 8 | 1 | 3 | 6 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




### SPAKMÆLI DAGSINS

**Ef þú dæmir fólk þá hefurðu engan tíma til að elska það.**

*Móðir Teresa*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

### KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** hreinsiefni **6.** strit **8.** gras **9.** gums **11.** í röð **12.** gengi **14.** hestasjúkdómur **16.** verslun **17.** af **18.** ástæður **20.** pfn. **21.** fyrr.

**LÓÐRÉTT**
**1.** steintegund **3.** hæð **4.** ávaxtatré **5.** þakbrún **7.** fjarskiptatæki **10.** blaður **13.** kóf **15.** rótartauga **16.** yfirbragð **19.** kvað.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sápu, **6.** at, **8.** sef, **9.** lap, **11.** rs, **12.** klíku, **14.** spatt, **16.** bt, **17.** frá, **18.** rök, **20.** ég, **21.** áður.
**LÓÐRÉTT: 1.** kalk, **3.** ás, **4.** perutré, **5.** ufs, **7.** talstöð, **10.** píp, **13.** kaf, **15.** tága, **16.** brá, **19.** ku.

### SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Lenka Ptácníková varð Íslandsmeistari kvenna í fimmta sinn á Opna Íslandsmótinu sem er nýlokið. Hún vann góðan sigur á Lofti Baldvinssyni í áttundu umferð.**

**Hvítur á leik**



**32. Bxg5! Svartur reyndi 32...fxg5 en eftir 33. Dxg5+ Hg7 34. Hh8+ Kf7 35. Dh5+ Ke7 36. g5 Re8 37. f6+ Rxf6 gafst hann fljótlega upp. Jóhanna Björg Jóhannsdóttir og Elsa María Kristínardóttir urðu í 2. og 3. sæti.**

**www.skak.is** Það styttist í Skákhátíð á Ströndum 21.-23. júní.

# SUMARGLAÐNINGUR

## FRÁBÆR KAUP FRÁ THOMSON




HD TV 1080p

3D intense

200Hz CMI ClearMotionIndex

Smart TV

Share & See Home Network Devices

LEDedge

DVB-T DVB-C DVB-S DVB-S2 CI+

**Thomson 46FU7765**

**169.990**

**Ótrúlega vel búið 46“ SmartTV LED sjónvarp með ótal tengimöguleikum, háskerpu upplausn og þrívídd. Eitt með öllu.**

**Myndgæði**
Tækið er með háskerpu upplausn 1920x1080, 200Hz clear motion index, Mega Contrast og öflugum Pure Image Ultra Intelligent örgjörva sem gefur framúrskarandi myndgæði og liti.

**Þrívídd**
Tækið er með innbyggðri þrívídd og notar active tækni sem er öflugasta tæknin sem í boði er í dag. Tækið getur breytt venjulegri mynd í þrívídd (2D to 3D conversion). 2 Active þrívíddargleraugu fylgja.

**SmartTV og Margmiðlun**
Tækið er með hefðbundinn DVB-T móttakara og DVB-S móttakara fyrir þá sem nota gervihnattadisk. Ennfremur er tækið með innbyggðum margmiðlunarspilara, hægt að taka upp á flakkara af tækinu og innbyggður þráðlaus móttakari (dongle). Tækið er með Smart TV viðmóti og hægt að tengjast fjölda forrita, fara á netið og fleira.

**Tengimöguleikar**
Tækið er vel tengjum búið með 4 HDMi, CI kortarauf, 2 USB, nettengi, VGA, Scart, Optical og heyrnartólstengi.

ULTRA Pure image · COLOR extender · MEGA contrast · DIGITAL pure sound · x4 HDMI · PVR READY · USB multimedia browser · 2 USB · eco mode

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

THOMSON

LJÓSMYNDASKÓLINN
www.ljosmyndaskolinn.is
umsóknarfrestur rennur út 15. júní



# Cyndi Lauper sigursæl á Tony-verðlaununum

Söngleikur bandarísku poppstjörnunnar senuþjófurinn á verðlaunahátíð Broadway-leikhúsanna vestanhafs.

Söngleikurinn Kinky Boots var sigursælastur á Tony-verðlaununum á sunnudag. Verkið hlaut sex verðlaun af þeim þrettán sem það var tilnefnt til.

Söngleikurinn Kinky Boots byggir á sannri sögu, sem samnefnd kvikmynd var gerð eftir árið 2005, og segir frá ungum manni sem bjargar skóverksmiðju fjölskyldunnar frá gjaldþroti með því að framleiða skó fyrir dragdrottningar. Bandaríska „eitís"-stirnið Cyndi Lauper semur lög og texta. Verkið bar sigur úr býtum í flokknum söngleikur ársins og Lauper hlaut verðlaun fyrir bestu frumsömdu tónlistina.

Gamanleikur Christophers Durang, Vanya and Sonia and Masha and Spike, var valið leikrit ársins en það byggir á sígildu verki Tjekovs, Vanya frænda.

Tracy Letts var valinn besti leikarinn fyrir hlutverk sitt í Hver er hræddur við Virginíu Woolf? og skaut þar með Tom Hanks, sem spáð hafði verið verðlaununum, óvænt ref fyrir rass. Letts er einnig þekkt leikskáld og er höfundur verka á borð við Þrjár systur, Killer Joe og Fjölskylduna, sem öll hafa verið sett upp hér á landi.

Hin 79 ára gamla Cicely Tyson var valin leikkona ársins fyrir leik í verkinu The Trip to Bountiful, þar sem hún steig á svið á Broadway í fyrsta sinn í þrjá áratugi.



**CYNDI LAUPER** Söngleikurinn Kinky Boots hlaut sex verðlaun, þar á meðal var Lauper valin lagahöfundur ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Dansað í trúarvímu

TÓNLIST ★★★★☆

**Lokatónleikar Podium-hátíðarinnar**

Hljóðfæraleikarar: Arngunnur Árnadóttir, Nikolai Matthews, Dimitri Kostopoulos, Magnus Boye Hansen, Matthias Halvorsen, Mathieu von Bellen, Mathias Johansen, Hulda Jónsdóttir, Mischa Pfeiffer, Þorgerður Hall og Steven Walter.

HARPA, 9. JÚNÍ

Margir sértrúarsöfnuðir hafa sprottið upp úr mótmælendatrú. Einn þeirra er kallaður Shakers, eða „United Society of Believers in Christ's Second Appearing". Hann varð til á 18. öld á Englandi en barst síðar til Bandaríkjanna. Nafnið Shakers, eða Hristarar, kom til vegna þess hvernig trúarathafnirnar fóru fram. Mikið var sungið og söngnum fylgdi mjög sérkennileg líkamstjáning, sem var eins konar dans. Laglínurnar voru líka óvenjulegar, byggðust á tónstigum sem voru frábrugðnir tónfræðireglunum í hefðbundnari kirkjutónlist.

Talsvert hefur fækkað í söfnuðinum á síðari tímum en menningarframlag hans lifir. Á lokatónleikum Podium-tónlistarhátíðarinnar, sem fóru fram í anddyri Hörpu fyrir framan Kaldalón, var leikið verk sem byggðist á tónlist Hristaranna. Það var eftir bandaríska samtímatónskáldið John Adams. Hann er hvað þekktastur fyrir óperuna sína Nixon í Kína. Verkið á tónleikunum var fyrir nokkra strengjaleikara og var mínímalískt eins og velflest eftir tónskáldið. Það þýðir að tónlistin byggðist á örstuttum stefbrotum sem voru endurtekin aftur og aftur en þó tók verkið stöðugum breytingum. Framvindan var falleg og áhugaverð; án efa var þetta aðgengilegasta tónsmíðin á tónleikunum. Hún var dálítið transkennd ef ég má orða það svo, enda var tónlist og dans Hristaranna til þess gerð að komast í trúarvímu.

Hljóðfæraleikararnir, sem allir voru ungir að árum, spiluðu prýðilega. Samspilið var nákvæmt en kraftmikið, túlkunin flæðandi og tilfinningarík.

Svipaða sögu er að segja um annað á dagskránni. Þar var áhrifamest tríó eftir lettneska tónskáldið Peteris Vasks. Píanóleikurinn var frábær en því miður hafði ég ekki hugmynd um hver spilaði. Tónleikaskráin var mjög í skötulíki, aðeins pínulítill miði. Þar voru einungis nefndir allir hljóðfæraleikarar tónleikanna, en það voru ekki alltaf þeir sömu sem spiluðu. Ég komst þó að því síðar að píanóleikarinn heitir Matthias Halvorsen.

Hinar tónsmíðarnar á dagskránni voru minna spennandi. Contrasti eftir Bartók hefur ekki elst vel. Það byggist vissulega á gríðarlegri þekkingu, en fjörið og innblásturinn, sem er svo ríkjandi í eldri verkum tónskáldsins, er víðs fjarri. Það var þó vel spilað, öryggi í flutningnum og stígandin var aðdáunarverð. Charisma eftir Xenakis var sömuleiðis ágætlega leikið en verkið sjálft var leiðinlega ómstrítt og óþægilegt áheyrnar.



**MATTHIAS HALVORSEN** Lék frábærlega á píanóið í áhrifamiklu Tríói eftir lettneska tónskáldið Peteris Vasks.

Eins og áður sagði voru þetta lokatónleikar Podium-hátíðarinnar. Fyrir þá sem ekki vita var hún stofnuð í Noregi árið 2008. Þetta var í fyrsta sinn sem hún var haldin hér á landi, bæði í Hörpu og einnig í Selinu á Stokkalæk og í Norræna húsinu. Ungir tónlistarmenn standa ávallt fyrir tónleikunum. Áherslan er á óhefðbundna tónlistarupplifun og eru ýmsar leiðir farnar til þess að brjóta upp tónleikaformið. Tónleikarnir nú voru að vísu býsna hefðbundnir en ég geri ráð fyrir að fyrri tónleikar hátíðarinnar, sem ég gat því miður ekki farið á, hafi verið frumlegri.

*Jónas Sen*

**NIÐURSTAÐA:** Ágætur hljóðfæraleikur, misjöfn dagskrá. Sumt var frábært.

# Fastur úti í fenjum með sérvitrum listamönnum

Snæbjörn Brynjarsson leikhúslistamaður flakkar um Evrópu með frönskum leikhóp í sumar.

Snæbjörn Brynjarsson, leikhúslistamaður og rithöfundur, fer með hlutverk í Swamp Club, sýningu franska leikhópsins Vivariumstudio, sem frumsýnt var í Vínarborg á þriðjudag.



**SNÆBJÖRN BRYNJARSSON**

Verkið er samstarfsverkefni leiklistarhátíðarinnar Vienna Festwochen, nokkurra franskra leikhúsa auk leikhópsins Vivariumstudio. Snæbjörn, sem nam fræði og framkvæmd við Listaháskóla Íslands, komst í kynni við hópinn á alþjóðlegu Listahátíðinni Lókal í Reykjavík 2008.

„Ég hef áður aðstoðað Philippe Quesne, forsprakka hópsins, við gjörninga, en þetta er í fyrsta sinn sem ég tek þátt í heilu leikverki með þeim," segir Snæbjörn, sem leikur íslenskan rithöfund sem heldur í listamiðstöð úti í fenjum, þar sem fyrir eru sérvitrir og vænisjúkir listamenn en miðstöðin er undir stöðugri ógn frá ókunnugu afli.

„Það má segja að áhorfendum sé boðið að upplifa fenin í gegnum augu Íslendingsins, pólska dansarans Ola Maciejewska, og Cyril Gomez-Mathieu, en þau þrjú koma í vinnuferð og upplifa fenjasvæðið hvert á sinn hátt," segir Snæbjörn, sem leikur bæði á íslensku og ensku.

Snæbjörn gerir út þessi dægrin frá Rúmeníu þar sem þeir Kjartan Yngvason vinna að framhaldi bókar sinnar Hrafnsauga, en fram undan er túr um Evrópu.

„Við tökum stefnuna á Þýskaland, Sviss, Frakkland, Belgíu og Lettland," segir hann. „Þetta verður sjálfsagt mikið ævintýri."

- bs



**SWAMP CLUB** Snæbjörn leikur íslenskan rithöfund sem heldur til listamiðstöðvar þar sem fyrir eru vænisjúkir listamenn.

MAZDA.IS

mazda

# SPARNEYTINN MAZDA CX-5

FJÓRHJÓLADRIFINN
1800 KG DRÁTTARGETA
BLUETOOTH
SNERTISKJÁR
21 CM VEGHÆÐ
BLINDPUNKTSAÐVÖRUN




SPARAÐU MEÐ
**SKYACTIV**
NÝ TÆKNI FRÁ MAZDA

BEINSKIPTUR FRÁ 5.390.000 KR.
SJÁLFSKIPTUR FRÁ 5.690.000 KR.

**Mazda CX-5 er framúrskarandi jeppi búinn byltingarkenndri SkyActiv spartækni Mazda. Ný og öflug vélalína, ný 6 þrepa sjálfskipting og nýr hástyrktarundirvagn gera nýju SkyActiv spartækni Mazda einstaka. Hún skapar fádæma sparneytni samanber nýju bensínvélina sem notar einungis 6,6 lítra með sjálfskiptingu.**

**Skynvætt fjórhjóladrif (4WD), blindpunktsaðvörun (RVM) og snjallhemlunarkerfi (SCBS) gera Mazda CX-5 öruggari. Bluetooth símabúnaður, i-stop spartækni, snertiskjár, mikið innanrými, 1800 kg dráttargeta, 21 cm veghæð og stórt farangursrými skapa þér frábært notagildi.**

**Komdu í reynsluakstur.**

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga frá kl. 9-17.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Mazda CX-5 4WD 2,0i SkyActiv bensín. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,6 l/100 km. $CO_2$ losun 155 g/km.
Útbúnaður bíls getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Sumar og sól í miðborginni

Sólin lét loksins sjá sig í höfuðborginni í gær eftir mikla rigningartíð. Fréttablaðið kíkti á stemninguna í miðbænum þar sem sjá mátti stuttbuxnaklædda túrista og bæjarbúa með sólgleraugu á nefinu. Veðurspáin gerir þó ekki ráð fyrir blíðviðri næstu dagana.



**TÓNLEIKAR Á LÆKJARTORGI** Hljómsveitin White Signal er skipuð þeim Guðrúnu, Svanhildi, Hrafnhildi, Snorra og Steinþóri. Þau spiluðu fyrir miðbæjargesti á Lækjartorgi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**KOMINN HEIM** Steinar Þorberg hefur búið í Los Angeles frá árinu 1962. Hann er nýfluttur heim og selur nú sólgleraugu í Kolaportinu.



**Í BRÚÐKAUPSFERÐINNI** Þau Jake og Taylor Fowler eru frá Oklahoma en þau eru rétt rúmlega tvítug. Þau giftu sig á dögunum og eru hér á landi í brúðkaupsferð.



**ELSKA ÍSLAND** Tom og Sharon koma frá Kanada. Þau hafa margoft komið til Íslands og segjast elska bæði Leif Eiríksson og lundann.



**MIÐBÆJARRÖLT Í BLÍÐUNNI** Vinkonurnar Rósa og Íris nutu veðurblíðunnar og röltu um í miðbænum.

## Hannar skó

Leikkonan Sarah Jessica Parker hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem tískufyrirmynd í fremstu röð. Aðdáendur hennar ættu því að hoppa hæð sína núna því Parker er að fara að hanna skólínu. Leikkonan hannar skóna í samvinnu við skóframleiðandann Manolo Blahnik en Carrie, karakter hennar í þáttunum Sex and the City, var einmitt mjög hrifin af skóm Blahniks. Einnig verða einhverjir fylgihlutir í línunni sem verður til sölu á útvöldum stöðum í Bandaríkjunum frá og með haustinu. Þá segir Parker að skórnir muni kosta á bilinu 20 til 50 þúsund íslenskar krónur, sem er mun minna en par af Manolo Blahnik-skóm kostar.




**HANNAR SKÓ** Það er vel við hæfi að leikkonan Sarah Jessica Parker deili tískuvitund sinni og hanni skó með Manolo Blahnik. NORDICPHOTOS/GETTY

## Katy Perry á tónleikum Bjarkar

Söngdívan Katy Perry mætti á tónleika Bjarkar Guðmundsdóttur í Los Angeles á laugardagskvöldið. Perry vakti athygli í svörtu leðurpilsi, bol og með keðjubelti um sig miðja. Slúðurmiðlarnir ytra halda því nú fram að Perry sé að hitta Twilight-stjörnuna Robert Pattinson en stúlkan var gift Russell Brand um tíma.



**KOM Á TÓNLEIKA** Katy Perry lét sjá sig á Bjarkar-tónleikum á laugardaginn.



SÉRSTAÐA á íslenskum innréttingamarkaði

ÞÝSK ÍSLENSK SAMVINNA

Við höfum gert samning við einn stæsta innréttingaframleiðanda Þýskalands um framleiðslu á eldhúsinnréttingum sem eru seldar undir vörumerki Eirvíkur.

Þér er boðið í glæsilegan sýningasal okkar þar sem við kynnum nýjustu strauma í hönnun eldhúsa.

*Farðu alla leið með Eirvík*

EIRVÍK *innréttingar og eldhústæki*

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Kaupum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr

# Græddu á gulli

## Í Kringlunni alla daga frá kl. 11-18





## FRÍTT VERÐMAT
## ENGIN SKULDBINDING

### UMSAGNIR FRÁ VIÐSKIPTAVINUM

**Besta verðið!**
Ég hef selt talsvert af gullskartgripum og demöntum undanfarið ár á Íslandi og undantekningalaust hef ég fengið besta verðið hjá www.kaupumgull.is. Þau eru fljót að meta, vandvirk og áreiðanleg. **Jóna Guðmundsdóttir**

**Fljót og góð þjónusta - hærra verð en hjá gullsmiði**
Ég kom með talsvert magn af skartgripum úr dánarbúi sem við systkinin áttum. Í 2 ár hafði ég reynt að selja gripina hjá gullsmiðum án árangurs. Mér til undrunar og ánægju voru þeir metnir af www.kaupumgull.is á hærra verði en ég hafði reynt að selja þá hjá gullsmið. Gripina fékk ég staðgreidda og allt ferlið gekk hratt og örugglega fyrir sig. **Sigurður Eiríksson**

**Ég kom** með föður mínum með skartgripi sem ég hafði fengið í arf, ég taldi að þeir væru um 150.000 kr. virði, ég var því frekar hissa og ánægð þegar þeir voru metnir af www.kaupumgull.is á 580.000 kr. Til að hafa vaðið fyrir neðan mig fékk ég tilboð frá fleiri aðilum, hins vegar borguðu www.kaupumgull.is mun betra verð en aðrir. **Sigríður Jónsdóttir**



**Staðgreiðum allt gull, silfur, platinum, demanta og vönduð úr.**
Hringa, hálsmen, armbönd, gullmynt, Gold Quest gullmynt, allt brotagull og nýtt gull.

## Veðlán

Lánum allt að 10 milljónum kr. gegn veði í gulli, silfri, demöntum, gömlum peningaseðlum, vönduðum úrum eða málverkum eftir íslenska meistara.

**Alla demanta**



**Kaupum gömul og ný úr**

Rolex, Breitling, Cartier, Patek Philippe ásamt öllum gullúrum.





Til sölu

**Staðgreiðum einnig verk eftir þekkta íslenska og erlenda listmálara**

Gunnlaug Blöndal, Jóhannes Kjarval, Svavar Guðnason, Flóka, Erró, Ásgrím Jónsson, Nínu Tryggvadóttur, Karólínu Lárusdóttrir, Jón Stefánsson, Georg Guðna, Leonardo da Vinci og fl.

**Kaupum frímerki, póstkort og gamla peningaseðla**



**ERUM Á 3. HÆÐ Í KRINGLUNNI** (Hjá Læknastöðinni)

**Upplýsingar og tímapantanir:**
Sverrir, s. 661-7000 • sverrir@kaupumgull.is

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| NOW YOU SEE ME VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 - 10:50 | 12 |
| EPIC ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| EPIC ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 5:10 - 8 | 12 |
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 10:50 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 8 | 12 |

| KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| NOW YOU SEE ME | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| AFTER EARTH | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 10:10 | 12 |
| EPIC ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |

| EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| AFTER EARTH | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 10:40 | 12 |
| EPIC ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 5:20 - 8 | 12 |

| KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG
GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ (5%) | | |
|---|---|---|
| AFTER EARTH | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| AFTER EARTH LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| EPIC 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| STAR TREK 3D | KL. 8 - 10.45 | 12 |
| STAR TREK | KL. 8 - 10.45 | 12 |
| THE CROODS 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ (5%) | | |
|---|---|---|
| AFTER EARTH | KL. 6 - 9 | 12 |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 5.45 | L |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 6 - 9 | 12 |
| THE GREAT GATSBY | KL. 6 - 9 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 9 | 12 |

BORGARBÍÓ — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| AFTER EARTH | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| FAST & THE FURIOUS 6 | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| EPIC 2D | KL. 6 | L |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| AFTER EARTH | 5 - 8 - 10.10 | 10 |
| EPIC 3D | 4.30 | L |
| HANGOVER III | 5 - 8 - 10.10 | 12 |
| FAST & FURIOUS | 7 - 10 | 12 |


# Brókin sem breytti lífi mínu

**BAKÞANKAR**
Bergsteins Sigurðssonar



Fátt þykir mér hvimleiðara á þessari kringlu sem við búum á en að fara í Kringluna. Verst af öllu eru fatakaupin, því þótt vissulega sé gaman að vera nýskædd-ur er umstangið sem því fylgir yfirleitt til ama. Ég get að minnsta kosti ímyndað mér margt skemmtilegra og meira gefandi en að standa á sokkunum fyrir utan mátunar-klefa í þriðja buxnaparinu í röð sem passar ekki alveg meðan tvítugur afgreiðslustrák-ur reynir að sannfæra mig í gegnum óminn af nýjasta Daft Punk-smellinum um að þessar séu sko akkúrat málið.

**Á** dögunum varð þó enn einn Kringlu-leiðangurinn ekki umflúinn. Ég ákvað að vitja gamals kunningja sem ég hafði ekki hitt lengi og kenndur er við skapara sinn, Levi Strauss. Ég fór með konunni minni sem leið lá í Levi's búðina, þar sem ekki var nokkurn mann að sjá. „Leyfið mér að geta, þið eruð að leita að „casual“ gallabuxum á hann,“ sagði rödd bak við afgreiðsluborðið. Upp reis myndarlegur maður, dökkur yfirlitum með stimamjúkt yfirbragð og rannsakandi augnaráð. Ég kinkaði kolli.

**„ÚR** jakkanum,“ sagði hann, „og snúðu þér hring.“ Ég hlýddi án þess að segja orð. „Hmm… hvað erum við að vinna með,“ muldraði hann með fingur á vör meðan hann mældi mig út með augunum. „Ekki íhaldssamur en samt ekki of frjálslegur. Í hvaða sniði genguðu yfirleitt? „Straight“, segirðu. Við þurfum tilbreytingu. Við förum yfir í „regular“,“ sagði hann. Án þess að spyrja hvaða númer ég notaði sneri hann sér við og spændi sig í gegnum heilan skáp fullum af buxum á ógnarhraða áður en hann dró fram buxur sem hann hristi svo small í skálmunum eins og svipu. „Voilà!“

**ÞETTA** voru nákvæmlega þess konar buxur sem ég hafði haft í huga og þær smellpössuðu. Nú þarf svo sem ekki ófresk-an mann til að draga þá ályktun að karl-maður í gallabuxnabúð væri að leita sér að gallabuxum en allt háttalag mannsins orkaði á mig eins og hann byggi yfir sjötta skilningarvitinu. Þegar hann rétti mér pokann með nýju buxunum, sem hvað sem verðmiðanum leið kostuðu lágmarksómak, bauð hann mig velkominn aftur. „Eftir hverjum á ég að spyrja?“ spurði ég. „Þeir kalla mig buxnahvíslarann.“

# Fyrsta tónleikaröðin hjá KÍTÓN

Nýstofnað félag kvenna í tónlist heldur tónleikaröð í Viðey síðar í mánuðinum.

Fyrsta tónleikaröð KÍTÓN, nýstofnaðs félags kvenna í tónlist, verður haldin í Viðey 16. og 19. júní í sam-starfi við Reykjavíkurborg og Viðeyjarstofu.

Tónleikaröðin kallast Tónhvörf og vísar í það ástand þegar ólíkar stefnur hverfa saman í eina. Hún er jafnframt upphitun fyrir stóra tónleika KÍTÓN í Hörpu í haust.

„Við erum með ágætis pakka af ungum og upp-rennandi stelpum og öðrum sem hafa verið lengur viðloðandi músík,“ segir formaður KÍTÓN, Védís Hervör Árnadóttir, spurð út í tónleikaröðina.

Á fyrri tónleikunum spilar dúóið Kolka sem þær Arnhildur Valgarðsdóttir og Heiða Árnadóttir skipa. Á þeim síðari spila Hafdís Huld, Lára Rún-ars, Ragnheiður Gröndal, Védís Hervör, Ísabella Leifsdóttir og Hallfríður Ólafsdóttir. Andrea Jónsdóttir hitar upp sem skífuþeytir.

Fleiri tónleikar úr smiðju KÍTÓN eru svo fyrirhugaðir í Viðey í sumar. Védís hvetur fólk til að leggja leið sína þangað. „Þetta tekur nokkrar mínútur. Það er stutt að fara í kyrrðina og það er alveg geggjað að vera þarna.“ - fb

**200** Breiður hópur tónlistarkvenna á öllum aldri myndar KÍTÓN og eru skráðar félagskonur hátt í tvö hundruð.



**SPILA Á TÓNLEIKARÖÐ** Ragnheiður Gröndal og Védís Hervör spila í Viðey 19. júní.

# Garðveisla vegna 25 ára afmælis

Íslenska auglýsingastofan fagnaði 25 ára afmæli sínu með garðveislu á föstudag. Veislan fór fram þar sem stofan er til húsa að Laufásvegi 49-51.



**ÞRÍR Í VEISLU** Villi, Guðmundur og Grímur voru á meðal gesta í veislunni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**FÖGNUÐU AFMÆLI** Georg, Bjarni og Guðmundur fögnuðu 25 ára afmælinu.



**PÉTUR OG HJALTI** Pétur J. Eiríks og Hjalti Jónsson létu sig ekki vanta í partíið.





SIGHTSEERS HANNA ARENDT SIRIUS ON THE ROAD
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
NEMAR, ÖRYRKJAR, ELDRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!

BÍÓ ★ PARADÍS
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 KR MIÐINN
EUROPA CINEMAS

| | | |
|---|---|---|
| SIRIUS | (12) | 17:50, 20:00, 22:10 |
| SIGHTSEERS | (16) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| IN MEMORIAM? | (L) | 18:00 |
| HANNAH ARENDT | (12) | 20:00 |
| ON THE ROAD | (16) | 22:10 |

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## HANGANDI LJÓS

**LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN**
**VIÐ FELLSMÚLA** - REYKJAVÍK

- 9.995 — 5 LJÓSA; 7.990 — 3 LJÓSA
- Lítið 5.995 HANGANDI LJÓS; Stórt 7.495 HANGANDI LJÓS
- 7.995 HANGANDI LJÓS
- 4.995 HANGANDI LJÓS
- 12.995 — 5 LJÓSA; 9.995 — 3 LJÓSA
- ANTÍK: Lítið 8.995 HANGANDI LJÓS; Stórt 14.995 HANGANDI LJÓS
- STÁL: Lítið 8.995 HANGANDI LJÓS; Stórt 14.995 HANGANDI LJÓS
- 12.995 HANGANDI LJÓS
- 5.995 — 3 LJÓSA
- 12.995 HANGANDI LJÓS
- SVART: 14.995 HANGANDI LJÓS
- RUST: 14.995 HANGANDI LJÓS
- 15.995 — 3 LJÓSA; 5.995 — 1 LJÓS
- Lítið 3.995 HANGANDI LJÓS; Stórt 6.995 HANGANDI LJÓS
- 8.995 — 3 LJÓSA
- 7.495 — 5 LJÓSA; 5.995 — 3 LJÓSA
- 9.995 HANGANDI LJÓS
- 8.995 VEGGLJÓS

Gildistími er tvær vikur. Vörur geta verið uppseldar. Birt með fyrirvara um prentvillur.

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

## Nýtti ákvæðið og sleit samningnum



**HANDBOLTI** „Ég hef ekki tekið ákvörðun um hvort ég verði áfram hjá Fram eða fari í Stjörnuna,“ segir línumaðurinn Elísabet Gunnarsdóttir. Elísabet staðfesti í samtali við Fréttablaðið í gær að hún hefði sagt upp samningi sínum við Fram á dögunum.

„Samningurinn var uppsegjanlegur og ég nýtti mér það ákvæði,“ segir Elísabet, sem varð Íslandsmeistari með Fram á dögunum. Hún segist ekki hafa rætt við Stjörnuna enn sem komið er en vera spennt að spila með uppeldisfélagi sínu í Garðabænum.

„Auðvitað heillar það að spila með mínum vinkonum í Stjörnunni. Jóna Margrét (Ragnarsdóttir) og Rakel Dögg (Bragadóttir) eru mínar bestu vinkonur,“ segir Elísabet. „Hvort sem ég verð áfram eða ekki þá er Framliðið ungt og efnilegt lið sem þarf að byggja upp,“ segir landsliðskonan. -ktd

## Taka áminningunni vegna Ríkharðs

**FÓTBOLTI** Ríkharður Daðason, nýráðinn þjálfari karlaliðs Fram í knattspyrnu, hefur aðeins lokið fyrstu tveimur þjálfarastigunum hjá Knattspyrnusambandi Íslands. Til að þjálfa meistaraflokk þarf Ríkharður að hafa lokið UEFA-A gráðu samkvæmt leyfisreglugerð KSÍ. Hann á því eftir að sitja sex námskeið og þreyta tvö próf. Ríkharður er hins vegar á sextíu daga undanþágu sem veita má þegar þjálfaraskipti koma upp ef starf losnar á miðju tímabili.

„Við fáum náttúrulega bara áminningu,“ segir Brynjar Jóhannesson, formaður knattspyrnudeildar Fram, aðspurður hvort Ríkharður geti stýrt liðinu út leiktíðina. Engin sekt fylgir áminningunni.

„Hann getur hins vegar ekki haldið áfram með liðið á næsta ári án tilskilinna réttinda,“ segir Brynjar. Hann bendir á að Auðunn Helgason, aðstoðarmaður Ríkharðs, hafi tilskilin réttindi. „Við hefðum getað farið í kringum þetta og gert Auðun að aðalmanni ef við hefðum viljað fara í kringum þetta,“ segir Brynjar. Framarar taki hins vegar áminningunni þegar hún komi og fari svo yfir málin að tímabilinu loknu. - ktd



**BALLIÐ BYRJAÐ** Ríkharður stýrði Fram í fyrsta skipti gegn Keflavík í Pepsi-deild karla í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FH 2-4 KR**
**Kaplakrikav.** 2767 áhorfendur
**Magnús Þórisson (7)**

**Mörkin:** 0-1 Baldur Sigurðsson (8.), 0-2 Bjarni Guðjónsson, víti (13.), 1-2 Björn Daníel Sverrisson (44.), 2-2 Björn Daníel (71.), 2-3 Óskar Örn Hauksson (76.), 4-2 Þorsteinn Már Ragnarsson (87.).

**Rautt:** Róbert Örn Óskarsson, FH (12.).

**FH (4-3-3):** Róbert Örn Óskarsson - Guðjón Árni Antoníusson 5, Guðmann Þórisson 5, Freyr Bjarnason 5, Viktor Örn Guðmundsson 4–*Björn Daníel Sverrisson 7, Dominic Furness 4 (55. Pétur Viðarsson 3), Brynjar Ásgeir Guðmundsson - (12. Daði Lárusson 5)–Ólafur Páll Snorrason 6, Atli Guðnason 5, Atli Viðar Björnsson 5 (80. Kristján Gauti Emilsson -).

**KR (4-3-3):** Hannes Þór Halldórsson 5–Haukur H. Hauksson 5, Grétar S. Sigurðsson 5, Gunnar Þór Gunnarsson 4, Guðm. Reynir Gunnarsson 6–Jónas Guðni Sævarsson 6, Bjarni Guðjónsson 4 (55. Þorsteinn Már Ragnarsson 5), Baldur Sigurðsson 6 (90. Kjartan Henry Finnbogason -), Atli Sigurjónsson 6, Óskar Örn Hauksson 7, Gary Matin 4 (85. Emil Atlason -)

**Skot (á mark):** 4-13 (2-7) Horn: 5-3

**Varin skot:** Róbert 1 / Daði 2 - Hannes Þór 0.

**Aukaspyrnur:** 9-14.

**Breiðablik 2-0 Víkingur Ó.**
**Kópavogsvöllur** 920 áhorfendur
**Kristinn Jakobsson (7)**

**Mörkin:** 1-0 Guðjón Pétur Lýðsson, víti (5.), 2-0 Guðjón Pétur Lýðsson, víti (61.).

**Rautt:** Emir Dokara, Víkingi Ó. (5.).

**BREIÐABLIK (4-3-3):** Gunnleifur Gunnleifsson 6 - Finnur Orri Margeirsson 6, Sverrir Ingi Ingason 6, Renee Troost 6, Kristinn Jónsson 6–Andri Rafn Yeoman 5, Ellert Hreinsson 6, Guðjón Pétur Lýðsson 7 (Viggó Kristjánsson - )–Elfar Árni Aðalsteinsson 6 (89. Tómas Óli Garðarsson -), Árni Vilhjálmsson 7, Nichlas Rohde 5 (59. Páll Olgeir Þorsteinsson 5).

**VÍKINGUR Ó (4-3-3):** Einar Hjörleifsson 5 - Emir Dokara -, Damir Muminovic 4, Tomasz Luba 5, Insa Bohigues Fransisco 4 - Björn Pálsson 5, Abdel-Farid Zato-Arouna 6, Eldar Masic 5 (72. Kristinn Magnús Pétursson -), Alfreð Már Hjaltalín 5 - Steinar Már Ragnarsson 5(89. Anton Jónas Illugason -), Guðmundur Magnússon 5 (83. Fannar Hilmarsson -).

**Skot (á mark):** 10-2 (5-0) Horn: 6-0

**Varin skot:** Gunnleifur 0 - Einar 3

**Aukaspyrnur:** 9-4

**Keflavík 1-2 Fram**
**Nettóvöllurinn**
**Gunnar Jarl Jónsson (6)**

**Mörkin:** 0-1 Hólmbert Aron Friðjónsson (43.), 0-2 Steven Lennon (56.), 1-2 Sigurbergur Elísson (67.).

**Rautt spjald:** Magnús Þ. Matthíass., Keflavík (40.).

**KEFLAVÍK (4-3-3):** David Preece 6 - Benis Krasniqi 4, Haraldur Freyr Guðmundsson 5, Halldór Kristinn Halldórsson 5, Andri Fannar Freysson 5, - Sigurbergur Elísson 6, Frans Elvarsson 5, Arnór Ingvi Traustason 5, - Magnús Þórir Matthíasson 4, Jóhann Birnir Guðmundsson 5 (63. Bojan Stefán Ljubicic 5), Marjan Jugovic 5 (63. Hörður Sveinsson 4).

**FRAM (4-3-3):** Ögmundur Kristinsson 5 - Alan Lowing 5, Bjarni Hólm Aðalsteinsson 6, Ólafur Örn Bjarnason 6, Jordan Halsman 5 - Halldór Hermann Jónsson 5, Viktor Bjarki Arnarsson 6 (66. Kristinn Ingi Halldórsson 5), Samuel Hewson 5 - Hólmbert Aron Friðjónsson 6, Almarr Ormarsson 6 (83. Haukur Baldvinss. -), *Steven Lennon 7.

**Skot (á mark):** 6-11 (3-7) Horn: 4-3

**Varin skot:** Preece 5–Ögmundur 1

**Aukaspyrnur:** 8-13

## PEPSI DEILDIN 2013

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| KR | 6 | 5 | 1 | 0 | 14-4 | 16 |
| Valur | 6 | 4 | 2 | 0 | 16-7 | 14 |
| FH | 6 | 4 | 1 | 1 | 11-6 | 13 |
| Stjarnan | 6 | 4 | 1 | 1 | 10-6 | 13 |
| ÍBV | 6 | 3 | 2 | 1 | 9-5 | 11 |
| Breiðablik | 6 | 3 | 1 | 2 | 12-8 | 10 |
| Fram | 6 | 2 | 2 | 2 | 6-7 | 8 |
| Þór | 6 | 2 | 0 | 4 | 9-16 | 6 |
| Keflavík | 6 | 1 | 1 | 4 | 7-13 | 4 |
| ÍA | 6 | 1 | 0 | 5 | 5-13 | 3 |
| Fylkir | 6 | 0 | 2 | 4 | 6-13 | 2 |
| Víkingur Ó. | 6 | 0 | 1 | 5 | 4-11 | 1 |

# Leggjum ekki árar í bát

Íslenska kvennalandsliðið fékk slæman skell gegn Tékkum í undankeppni HM 2013. „Töpuðum fyrir sterkara liði,“ segir landsliðsþjálfarinn sem hefur þegar sett stefnuna á að komast inn á næsta stórmót, EM 2014.

**HANDBOLTI** Stelpurnar okkar í íslenska kvennalandsliðinu missa af sínu fyrsta stórmóti í fjögur ár þegar HM fer fram í Serbíu í lok ársins. Stelpurnar höfðu komist inn á þrjú mót í röð en máttu sætta sig við stórt tap gegn Tékkum í undankeppni HM.

Fyrir fram voru Tékkar taldir viðráðanlegur andstæðingur fyrir íslenska liðið og skásti kosturinn af þeim þjóðum sem voru í efri styrkleikaflokknum í undankeppninni. Ísland var í þeim neðri.

En annað kom á daginn. Tékkar voru einfaldlega mun betri og gengu frá einvíginu í fyrri leiknum í Vodafone-höllinni þar sem liðið vann tólf marka sigur. „Það segir sig sjálft að þetta einvígi fór í þeim leik,“ sagði Ágúst í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann var þá nýkominn aftur til landsins frá Tékklandi, þar sem síðari leikurinn fór fram um helgina.

„Við áttum ekki von á svona stóru tapi á heimavelli. Við hefðum þurft sigur í þeim leik því það er í raun ekkert hræðilegt að tapa með fimm mörkum á útivelli eins og við gerðum um helgina,“ segir Ágúst sem segir leikmenn sína ávallt hafa haft trú á verkefninu, jafnvel eftir tólf marka tap á heimavelli.

„Við ætluðum að koma þeim á óvart í byrjun og byggja á því. En það gekk ekki. Baráttan var í góðu lagi og allir voru að leggja sig fram. En eftir að við lentum undir var þetta orðið erfitt,“ segir Ágúst og bætir við: „Við töpuðum fyrir betra liði. Tékkar voru betri en við áttum von á. Ég hef trú á því að þeir eigi eftir að gera góða hluti í Serbíu.“



**LEGGUR LÍNURNAR** Ágúst Þór ræðir við leikmenn sína í fyrri leiknum gegn Tékkum í undankeppni HM. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Basl í sóknarleiknum

Stelpurnar lentu í basli með sóknarleikinn í einvíginu, enda skoraði liðið aðeins 38 mörk samtals í leikjunum tveimur.

„Það er alveg ljóst að það hefur verið á brattann að sækja í uppstilltum sóknum. En við gerðum okkur enn erfiðara fyrir með því að fá lítið úr hraðaupphlaupunum. Ég tek sem dæmi að við fengum ekkert mark úr hraðaupphlaupi í fyrri leiknum. Við erum samt með mjög góða hraðaupphlaupsmenn í liðinu,“ segir Ágúst.

Það var einnig áberandi í úrslitakeppni N1-deildar kvenna hversu illa sóknarleikurinn virtist ganga. Varnarleikur og markvarsla var þar í aðalhlutverki.

„Liðin sem náðu bestum árangri í deildinni spiluðu frábæra vörn. Stjarnan kom mjög á óvart og byggði sinn leik á mjög sterkri 6-0 vörn. Fram og Valur eru líka með mjög sterk varnarlið,“ segir Ágúst.

„Þetta hefur líka verið okkar aðalsmerki í landsliðinu undanfarin ár. Við höfum sýnt miklar framfarir á skömmum tíma en nú kom skref til baka. En við leggjum þar með ekki árar í bát heldur höldum við ótrauð áfram. Við erum með góða leikmenn, þar af marga í atvinnumennsku. Auðvitað er ég hundfúll en ég tek það ekki af stelpunum að þær lögðu sig allar fram í verkefnið.“

### Jákvætt starf í gangi

Ágúst kvíðir ekki framtíðinni en hann er strax byrjaður að hugsa um næstu leiki sem verða gegn Noregi síðar í mánuðinum. „Þar verður ekki aðalatriðið hvort við vinnum eða töpum – heldur að njóta þess að spila gegn besta landsliði heims. Við erum líka að vinna að verkefnum með U-25 ára liðið okkar og þá mun U-19 ára liðið einnig spila æfingaleiki gegn jafnöldrum sínum frá Noregi á næstunni. Það er margt gott í gangi og við höldum áfram að sinna því starfi, þó svo að okkur hafi mistekist nú,“ segir Ágúst.

eirikur@frettabladid.is

### Einstakt tækifæri á Laugarvatni



Þórir Hergeirsson kom hingað til lands með heims- og Ólympíumeistara Noregs í æfingabúðir um helgina. Þórir hefur náð frábærum árangri með liðið síðan hann tók við þjálfun þess en norska kvennalandsliðið í handbolta er eitt sigursælasta landslið handboltans frá upphafi.

Á föstudaginn verður opin ráðstefna á Laugarvatni í tengslum við komu norska liðsins. Í boði verður að fylgjast með æfingum norska liðsins auk þess sem Þórir mun flytja fyrirlestur og sitja fyrir svörum.

„Við Einar Jónsson [aðstoðarlandsliðsþjálfari] ætlum að fylgjast með og við hvetjum alla áhugasama til að gera slíkt hið sama,“ sagði landsliðsþjálfarinn Ágúst Þór Jóhannsson. „Það er mikil íþróttamenning og sterk umgjörð í kringum þetta landslið. Þórir hefur farið fyrir því starfi af miklum myndarskap.“

# Skúli harmar viðbrögð Sunnevu

Þjálfari kvennaliðs Stjörnunnar telur að Sunneva Einarsdóttir finni sér auðveldlega nýtt lið.

**HANDBOLTI** „Ég get staðfest það að Florentina Stanciu er að koma í Stjörnuna,“ segir Skúli Gunnsteinsson, þjálfari Stjörnunnar, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær brást Sunneva Einarsdóttir illa við þeim fréttum og kaus að rifta samningi sínum við félagið. Sunneva hefur staðið á milli stanganna hjá Stjörnunni undanfarið ár.

„Sunneva kaus að fara þessa leið og var verulega ósátt. Við verðum auðvitað bara að virða hennar ákvörðun.“

Florentina Stanciu var til margra ára hjá Stjörnunni og þekkir allar aðstæður vel í Garðabæ. „Florentina sóttist eftir því að koma aftur til félagsins, enda þekkir hún sig vel hjá okkur. Við áttum samtöl við Sunnevu til þess að snúa hennar hug og halda henni hjá félaginu en hún hefur endanlega tekið þessa ákvörðun. Hún er frábær íþróttamaður og virkilega góður markmaður sem verður ekki í vandræðum með að finna sér annað félag.“

Haustið 2011 átti að leggja niður kvennalið Stjörnunnar en á lokamínútunum var liðinu í raun bjargað. „Frá því fyrir tveimur árum hefur starfið hér í Garðabænum blómstrað og allt okkar bakland hefur staðið sig gríðarlega vel. Leikmannahópurinn er frábær og allt þetta batterí er að vinna vel saman. Rekstur handknattleiksdeildarinnar hefur gengið vel á þessu tímabili og allt það óeigingjarna starf sem okkar fólk vinnur að á hverjum einasta leik er að skila sér til félagsins. Við reynum að halda öllum kostnaði í hófi og vinna með það sem við höfum til staðar,“ segir Skúli Gunnsteinsson. - sáp



**ENDURKOMA** Florentina Stanciu gengur aftur í raðir Stjörnunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




CRÉATIVE TECHNOLOGIE

# NÝR **CITROËN C4 DÍSIL**

**FRÁ 3.290.000 KR.**

Njóttu lífsins á bíl sem er sparneytinn, lipur, hljóðlátur og frægur fyrir frumlega og nútímalega nálgun. Citroën C4 býr yfir nýstárlegri tækni sem dregur úr loftmengun og eldsneytisnotkun. Sérstaða Citroën C4 felst einnig í fjölmörgum smáatriðum sem hámarka þægindi ökumanns og farþega. Hagkvæmni, stíll, þægindi, fágun og þjónusta eru orðin sem marka jákvætt afl hins nýja Citroën C4. Raðaðu saman þessum kostum og niðurstaðan er Citroën C4.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

CITROËN

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga frá kl. 9-17
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 20.25
### Mike & Molly



Gamanþátturinn Mike & Molly er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld. Ástin er ekki bara dans á rósum og það gengur á ýmsu hjá turtildúfunum. Í þessum þætti eru einnig vandræði í sambandinu hjá Carli og Christinu, enda er hann lafhræddur við skuldbindingu.

## Í KVÖLD



### White Collar
**STÖÐ 2 KL. 21.10** Neil Caffrey er svokallaður góðkunningi lögreglunnar og þegar hann er gómaður í enn eitt skiptið sér hann sér leik á borði og býður lögreglunni þjónustu sína við að hafa hendur í hári hvítflibbakrimma gegn því að komast hjá fangelsisvist.

**TV.COM** 8,4 **IMDb** 8,2



### Vampire Diaries
**POPPTÍVÍ KL. 21.40** Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg jafn friðsæll.

**TV.COM** 8,0 **IMDb** 8,4



### Castle
**RÚV KL. 21.15** Í þessari bandarísku þáttaröð er höfundur sakamálasagna fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans.

**TV.COM** 9,0 **IMDb** 8,2

## Bylgjan kl. 9.00-13.00
### Ívar Guðmunds



Ívar Guðmundsson fylgir hlustendum Bylgjunnar frá kl. 9 til 13 alla virka daga. Þátturinn er skemmtilegur tónlistarþáttur og fer Ívar með hlustendum í gegnum nýja og ferska tónlist í bland við það gamla og góða.


FRÁBÆR VERÐ
Á FLOTTUM MERKJUM



# Sundföt
**Fjölbreytt úrval fyrir alla aldurshópa**



**Sundbolir**
Dömustærðir
Verð: 7.990 - 12.990 kr.
Outlet-verð:
**frá 4.990 kr.**

Allt að **60%**

Stelpustærðir:
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr.**



**Bikiní**
Dömustærðir
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð:
**frá 1.990 kr.**

Allt að **75%**

Stelpustærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr**



**Sundskýlur**
Herrastærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr.**

Allt að **40%**

Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
**2.990 kr.**



**Watershorts**
Herrastærðir
Verð: 8.990 - 7.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr.**

Allt að **55%**

Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
**2.990 kr.**

SPORT OUTLET
Vínlandsleið 6 113 Reykjavík
Opið:
Virka daga kl. 11-18 Laugardaga kl. 11-16 Sunnudaga kl. 13-17


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Malcolm In The Middle** (21:22)
**08.30** **Ellen** (164:170)
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors** (100:175)
**10.15** **Wonder Years** (8:23)
**10.40** **Gilmore Girls** (13:22)
**11.25** **Up All Night** (19:24)
**11.50** **Jamie Oliver's Food Revolution** (1:6)
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **American Idol** (13:37)
**14.25** **American Idol** (14:37)
**16.00** **Sjáðu** Ásgeir
**16.25** **Ellen** (165:170)
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan** (12:21)
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.15** **The Big Bang Theory** (19:23)
**19.35** **Modern Family**
**20.00** **The Big Bang Theory** (2:24)
**20.25** **Mike & Molly** (12:23)
**20.45** **Two and a Half Men** (20:23)
**21.10** **White Collar** (12:16) Neil Caffrey er svokallaður góðkunningi lögreglunnar og þegar hann er gómaður í enn eitt skiptið sér hann sér leik á borði og býður lögreglunni þjónustu sína við að hafa hendur í hári annarra svikahrappa.
**21.55** **Weeds** (9:13) Sjötta þáttaröðin um hina úrræðagóðu Nancy sem ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu.
**22.20** **The Daily Show. Global Editon** (19:41) Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts.
**22.45** **Go On** (19:22) Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með vininum Matthew Perry í hlutverki Ryans King, íþróttafréttamanns, sem missir konuna sína.
**23.10** **Dallas** Önnur þáttaröðin þar sem saga Ewing-fjölskyldunnar heldur áfram. Frændurnir Christopher og John Ross bítast enn um yfirráðin í fjölskyldufyrirtækinu Ewing Oil og hafa tekið upp erjur feðra sinna um þessi sömu málefni.
**23.55** **Lærkevej** (3:10)
**00.40** **Philanthropist** (7:8)
**01.25** **Silent Witness** (3:12)
**02.15** **Silent Witness** (4:12)
**03.10** **Numbers** (13:16)
**03.55** **White Collar** (12:16)
**04.40** **The Big Bang Theory** (2:24)
**05.05** **Mike & Molly** (12:23)
**05.25** **Fréttir og Ísland**

## POPP TÍVÍ

**19.00** **Friends** (7:24)
**19.25** **Two and a Half Men** (6:24)
**19.45** **Simpson-fjölskyldan**
**20.10** **Crusoe** (9:13)
**20.55** **Hellcats** (20:22)
**21.40** **The Vampire Diaries** (5:22)
**22.20** **The Vampire Diaries** (6:22)
**23.00** **Crusoe** (9:13)
**23.40** **Hellcats** (20:22)
**00.25** **The Vampire Diaries** (5:22)
**01.05** **The Vampire Diaries** (6:22)
**01.50** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## ÍNN

**20.00** **Hrafnaþing**
**21.00** **Græðlingur**
**21.30** **Svartar tungur**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Pepsi-mörkin 2013**
**08.15** **Pepsi-mörkin 2013**
**18.00** **FH – KR**
**19.50** **Pepsi-mörkin 2013** Mörkin og marktækifærin í leikjunum í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**21.05** **Sir Nick Faldo á heimaslóðum**
**21.50** **Þýski handboltinn: Grosswallstadt – Kiel**
**23.10** **Miami – San Antonio**
**01.00** **San Antonio – Miami** BEINT frá úrslitunum í NBA-körfuboltanum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30** **Liverpool – Sunderland**
**19.10** **Manstu** Skemmtilegur spurningaleikur um enska boltann í umsjón Guðmundar Benediktssonar. Þetta er fjörugur þáttur á léttum nótum þar sem gleðin verður í fyrirrúmi og allir vinna.
**20.00** **Man. Utd. – Liverpool**
**20.30** **West Ham – Liverpool**
**22.20** **Man. Utd. – Liverpool**
**22.50** **Leikmaðurinn: David James** Guðmundur Benediktsson stýrir þætti um ensku stórliðin.
**23.20** **Liverpool – Chelsea**

## krakkar

**07.00** Lalli **07.05** Lalli **07.10** Refurinn **07.15** Litlu Tommi og Jenni **07.40** Svampur Sveinsson **08.05** Dóra könnuður **08.30** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.50** Strumparnir **09.15** Áfram Diego, áfram! **09.40** Lína Langsokkur **10.05** Waybuloo **10.25** Brunabílarnir **10.45** Doddi litli **10.55** Histeria! **11.15** iCarly **11.40** Sorry I've Got No Head **12.10** Ofuröndin **12.35** Njósnaskólinn **13.05** Victourious **13.30** Big Time Rush **13.55** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.20** Lalli **14.25** Lalli **14.30** Refurinn Pablo **14.35** Litlu Tommi og Jenni **14.55** Svampur Sveinsson **15.15** Dóra könnuður **16.00** Strumparnir **16.20** Áfram Diego, áfram! **16.45** Lína Langsokkur **17.05** Waybuloo **17.25** Brunabílarnir **17.50** Histeria! **18.10** iCarly **18.30** Ofuröndin **18.50** Njósnaskólinn **19.15** Victourious **19.40** Big Time Rush

## GULL

**20.00** **Logi í beinni**
**20.40** **Cold Feet** (6:7)
**21.35** **Footballers Wives** (5:9)
**22.25** **Breaking Bad**
**23.15** **Breaking Bad**
**00.00** **Logi í beinni**
**00.40** **Cold Feet** (6:7)
**01.30** **Footballers Wives** (5:9)
**02.20** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**12.10** **Four Last Songs**
**14.00** **Skógardýrið Húgó**
**15.15** **Henry's Crime**
**17.05** **Four Last Songs**
**18.55** **Skógardýrið Húgó**
**20.10** **Henry's Crime**
**22.00** **Another Earth**
**23.30** **127 Hours**
**01.05** **Any Given Sunday**
**03.35** **Another Earth**

## RÚV

**16.30** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20** **Teitur** *(52:52) (Timmy Time)*
**17.30** **Sæfarar** *(42:52) (Octonauts)*
**17.41** **Leonardo** *(11:13) (Leonardo II)*
**18.09** **Teiknum dýrin** *(15:52) (Draw with Oistein)*
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Magnus og Petski** *(5:12) (e)*
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Fjársjóður framtíðar II** *(2:6) (Skipsflak, þorskur og líst)* Fylgst er með rannsóknum vísindamanna við Háskóla Íslands á vettvangi þar sem aðstæður eru býsna fjölbreyttar.
**20.10** **Í garðinum með Gurrý** *(6:6) (Trjáplöntur og jarðarber)* Garðyrkjuþáttaröð í umsjón Guðríðar Helgadóttur. Í þessum þætti gróðursetur Gurrý trjáplöntur og jarðarber og spjallar við Arnar Tómasson í Smálöndum.
**20.40** **Álfukeppnin – Upphitun** Upphitun fyrir Álfukeppnina í fótbolta sem hefst 15. júní og verður sýnd á rásinni RÚV – Íþróttir.
**21.15** **Castle** *(10:24) (Castle)*
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Fjötrar fortíðar** *(2:3) (Blackout)* Breskur sakamálamyndaflokkur. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.15** **Spilaborg** *(7:13) (House of Cards) (e)*
**00.10** **Fréttir**
**00.20** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**07.10** **America's Funniest Home Videos** *(29:48)*
**07.35** **Everybody Loves Raymond** *(14:25)*
**08.00** **Cheers** *(19:22)*
**08.25** **Dr. Phil**
**09.10** **Pepsi MAX tónlist**
**16.40** **The Ricky Gervais Show** *(7:13)*
**17.05** **Family Guy** *(7:22)*
**17.30** **Dr. Phil**
**18.15** **Parenthood** *(10:18)*
**19.05** **America's Funniest Home Videos** *(30:48)*
**19.30** **Everybody Loves Raymond** *(15:25)* Endursýningar frá upphafi á þessum sívinsælu gamanþáttum.
**19.55** **Cheers** *(20:22)* Endursýningar frá upphafi á þessum vinsælu þáttum um kráareigandann og fyrrverandi hafnaboltahetjuna Sam Malone.
**20.20** **Britain's Next Top Model – NÝTT** *(1:13)* Bresk útgáfa þáttanna sem farið hafa sigurför um heiminn. Ofurfyrirsætan Elle Macpherson er aðaldómari í þáttunum.
**21.10** **The Mob Doctor** *(5:13)*
**22.00** **Elementary** *(23:24)*
**22.50** **Hawaii Five-O** *(16:24)*
**23.40** **NYC 22** *(1:13)*
**00.30** **Beauty and the Beast** *(17:22)*
**01.15** **Excused**
**01.40** **The Mob Doctor** *(5:13)*
**02.30** **Elementary** *(23:24)*
**03.20** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** **ESPN America**
**07.25** **Fedex St. Jude Classic 2013** *(2:4)*
**10.25** **Golfing World**
**11.15** **Fedex St. Jude Classic 2013** *(3:4)*
**15.45** **Ryder Cup Official Film 1997**
**18.00** **Golfing World**
**18.50** **PGA Tour - Highlights** *(23:45)*
**19.45** **US Open 2002 - Official Film**
**20.55** **US Open 2006 - Official Film**
**22.00** **Golfing World**
**22.50** **The Open Championship Official Film 1988**
**23.50** **ESPN America**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun



World Class ICELAND

## WORLD CLASS

50% afsláttur af stökum tímum í baðstofu.
40% afsláttur af þriggja mánaða korti í baðstofu og heilsurækt.

**50%** AFSLÁTTUR

2 VILD *er snilld*

Byrjaðu strax að spara. Skráðu kortin ykkar núna á **www.stod2.is/vild**

# NÚ ENN MEIRA FYRIR ÁSKRIFENDUR

STÖÐ 2 VILD - HEIMSKLASSA ENDURNÆRANDI SNILLD

Það eina sem þarf að gera er að skrá kreditkort heimilisins á **stod2.is**

**50%** AFSLÁTTUR

Skemmtigarðurinn SMÁRALIND

## SKEMMTI-GARÐURINN

50% afsláttur af fjölskyldukortum Skemmtigarðsins.
Þú borgar 3.000 kr. en færð 6.000 kr. inneign.



**Þú færð sjálfkrafa afslátt hjá fjölda samstarfsaðila.**

Splass – Engin venjuleg bílaþvottastöð!
**40%** afsláttur af bílaþvotti að utan

SUSHI THE TRAIN
**12%** afsláttur ef verslað er fyrir 2.000 kr. eða meira

MICHELSEN
**15%** afsláttur af vörum á bilinu 10.000 kr. – 400.000 kr.

olís ÓB
**Kynntu þér tilboðin á stod2.is/vild**
Sækja þarf um Olís greiðslulykil til að fá afslátt

10-11
**10%** afsláttur ef verslað er fyrir 2.000 kr. eða meira

BJÖRG MJÓDD
**20%** afsláttur af fatahreinsun

Pizzeria Rizzo
**25%** afsláttur ef verslað er fyrir 2.000 kr. eða meira

FITON / SÍA

## DRYKKURINN



**„Þessa dagana er appelsínugult Vitamin Water í uppáhaldi.“**

Margrét Rán Magnúsdóttir, söngkona í hljómsveitinni Vök.

# Guðni safnar saman sögum í bók

Guðni Ágústsson segir sögur af sjálfum sér og öðrum í væntanlegum sagnabálki.

„Það eru ýmsir búnir að nefna þetta við mig í nokkur ár. Ég hef auðvitað verið sagnamaður á ýmsum skemmtunum og kann margar sögur um marga snjalla. Í þeim liggur bæði skemmtun og fróðleikur,“ segir Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra og formaður Framsóknarflokksins.

Í haust er væntanleg á vegum Veraldar sagnabálkur þar sem Guðni segir sögur af sjálfum sér og öðrum, sögur af forvitnilegu fólki sem hann hefur mætt á lífsleiðinni, óþekktum bændum í Flóanum jafnt sem þjóðkunnum stjórnmálamönnum.

„Ég hef orðið við því að reyna að safna þessu saman og gefa út þessa vonandi skemmtilegu bók. Það er mikilvægt fyrir þessa þjóð að fara að hlæja og vera glöð. Vonandi leggur maður sitt lóð á þær vogarskálar. En það er eitt að segja sögur og annað að skrifa þær niður, þannig að þetta er vandaverk.“

Veröld ætlar einnig að safna saman skemmtilegum sögum um Guðna á meðal almennings til að nota í bókinni og hvetur fólk til að senda sér sögur á netfangið Gudnasogur@verold.is. **- fb**

➜ Ævisaga Guðna eftir Sigmund Erni Rúnarsson kom út árið 2007.



**SAGNAMAÐUR** Guðni Ágústsson ætlar að deila hinum ýmsu sögum með þjóðinni í nýrri bók. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






# Perez Hilton líkti Grétu við Taylor Swift

Söngkonan Gréta Karen Grétarsdóttir vekur athygli í Hollywood fyrir lag sitt Nothing. Stjörnubloggarinn Perez Hilton hrósaði laginu mjög á síðunni sinni.

„Ég held að hann sé bara að líkja mér við Taylor Swift út af öllum þessum ástarlögum sem hún hefur samið,“ segir Gréta Karen Grétarsdóttir söngkona, sem á dögunum vakti athygli stjörnubloggarans Perez Hilton.

Hilton birti myndband af Grétu Karen á vinsælli síðu sinni, Perezhilton.com, þar sem hún syngur lagið „Nothing“. Þar líkir hann Grétu Karen við söngkonuna heimsfrægu Taylor Swift og hrósar laginu.

Lagið samdi Gréta Karen ásamt Daniel Capellaro en nú hafa um 114 þúsund manns skoðað myndbandið á Youtube. Lagið fjallar um ástarsorg og hvernig komast eigi yfir hana.

Gréta Karen hefur verið búsett í Los Angeles í rúmlega fjögur ár þar sem hún hefur stundað tónlistarnám við Musicians Institute. Undanfarið hefur hún verið að semja nýja tónlist en einnig hefur hún sundið inn á kvikmyndir. Ber þar að nefna kvikmyndina Theo, þar sem leikarar á borð við Miru Sorvino og Dakotu Johnson eru í aðalhlutverkum.

Aðspurð segist Gréta vera ansi hissa á þessari athygli. „Ég kíkti inn á Twitter-reikninginn minn og sá þá tíst um þetta þar sem ég var „tögguð“. Það tók mig þó smá stund að fatta að þetta væri inni á síðunni hans. Það var svolítið skemmtileg fyrirsögn á færslunni, „Sometimes less is more“, en ég er voðalega hissa á þessu öllu saman,“ segir Gréta Karen og bætir við að hún sé alveg með báða fætur niðri á jörðinni þrátt fyrir athyglina síðustu daga. Hún stefnir ekki heim í nánustu framtíð en saknar einna helst að fá sér SS pylsu og lakkrís.

marinmanda@frettabladid.is



**TÓNLISTARHÆFILEIKAR Í BLÓÐINU** Gréta Karen er dóttir Grétars Örvarssonar tónlistarmanns.



**GRÉTA KAREN SÖNGKONA** Henni hefur verið líkt við Adele, Lönu Del Rey og nú Taylor Swift.

➜ Rétt eftir útskrift úr tónlistarnáminu missti Gréta Karen röddina og þurfti að fara í aðgerð en hefur nú náð sér á strik og slær ekki slöku við í tónlistarheiminum ytra.






# Joe & The Juice opnað í Kringlunni

Til stendur að opna allt að sex staði á næstu misserum.

„Við erum bara farin að taka við umsóknum núna inni á heimasíðunni og leitum að flottu og hressu liði til þess að vera hluti af landsliði djúsara,“ segir Unnar Helgi Daníelsson Beck, rekstrarstjóri Joe & The Juice á Íslandi.

Nú er ljóst að hinn þekkti djús- og samlokustaður verði opnaður í Kringlunni í ágúst. Unnar Helgi er staddur í Kaupmannahöfn um þessar mundir þar sem hann lærir réttu taktana sem djúsari.

„Ég er búinn að vera hér í viku að vinna. Þetta er ótrúlega skemmtilegt. Svo skemmir það ekki fyrir að hingað kemur fullt af fallegu kvenfólki.“

Samkvæmt íslenskri vefsíðu Joe & The Juice er leitað að hressum og kátum djúsurum sem náð hafa 20 ára aldri. Þar segir að góður tónlistarsmekkur og nettir danstaktar séu alltaf skemmtilegir og að það sé leyfilegt að vera í stuði í vinnunni. „Við verðum með blöndu af flottum stelpum og strákum. Við leitum því að skemmtilegum karakterum og hressum týpum.“ **- ka**



**LÆRIR TAKTANA SEM DJÚSARI** Unnar Helgi Daníelsson Beck verður rekstrarstjóri Joe & The Juice á Íslandi.

➜ Samkvæmt Kaspar Basse, eiganda Joe & The Juice, stendur til að opna allt að fimm til sex staði hér á landi á næstu mánuðum.



ÞRIÐJUDAGS
TILBOÐ
DOMINO'S
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali. Ef þú sækir.
Gildir fyrir klassískan, ítalskan og laufléttan botn.
VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS
FÍTON / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



OPIÐ 24 TÍMA
Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hitar upp fyrir Jeff Beck

Mezzoforte hitar upp fyrir gítargoðsögnina Jeff Beck á tónleikum Becks í Vodafone-höllinni 27. júní. Stutt er síðan Mezzoforte spilaði í Hörpu í tilefni þess að þrjátíu ár voru liðin frá því hið vinsæla lag Garden Party kom út. Ekki verður alveg sama liðsuppstilling í Vodafone-höllinni og í Hörpu því á komandi tónleikum munu allir upphaflegu meðlimir Mezzoforte spila, þar á meðal gítarleikarinn **Friðrik Karlsson**.

- fb



### Leynifundur á sunnudegi

Heyrst hefur að allir forsprakkar Mánudagsklúbbsins á Prikinu hafi hist á leynifundi á sunnudagskvöldið og það á Kaffibarnum. Það skýtur töluvert skökku við og velta menn nú fyrir sér hvort til standi að breyta formerkjum klúbbsins sívinsæla eða jafnvel skipta um vettvang. Mánudagsklúbburinn hefur vakið gríðarlega athygli en hann er haldinn annan hvern mánudag á Prikinu. Fullt er út úr dyrum í hvert skipti og hefur eigandi Priksins, Guðfinnur Sölvi, látið hafa eftir sér í fjölmiðlum að hann hafi aldrei vitað annað eins á sínum rekstrarferli. Á fundinum leynilega voru á meðal annarra Sveinn Rúnar Einarsson, rekstrarstjóri Priksins, Óli Hjörtur Ólafsson, jafnan kenndur við Dolly, Einar Guðmundsson, grafískur hönnuður, Steinþór Helgi Arnsteinsson, yfir-hipster og umboðsmaður, og unnusta hans **Berglind Pétursdóttir,** dansari, blómakransahönnuður og gifdrottning.

- mlþ



## Mest lesið VÍSIR

1 Breiðholtið mun breytast á næstu tíu árum og fasteignaverð hækka
2 Missti vitið og brotnaði niður
3 Brockovich handtekin
4 Bó sagður standa á bak við ofsóknir á hendur Leoncie
5 Ofurhugi í háska: „Það vissi enginn hvort hún væri lífs eða liðin“


„Ómissandi bók fyrir spennufíkla“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR MORGUNBLAÐIÐ


www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu



FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM - FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM - FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

Gerðu gæða- og verðsamanburð

RECOGNIZED FOR EXCELLENCE WOMEN CERTIFIED

Reverie®
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Fyrsta sending seldist strax upp!





- Hægt að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.

Frábær hönnun

- Glæsileg fjarstýring með standi.
- Tvær innstungur á baki til að hlaða farsíma, fartölvu o.fl.
- Einnig hægt að tengja borðlampa o.fl.

- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Val um dökkan eða ljósan lit í bólstrun

Frábært tilboð fyrir þá sem bíða eftir næstu sendingu

Kíktu á www.reverie.com

REVERIE 7S Supreme 2 x 90x200 cm
Verð áður kr. 569.900.-
**Verð nú kr. 499.900.-**

REVERIE 3E Essential 2 x 90x200 cm
**Verð kr. 399.900.-**





Saga / Freyja
Millistíf dýna Stíf dýna

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður lágbakstuðningur. Mýkra og betra axlasvæði. Þrýstijöfnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti.

| Stærð | Með PU leðurbotni stgr. |
|---|---|
| 153x203 | 144.900 kr. |
| 160x200 | 149.900 kr. |
| 180x200 | 169.900 kr. |
| 180x210 | 179.900 kr. |

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi
Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning.
Einnig úrval af heilsukoddum

*3.5% lántökugjald


Baldursnesi 6 - Akureyri


Listhúsið - Reykjavík

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa
Fimm stjörnu verslun
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum